MA ritgerð

Félagsfræði

„Ég hefði viljað vita“

Mikilvægi samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur

Ísól Björk Karlsdóttir

Ingólfur V. Gíslason
Október 2016

HÁSKÓLI ÍSLANDS
FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGS- OG MANNVÍSINDADEILD

„Ég hefði viljað vita“

Mikilvægi samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur

Ísól Björk Karlsdóttir

040572-4739

Lokaverkefni til MA-gráðu í félagsfræði

Leiðbeinandi: Ingólfur V. Gíslason

Október 2016

„Ég hefði viljað vita“ Mikilvægi samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur

Ritgerð þessi er lokaverkefni til MA gráðu í félagsfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Ísól Björk Karlsdóttir, 2016

Prentun: Háskólaprent
Reykjavík, Ísland, 2016

Útdráttur

Markmið rannsóknar minnar er að varpa ljósi á stöðu kvenna sem flytja frá löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) til Íslands og lenda í ofbeldissamböndum. Þær hindranir sem þær glíma við þegar þær reyna að koma sér úr aðstæðum ofbeldisins tengjast mjög vanþekkingu á nýju samfélagi. Megin rannsóknarspurning verkefnisins er hvort skynsamlegt sé að skylda innflytjendur til samfélagsfræðslu og hvernig slíkri fræðslu væri best háttað?

Við rannsóknina var eigindlegri aðferðafræði beitt. Gagna var aflað með viðtölum við sjö konur frá ýmsum löndum utan EES sem allar eiga það sameiginlegt að hafa búið við ofbeldi af hendi maka. Einnig voru tekin viðtöl við tvo sérfræðinga á sviði innflytjendamála, þær Sigurbjörgu Rut Hoffritz, lögfræðing hjá Útlendingastofnun og Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Eins og staðan er núna er ekki skyldubundin fræðsla fyrir innflytjendur sem flytjast hingað til lands þar sem upplýst er um þætti eins og þau lög er varða innflytjendur, hvaða úrræði og aðstoð eru í boði og hvert best sé að leita í neyðartilvikum. Íslensk stjórnvöld hafa þó lengi ítrekað að eitt mikilvægasta atriðið þegar kemur að aðlögun útlendinga og þátttökuskilyrðum í nýju samfélagi sé að tryggja þeim ítarlegar upplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi þeirra og skyldur.

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar eru að mikilvægt er að veita innflytjendum upplýsingar fljótlega eftir komu þeirra til landsins. Einangrun kvenna, vanþekking á nýju samfélagi og rangar upplýsingar sem oft eru fengnar í formi hótana frá ofbeldisfullum maka hafa hindrað konur frá því að nálgast aðstoð og upplýsingar. Þetta er mikilvægt að bæta. Tryggja þarf að konur þurfi ekki að reiða sig á upplýsingar, jafnvel rangar upplýsingar, frá mökum heldur búi sjálfar yfir mikilvægum upplýsingum um íslenskt samfélag, þau úrræði sem í boði eru og hvert þær geti leitað.

Abstract

My research objective was to examine the position of women who moved to Iceland from countries outside the European Economic Area (EEA) and ended up in abusive relationships. The obstacles they face when attempting to leave the abusive circumstances are to a great extent linked to their lack of knowledge about the new society, in which they now live. The main research question is the feasibility of making civic information, in some form, mandatory for all immigrants and furthermore, how best to reach these women.

This research used mainly qualitative methods. Data was collected in seven interviews with women from diverse countries outside the EEA, all of whom had been abused by their partner. Furthermore, two experts on immigration issues, Sigrún Rut Hoffritz, an attorney with The Directorate of Immigration, and Margrét Steinarsdóttir, attorney at the Icelandic Human Rights Office were also interviewed.

Currently there are no mandatory courses for immigrants that include information about local immigration laws, what resources and assistance is available and where to go for help in case of emergencies. Icelandic officials have repeatedly stated that the most important aspect of successful integration of immigrants and the key to participation in a new society, is that they be guaranteed detailed and thorough information about Icelandic society as well as information about their civic rights and duties.

The main conclusion of this research is that education for immigrants shortly after arrival in the country is imperative. The isolation of women and lack of knowledge about their new society, as well as misinformation in the form of threats from their abusive spouses, hinders women in seeking and receiving help and information. This must be improved. We must ensure that women are not forced to rely on information from spouses. They should instead have independent access to important information about Icelandic society, the resources available and where to find them.

Formáli

Ritgerð þessi er metin til 40 eininga af meistaraprófi við félagsfræði, með áherslu á margbreytileika, við Félagsvísindasvið Háskóla Íslands. Leiðbeinandi minn var Ingólfur V. Gíslason og fær hann bestu þakkir fyrir þolinmæði, góða leiðsögn og ráðleggingar.

Sérstakar þakkir vil ég færa þeim konum sem sýndu mér traust og gáfu sér tíma til að veita mér viðtal. Án þeirra þátttöku hefði þessi ritgerð aldrei orðið að veruleika. Ég vona innilega að ég hafi gert upplifun þeirra og skoðunum góð skil.

Vinna mín við ritgerðina hefur tekið lengri tíma en áætlað var í upphafi, eða um þrjú ár með hléum. Á þeim tíma hóf ég störf í Kvennaathvarfinu. Sannfæring mín um mikilvægi þessa rannsóknarefnis hefur aukist við að hafa starfað þar og kynnst aðstæðum þeirra innfytjendakvenna sem þangað hafa leitað.

Við vinnu rannsóknarinnar naut ég stuðnings frá Kvennaathvarfinu. Innilegar þakkir færi ég samstarfkonum mínum þar. Sérstakar þakkir fær Hildur Guðmundsdóttir fyrir ómetanlega aðstoð, yfirlestur og góðar ábendingar. Sérstakar þakkir fær einnig Katrín Holton Tómasdóttir fyrir að þýða íslenska útdráttinn yfir á ensku og Sonja M. Scott fyrir yfirlestur.

Að lokum vil ég þakka fjölskyldu minni fyrir stuðning, hvatningu og þolinmæði.

Efnisyfirlit

Útdráttur **3**
Abstract **4**
Formáli **5**
1 Inngangur **8**
1.1 Markmið og rannsóknarspurningar 9
2 Fræðilegur bakgrunnur **10**
2.1 Heimilisofbeldi 10
2.2 Innflytjendur á Íslandi 12
2.2.1 Innflytjendur í tölum 13
2.2.2 Réttarstaða innflytjenda 14
2.3 Femínísk fræði 16
2.3.1 Femínismi 16
2.3.2 Femínískar kenningar 18
2.3.3 Samtvinnun 20
2.4 Fjölmenning 21
2.5 Femínismi og fjölmenning 22
2.5.1 Menning 23
2.5.2 Margbreytileiki innflytjenda 24
2.6 Fyrri rannsóknir 25
2.6.1 Erlendar rannsóknir 26
2.6.2 Íslenskar rannsóknir 30
2.6.3 Börnin 34
2.7 Stefna stjórnvalda og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda 36
2.8 Samfélagsfræðsla 39
3 Aðferð og framkvæmd rannsóknar **44**
3.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir 44
3.2 Femínískar rannsóknir. 44
3.3 Gagnasöfnun og framkvæmd rannsóknar 45
3.4 Skráning og úrvinnsla gagna. 46
3.5 Siðferðileg álitamál 46
3.6 Takmarkanir rannsóknar 47
3.7 Bakgrunnur rannsóknarinnar og staða rannsakanda 47

3.8 Gildi rannsóknar 48
3.9 Viðmælendur 48

4 Niðurstöður 50

4.1 Upplýsingar fyrir og við komuna til Íslands 50
4.2 Hindranir og áskoranir við að koma sér úr ofbeldissambandinu 51

4.2.1 Upplýsingaleysi og rangar eða misvísandi upplýsingar. 52
4.2.2 Réttarstaða 53
4.2.3 Börnin 54
4.2.4 Hræðslan við að leita eftir aðstoð. 56

4.3 Úrræði og þekking og reynsla viðmælenda á þeim 57

4.3.1 Lögreglan 57
4.3.2 Kvennaathvarfið 60

4.4 Álit viðmælenda á samfélagsfræðsla 62

4.4.1 Mikilvægi fræðslu 62
4.4.2 Tillögur að uppbyggingu 63
4.4.3 Gagnlegar upplýsingar 68

5 Samantekt og umræður 71
Heimildaskrá 77
Fylgiskjal 1 84
Fylgiskjal 2 85
Fylgiskjal 3 87
Fylgiskjal 4 89

1 Inngangur

Heimilisofbeldi hefur í gegnum tíðina farið leynt en með aukinni umfjöllun og rannsóknum á þessu sviði hefur samfélagið allt í æ meira mæli haft aðgang að upplýsingum um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og látið sig varða mikilvægi forvarna og fræðslu. Heimilisofbeldi er útbreiddur samfélagsvandi og afleiðingar þess geta verið mjög alvarlegar. Einstaklingur sem beittur er ofbeldi getur orðið fyrir miklu sálrænu áfalli, þróað með sér áfallastreituröskun, kvíða, þunglyndi og sjálfsvígshugsanir. Einnig koma fyrir félagsleg vandamál svo sem að eiga erfitt með að treysta öðrum og lágt sjálfsmat. Að auki hefur komið í ljós að afleiðingar ofbeldis eru miklar á líkamlegt heilsufar þolenda (Erla Kolbrún Svavarsdóttir, 2010). Ofbeldið hefur því ekki aðeins áhrif á þann sem fyrir því verður heldur hafa afleiðingar þess áhrif á fjölskylduna og samfélagið allt.

Heimilisofbeldi á sér stað í öllum samfélögum og öllum fjölskyldumynstrum. Konur eru í yfirgnæfandi meirihluta þolendur og eru ofbeldismennirnir í flestum tilfellum núverandi eða fyrrverandi karlkyns makar (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds., 2010; Kimmel, 2002; Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir, 2015). Rétt er þó að taka fram að karlmenn í gagnkynhneigðum samböndum verða einnig fyrir ofbeldi kvenkyns maka sem og konur og karlar í samkynhneigðum samböndum. Þá má ekki gleyma að börn sem búa við heimilisofbeldi hljóta af því skaða hvort sem þau verða fyrir ofbeldinu sjálf eða verða vitni að því (Guðrún Kristinsdóttir, 2014).

Hér verður fjallað um aðstæður kvenna sem flytja til Íslands frá landi utan Evrópska efnahagssvæðisins (EES) í þeim tilgangi að hefja sambúð eða giftast maka sínum sem reynist vera ofbeldismaður. Allir eiga á hættu að verða fyrir heimilisofbeldi óháð þáttum eins og kynferði, kynþætti, þjóðerni, menntun, aldri, kynhneigð, stétt eða stöðu. Ýmsir hópar eru hinsvegar berskjaldaðri fyrir ofbeldinu og eiga erfiðara með að koma sér úr ofbeldissamböndum vegna efnahagslegra, félagslegra og lagalegra þátta. Innflytjendur eru einn þeirra hópa en auk allra þeirra þátta sem íslenskar konur í ofbeldissamböndum þurfa að glíma við, svo sem heilsufarslegar afleiðingar og ýmsar hindranir við að brjótast úr ofbeldissambandinu, glíma innflytjendakonur oft að auki við þætti eins og einangrun, lagalegar hindranir, fordóma og skort á upplýsingum og úrræðum (Crenshaw, 1991; Erez, Adelman og Gregory, 2009; Hildur Guðmundsdóttir, 2009; Menjívar og Salcido, 2002).

Ísland er fjölmenningarlegt samfélag og hefur innflytjendum fjölgað verulega hér á landi síðustu áratugi. Þann 1. janúar 2015 voru fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda samanlagt 10,0% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra (Hagstofa Íslands, 2015).

Margir innflytjendur ná að fóta sig vel í íslensku samfélagi og fá tækifæri til að verða virkir samfélagsþegnar. Þeir eru þó einnig margir sem standa höllum fæti í samfélaginu og það er brýnt að hugað sé að þeim hópi.

Ritgerð þessi skiptist í fimm hluta. Í fyrsta hluta kynni ég markmið rannsóknarinnar og rannsóknarspurningar. Annar hluti fjallar um þann fræðilega bakgrunn sem rannsóknin byggist á. Í þriðja hluta geri ég grein fyrir aðferðafræði og framkvæmd rannsóknarinnar. Í fjórða hluta verða niðurstöður rannsóknarinnar kynntar. Í fimmta hluta er samantekt heildarniðurstaðna og umræða.

1.1 Markmið og rannsóknarspurningar

Megin rannsóknarspurning verkefnisins er hvort skynsamlegt sé að skylda innflytjendur til samfélagsfræðslu og hvernig slíkri fræðslu væri best háttað?

Rannsóknin byggir á eigindlegri rannsóknaraðferð sem felst í viðtölum við sjö konur sem fluttu frá landi utan EES til Íslands og hófu sambúð með maka sem reyndist vera ofbeldismaður. Auk þess ræddi ég við Sigurbjörgu Rut Hoffritz, lögfræðing hjá Útlendingastofnun og Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

Þegar ég hóf rannsóknina lagði ég upp með ákveðnar spurningar. Mig langaði að skoða hvað konurnar teldu, sem innflytjendur, vera helstu hindranir við að komast út úr ofbeldissamböndum; hvaða upplýsingar þær hefðu haft um íslenskt samfélag áður en þær fluttu hingað til lands; hvaðan þær hefðu fengið upplýsingar; hvort þær vissu af ýmsum úrræðum sem þær hefðu þurft á að halda og hvort þær vissu hvert hægt væri að leita í neyðartilvikum. Til að mæta aðalmarkmiði rannsóknar minnar vildi ég eins og fyrr segir fá álit viðmælenda minna um hvernig þeim litist á að skylda innflytjendur til að sækja samfélagsfræðslu við komuna til íslands. Ég var forvitin um hvar og hvernig þær teldu best að slík fræðsla færi fram og hvaða upplýsingar þeim þætti mikilvægt að kæmu fram í slíkri fræðslu.

2 Fræðilegur bakgrunnur

Þessi hluti rannsóknarinnar skiptist í átta undirkafla. Hér er um femíníska rannsókn að ræða þar sem sjónarmið og reynsla kvenna er höfð að leiðarljósi. Ofbeldi karla gegn konum er versta birtingamynd kynjamisréttis. Í öllum samfélögum er valdbundin stigskipting þar sem ákveðnir hópar fólks njóta forréttinda fram yfir aðra sem tilheyra þá því sem oft er vísað í sem minnihlutahópar. Innflytjendakonur tilheyra minnihlutahópi í íslensku samfélagi. Eins og fram hefur komið í rannsóknum eru innflytjendakonur berskjaldaðri fyrir heimilisofbeldi og þær eiga erfiðara með að komast úr aðstæðum þess (Crenshaw, 1991; Erez og aðrir 2009; Menjívar og Salcido, 2002; Rannveig Sigurvinsdóttir og aðrir, 2015).

Í fyrsta kafla þessa hluta ritgerðarinnar mun ég fjalla um hugtakið heimilisofbeldi og birtingamyndir þess. Annar kafli fjallar um innflytjendur og þau lög og réttindi er sérstaklega varða innflytjendur á Íslandi sem hingað flytjast frá löndum utan EES. Margir þættir spila saman við að móta valdbundna stigskiptingu svo sem kynferði, kynhneigð, þjóðerni, kynþáttur og stétt. Í umræðu um innflytjendur, fjölmenningu og heimilisofbeldi er nauðsynlegt að fjalla um valdatengsl samfélagsins. Þriðji, fjórði og fimmti kafli þessa hluta ritgerðarinnar reifar nokkrar kenningar þar að lútandi. Sjötti kafli fjallar um fyrri rannsóknir, íslenskar og erlendar. Í sjöunda kafla er sjónum beint að stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda og þær tillögur sem settar hafa verið fram varðandi upplýsingamiðlun. Í áttunda kafla þessa hluta er farið yfir fræðsluefni ýmiskonar sem í boði er hér á landi fyrir innflytjendur og fjallað um aðgengi upplýsinga.

2.1 Heimilisofbeldi

Heimilisofbeldi hefur verið nefnt ýmsum öðrum nöfnum og misjafnt er hvaða skilningur er lagður í hugtakið. Samtök um kvennaathvarf skilgreina heimilisofbeldi þannig: ,,…þegar einn fjölskyldumeðlimur kúgar annan í skjóli friðhelgi heimilisins og tilfinningalegra-, félagslegrar- og/eða fjárhagslegrar bindingar" (Samtök um kvennaathvarf, 2009, bls. 5). Heimilisofbeldi er ekki einskorðað við heimilið þó í flestum tilvikum fari ofbeldið þar fram. Heimilisofbeldi á sér stað í öllum samfélögum og öllum fjölskyldumynstrum. Konur eru í yfirgnæfandi meirihluta þolendur og eru ofbeldismennirnir í flestum tilfellum núverandi eða fyrrverandi karlkyns makar (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds, 2010; Kimmel, 2002; Rannveig Sigurvinsdóttir

og aðrir, 2015). Það skal þó tekið fram að heimilisofbeldi getur átt sér stað í öllum samböndum, óháð kynferði eða kynhneigð fólks og geta gerendur og þolendur til dæmis verið maki, fyrrverandi maki, dóttir, sonur eða foreldri.

Birtingamyndir heimilisofbeldis eru nokkrar og getur ofbeldið einkennst af fleiri en einni tegund, til dæmis þegar líkamlegu ofbeldi er beitt samhliða andlegu ofbeldi. Dæmi um birtingamyndir ofbeldis eru eftirfarandi:

- Líkamlegt ofbeldi
- Andlegt ofbeldi
- Kynferðislegt ofbeldi
- Fjárhagslegt ofbeldi

Líkamlegt ofbeldi felst meðal annars í því að grípa í, berja, klípa, klóra, brenna, toga í hár, bíta, hrista, loka inni, varna útgöngu og jafnvel drepa. Ofbeldi af þessu tagi skilur oft eftir sig sjáanlega áverka. Algengt er að þeir áverkar séu á svæðum líkamans sem eru huldir svo sem brjóstum og kviðarholi. Líkamlegt ofbeldi er um leið alltaf andlegt ofbeldi. Algengt er að líkamlegu ofbeldi sé beitt í kjölfar andlegs ofbeldis sem hefur verið til staðar um tíma og svo stigmagnast (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Samtök um kvennaathvarf, 2009).

Andlegt ofbeldi skilur ekki eftir sig sjáanlega áverka og er því oft erfiðara að koma auga á og meðhöndla slíkt ofbeldi. Engu að síður er andlegt ofbeldi ekki síður skaðlegt en líkamlegt og skilur oft eftir sig djúp ör á sálinni. Andlegu ofbeldi má skipta niður í eftirfarandi undirflokka:

Einangrun. Ofbeldisaðilinn reynir að stjórna því hvern makinn má hitta eða tala við í síma. Hann heldur maka frá vinum og ættingjum og fylgir og sækir maka í erindagjörðum. Konan fær því sjaldnast tækifæri til að vera ein með öðrum en makanum og ef það gerist þá er hún yfirheyrð um þau samskipti í smáatriðum.

Tilfinningalegt ofbeldi. Hér reynir ofbeldisaðilinn að lítilsvirða með því til dæmis að segja konuna ljóta, heimska eða barnalega. Hann niðurlægir hana fyrir framan aðra, uppnefnir, gerir lítið úr og hæðist að henni. Hann reynir að telja henni trú um að hún sé geðveik og ásakar hana fyrir mistök sem hann sjálfur gerir.

Hótanir sem ofbeldisaðilar beita eru af ýmsum toga. Ofbeldisaðilar ógna eða hóta oft án orða með því að eyðileggja hluti eða með ákveðnum svipbrigðum og /eða hreyfingum. Sem dæmi um algengar hótanir má nefna hótun um að fyrirfara sér, hótun um að láta leggja konuna inn á geðdeild og hótun um að drepa hana eða börnin.

Andlegt ofbeldi getur verið mjög lúmskt. Markmiðið er að grafa undan sjálfsáliti konunnar með stöðugri gagnrýni og aðfinnslum, ásökunum eða hótunum. Sjálfsmynd konunnar og sjálfsvirðing er brotin niður og ofbeldisaðilinn nýtir sér það til að stjórna. Það getur því oft tekið langan tíma fyrir konur að átta sig á því að um andlegt ofbeldi er að ræða (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Samtök um kvennaathvarf, 2009).

Kynferðislegt ofbeldi birtist í mismunandi formi. Það getur til dæmis átt við þvingun til samræðis, þvingun til vændis, þvingun til áhorfs á klám eða annarra kynferðislegra athafna sem konan vill ekki. Kynferðislegt ofbeldi á einnig við um kynferðislegt áreiti, kynferðislegar athugasemdir, hótun um nauðgun og nauðgun (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Samtök um kvennaathvarf, 2009).

Fjárhagslegt ofbeldi felst meðal annars í því þegar ofbeldisaðili neitar konunni um peninga eða skammtar henni takmarkaða vasapeninga; segir ósatt um stöðu fjármála; bannar konunni að afla sér tekna eða tekur launin af henni; skráir á hana skuldir og hótar þá jafnvel að láta skuldirnar falla á hana yfirgefi hún sambandið (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Samtök um kvennaathvarf, 2009).

Hótanir ofbeldismanna sem beinast sérstaklega gegn innflytjendakonum felast meðal annars í að hindra konuna í að sækja tungumálanámskeið og í að hitta samlanda. Eyðileggja eða fela mikilvæg gögn eins og vegabréf, dvalarleyfisskírteini eða ökuskírteini og neyða hana til að skrifa undir pappíra eða lán sem eru á tungumáli sem hún ekki skilur. Brottvísun kvennanna úr landi er mjög algeng hótun sem konur hræðast og trúa oft á tíðum þar sem þær þekkja ekki réttarstöðu sína hér á landi (Hildur Guðmundsdóttir, 2009).

2.2 Innflytjendur á Íslandi

Í umræðu um innflytjendur og málefni þeirra er misjafnt hvaða merking er lögð í hugtakið innflytjandi. Hafa ber í huga að hugtök eru í sífelldri þróun. Sum þeirra fá neikvæða merkingu, jafnvel detta út úr almennri umræðu og önnur koma í staðinn. Oft er fjallað um innflytjendur og erlenda ríkisborgara á sama tíma en ekki er um sömu skilgreiningu að ræða. Erlendir ríkisborgarar á Íslandi flokkast sem innflytjendur en ekki eru allir innflytjendur

erlendir ríkisborgarar. Í þessari rannsókn er notast við skilgreiningu Hagstofu Íslands á innflytjenda (*e. immigrant*) sem er þannig: „Innflytjandi er einstaklingur sem er fæddur erlendis og á foreldra sem einnig eru fæddir erlendis, svo og báðir afar hans og báðar ömmur“ (Hagstofa Íslands, 2015).

2.2.1 Innflytjendur í tölum

Búferlaflutningur til Íslands hefur margfaldast á síðustu árum og kemur fólkið sem streymt hefur til landsins allsstaðar að úr heiminum. Upp úr aldamótunum 2000 fjölgaði erlendum ríkisborgurum á Íslandi mikið og var aukningin mest á árunum 2005-2008. Þessa fjölgun má rekja til skorts á vinnuafli á árunum fyrir hrun. Langflestir þeirra sem fluttu hingað til lands á þeim tíma voru karlmenn frá Póllandi sem komu til að vinna í byggingar- og iðnaðarstörfum og starfsgreinum þar sem illa gekk að ráða Íslendinga (Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir, 2012). Þeim störfum fækkaði töluvert eftir hrunið árið 2008 og um leið þeim innflytjendum sem sinntu þeim. Hlutfall karla og kvenna í hópi innflytjenda hefur jafnast mikið út síðustu ár (Ari Klængur Jónsson, 2013). Þann 1. janúar 2015 voru fyrsta og önnur kynslóð innflytjenda samanlagt 10,0% af mannfjöldanum og hefur það hlutfall aldrei verið hærra (Hagstofa Íslands, 2015).

Margar ástæður liggja að baki flutningum fólks milli landa og flytjast sumir til lengri tíma en aðrir til skemmri tíma. Margir flytja vegna vinnu eða náms. Ástæðurnar geta líka verið þær að fólk er í leit að betri lífsgæðum eða er að flýja aðstæður heimalandsins. Aldur, staða, menntun og kynferði eru meðal þeirra breyta sem hafa áhrif á hvort fólk ákveður að flytjast milli landa. Reynsla fólks af flutningunum er háð ástæðum þess. Sem dæmi þá er reynsla flóttafólks sem þarf á ýmsum neyðarúrræðum að halda allt önnur en reynsla þeirra sem flytja milli landa í þeim tilgangi að stunda nám. Þar af leiðandi eru margar ólíkar kenningar til sem leitast við að útskýra ferli búferlaflutninga. Engu að síður er mikilvægt að skoða ástæður að baki búferlaflutningum og þau áhrif sem þeir hafa á velferð allra íbúa. Einnig er mikilvægt að fylgjast með þróuninni þannig að hægt sé að bregðast hratt við varðandi ákvarðanir sem snúa að þjónustu til innflytjenda.

Langflestir innflytjendur setjast að á Íslandi vegna tengsla sinna við íslenska ríkisborgara eða erlenda ríkisborgara sem hafa fengið hér búsetuleyfi (Ríkisendurskoðun, 2015). Útlendingastofnun gaf út 2914 dvalarleyfi til einstaklinga utan EES árið 2014. Dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar er um helmingur þeirra og eru konur stærsti hluti þeirra

sem sækja um og fá útgefin dvalarleyfi. Flestir umsækjendur um dvalarleyfi eru frá Bandaríkjunum, Filippseyjum, Tælandi, Víetnam og Kína (Útlendingastofnun, e.d.). Vert er að taka fram að EES-borgarar sem hingað koma þurfa ekki að sækja um dvalarleyfi.

Það er oft erfitt fyrir einstaklinga og fjölskyldur að setjast að í nýju landi en mismunandi þættir eins og menntun, félagsleg tengsl, fjölskyldustaða, kyn og aldur hafa áhrif á hvernig einstaklingar aðlagast samfélaginu. Aðlögun innflytjenda er ekki síður háð samfélagslegum þáttum á borð við stefnu stjórnvalda. Þar sem fjölbreytileiki innflytjendahópsins er sífellt að aukast er mikilvægt að innflytjendur fái aðstoð til að aðlagast nýju samfélagi svo þeir geti orðið virkir þáttakendur (Félagsmálaráðuneytið, 2005; Menntamálaráðuneytið, 1997; Rauði Kross Íslands, 2006).

Konur sem flytja hingað til lands frá löndum utan EES í þeim tilgangi að hefja sambúð eða giftast íslenskum ríkisborgara er einn hópur innflytjenda sem þarf að huga að. Þær konur sem lenda í því að makinn reynist ofbeldismaður eiga sérstaklega á hættu að einangrast og það er einmitt sá hópur sem fjallað er um í þessari rannsókn.

2.2.2 Réttarstaða innflytjenda

Innflytjendur eru misréttháir á Íslandi og liggur munurinn í því hvort fólk flytji hingað frá löndum innan EES eða frá löndum utan þess svæðis. Í þessum kafla verður fjallað um réttindi og þau lög sem mestu varða stöðu þeirra kvenna sem flytja hingað til lands frá löndum utan EES og lenda í ofbeldissambandi.

Lög um útlendinga nr. 96/2002 fjalla um einstaklinga af erlendum uppruna sem ekki hafa íslenskan ríkisborgararétt. Þar kemur fram að ríkisborgarar utan EES ríkjanna þurfa að sækja um dvalarleyfi áður en þeir koma til landsins. Undantekningar eru á þessari reglu ef um er að ræða maka eða barn Íslendings. Útlendingastofnun tekur ákvörðun um dvalarleyfi og eru þau gefin út á grundvelli laga um útlendinga nr. 96/2002. Ekki gilda sömu reglur um einstaklinga innan eða utan EES. Svo framarlega sem fólk fær vinnu geta þeir sem koma frá löndum innan EES fengið dvalar- og atvinnuleyfi. Aðild Íslands að EES gerir þeim því kleift að sækja um leyfi á eigin forsendum. Þetta á hinsvegar ekki við um fólk utan EES (Lög um útlendinga nr. 96/2002).

Á meðal þeirra dvalarleyfa sem hægt er að sækja um er dvalarleyfi á grundvelli fjölskyldusameiningar. Þá er átt við aðstandendur íslensks ríkisborgara eða annars norræns ríkisborgara sem búsettur er hér á landi eða útlendings sem dvelst hér á landi á grundvelli

ákveðinna annarra dvalarleyfa eða á grundvelli búsetuleyfis. Nánustu aðstandendur eru maki, sambúðarmaki, börn eða ættingjar og er þá átt við ættingja þess sem sækir um eða maka hans og þarf ættinginn að hafa náð 66 ára aldri og hafa verið á framfæri þess sem búsettur er hér á landi í eitt ár. Grunnskilyrði fyrir dvalarleyfi er að umsækjandi sé búinn að fara í læknisskoðun innan tveggja vikna frá komu til landsins, skili inn sakarvottorði, ljósmynd, staðfestingu á framfærslu og húsnæði og sjúkratryggingu (Lög um útlendinga nr. 96/2002). Dvalarleyfið þarf svo að endurnýja á hverju ári. Þegar hjón eru ekki í samvistum, getur það leitt til afturköllunar dvalarleyfis. Skilnaður að borði og sæng leiðir til afturköllunar dvalarleyfis (Útlendingastofnun, 2016). Leyfi til að dvelja hér á landi er gefið þrátt fyrir sambúðarslit eða skilnað ef útlendingur er með búsetuleyfi eða hefur öðlast íslenskan ríkisborgararétt. Búsetuleyfi, sem felur í sér rétt til ótímabundinnar dvalar á Íslandi, er veitt eftir fjögurra ára samfellda dvöl í landinu. Útlendingur sem er í hjúskap með íslenskum ríkisborgara og hefur búið með honum hér á landi getur eftir þrjú ár sótt um búsetuleyfi og í framhaldi af því, íslenskan ríkisborgararétt. Skilyrði fyrir veitingu búsetuleyfis eru meðal annars þau að útlendingur hafi sótt námskeið í íslensku og að hann geti sýnt fram á að framfærsla hans hafi verið trygg. Greiðslur í formi félagslegrar aðstoðar teljast ekki til tryggrar framfærslu en tekið er fram að heimilt sé að víkja frá þessu skilyrði ef framfærsla hefur verið ótrygg um skamma hríð og ef ríkar sanngirnisástæður mæla með því (Lög um útlendinga nr. 96/2002).

Árið 2008 var nýju ákvæði bætt við lög um útlendinga. Ákvæðið veitir útlendingum heimild til að dveljast áfram hér á landi í tilteknum tilfellum þrátt fyrir að forsendur leyfisins hafi brostið vegna slita á hjúskap eða sambúð. Útlendingurinn fær þá endurnýjun á dvalarleyfi fyrir aðstandanda þrátt fyrir að hann teldist strangt til tekið ekki lengur til aðstandanda. Samkvæmt ákvæði þessu er Útlendingastofnun heimilt að veita dvalarleyfi ef misnotkun eða ofbeldi hafa átt sér stað gagnvart útlendingnum eða barni hans. Þetta er þó skilyrðum háð, fer eftir lengd hjúskapar og krefst sönnunargagna eins og orðalagið gefur til kynna: „...þegar sérstaklega stendur á og ríkar sanngirnisástæður mæla með...” (Þingskjal 1299/2008). Tekið er fram að ekki sé hægt að gera strangar kröfur um sönnunarbyrði en auk framburðar viðkomandi eru lækna eða lögregluskýrslur, staðfesting frá Kvennaathvarfi eða önnur vottorð til þess fallin að mæla með útgáfu dvalarleyfis á grundvelli þessa ákvæðis (Þingskjal 1151/2007-2008).

Ákvæði þetta felur í sér mikla réttindaaukningu fyrir þá útlendinga sem lenda í aðstæðum heimilisofbeldis. Það sjónarmið sem bjó að baki ákvæðinu var enda að reyna að koma í veg fyrir að útlendingar teldu sig knúna til að vera áfram í hjónabandi eða sambúð, þrátt fyrir ofbeldisaðstæður, eingöngu til að geta haldið dvalarleyfi sínu. Þetta gefur því konum möguleika á að komast úr aðstæðunum án þess að þurfa að búa við þann ótta að vera vísað úr landi. Gallinn er þó sá að þeir sem hafa enga fræðslu fengið vita ekki af ákvæðinu. Rannsóknir hafa sýnt að ofbeldismenn hóta oft erlendum maka sínum því að við skilnað verði þeim strax vísað úr landi (Bui, 2003; Hildur Guðmundsdóttir, 2009; Ting og Panchanadeswaran, 2009). Eins og fram hefur komið þarf sannanir fyrir því að útlendingurinn eða/og börn hans hafi búið við ofbeldi. Vandmálið er aftur, að án fræðslu, án vitneskju um lögin og úrræðin í samfélaginu þá vita konur ekki hvert þær eiga að leita og hvert óhætt er að leita. Eins og rannsóknir sýna þá er einangrun innflytjendakvenna mikil hindrun. Þær þekkja ekki samfélagið né rétt sinn. Margar konur eiga því erfitt með að nálgast úrræði, vita ekki af þeim jafnvel eða hafa ekki kjark til að leita þeirra. Margar þeirra eru algjörlega háðar eiginmanninum og reiða sig á allar upplýsingar frá honum. Það getur því orðið flókið fyrir útlendinga sem tala ekki tungumál hins nýja samfélags og hafa engar upplýsingar fengið við komuna til landsins að útvega vottorð sem staðfesta ofbeldið (Crenshaw, 1991; Menjivar og Salcido, 2002). Ítarlegar verður fjallað um þessi atriði hér í kaflanum um fyrri rannsóknir.

2.3 Femínísk fræði

Rannsóknin byggir á reynslu og viðhorfum kvenna sem hafa flutt til Íslands og búa eða hafa búið við heimilisofbeldi. Aðstæður þessa hóps eru ræddar og viðhorf þeirra til mikilvægis upplýsinga um íslenskt samfélag, úrræði og hvert hægt er að leita í neyðartilvikum. Femínísk fræði gagnrýna ríkjandi ástand og gildismat og þau öfl sem viðhalda valdamisræmi og undirokun (Þorgerður Einarsdóttir, 2004). Femínísk nálgun felst í því að sjónarmið, upplifun og reynsla kvenna eru höfð að leiðarljósi. Í öllum samfélögum er fólk greint eftir kyni og því mikilvægt að skoða hvernig kyn ásamt öðrum þáttum eins og til dæmis þjóðerni og stétt hefur áhrif á stöðu fólks, völd og tækifæri.

2.3.1 Femínismi

Hugtakið femínismi inniber mismunandi hugmyndir sem þó byggja allar á sama grunni, baráttu fyrir mannréttindum kvenna og jöfnum rétti þeirra á við karla. Innan ramma

femínismans rúmast fjölmargar skilgreiningar, sjónarhorn og kenningar og hefur stefnan tekið breytingum og þróast í gegnum tíðina.

Hugtakið feðraveldi (*e. patriarchy*) eða kynjakerfi hefur verið áberandi í femínískri umræðu um heimilisofbeldi. Í grein sinni „Kynjakerfið - úrelding í augsýn eða viðvarandi kynjahalli“ vitnar Þorgerður Einarsdóttir (2006), í skilgreiningu breska félagsfræðingsins Silviu Walby á hugtakinu sem „félagslegt yfirráðakerfi þar sem karlar njóta góðs af kerfisbundinni undirskipun kvenna“ (bls. 445). Þar hefur hún einnig eftir Walby að mikilvægt sé að fjalla um kynjakerfið sem félagslegt og kerfislægt mynstur þar sem því fari fjarri að hver einasti karlmaður hafi yfirráð í krafti kyns síns og hver einasta kona sé undirskipuð vegna kyns síns.

Walby talar um að kynjakerfið sé borið uppi af sex meginsviðum: Í fyrsta sviðinu, atvinnulíf, birtast yfirráð karla í óútskýrðum launamun og kynskiptum vinnumarkaði þar sem konur eru í miklum minnihluta í stjórnunarstörfum. Annað sviðið er heimili og bendir hún þar á að enn bera konur meiri ábyrgð en karlar á heimili og uppeldi barna. Þriðja sviðið sem hún fjallar um er menningin þar sem ýktar staðalímyndir karlmennsku og kvenleika birtast okkur í dægurmenningunni, til dæmis í fjölmiðlum, sjónvarpsþáttum og auglýsingum. Fjórða sviðið er kynverund þar sem hún meðal annars fjallar um hvernig áherslan á gagnkynhneigð ýti undir ríkjandi viðmið karlmennsku. Kynverund og kynlíf er mótað af menningu og samfélagi þar sem undirgefni er greypt í kynverund kvenna og yfirráð í kynverund karla. Í fimmta lagi nefnir Walby ofbeldi sem enn eina uppsprettu kynjaðs valds þar sem karlar eru í miklum meirihluta gerendur og konur þolendur. Með ofbeldi á Walby við nauðganir, kynferðislega áreitni, ofbeldi í nánum samböndum og kynferðislegt ofbeldi gegn börnum. Samkvæmt Walby er ofbeldi karla gegn konum félagsleg afurð sem ekki er hægt að skilja án þess að greina það út frá kynjakerfinu. Kynjað vald hjá ríkinu segir Walby aðallega birtast í valdamisræmi á milli kynjanna þar sem karlar eru mun oftar í áhrifameiri stöðum en konur (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

Þó sviðin sex séu tiltölulega sjálfráð segir Walby þau þó tengjast innbyrðis og vera bæði styrkjandi og útilokandi hvert við annað. Sem dæmi segir Walby svið ofbeldis og ríkisvalds tengjast og styrkja hvert annað með aðgerðaleysi ríkisvaldsins gagnvart kynbundnu ofbeldi. Misjafnt er þó eftir löndum, menningarsvæðum og tímaskeiðum hversu vinsamlegt eða fjandsamleg ríkið er konum. Öll þessi svið segir Walby uppsprettu yfirráða sem þó séu mismunandi sterk á mismunandi stöðum og tímaskeiðum (Þorgerður Einarsdóttir, 2006).

2.3.2 Femínískar kenningar

Ég skilgreini mig sem femínista og hef því valið mér sjónarhorn femínisma í umfjöllun minni um heimilisofbeldi. Femínískar kenningar leggja áherslu á kynjuð valdatengsl í gagnkynhneigðum samböndum. Þeir sem aðhyllast femínískar kenningar um heimilisofbeldi gera sér grein fyrir því að konur beiti einnig karla ofbeldi en líta svo á að ofbeldi kvenna gegn körlum sé þó ekki sambærilegt að umfangi eða hvað afleiðingar varðar og ofbeldi karla gegn konum (Ingólfur V. Gíslason, 2008; Johnson, 2005; Kimmel, 2002).

Femínískir fræðimenn eru ekki á eitt sáttir um hvaða kenning sé best til þess fallin að útskýra og tengja við umræðuna um heimilisofbeldi. Umræðan síðustu ár hefur að mestu snúist í kringum róttækan femínisma annarsvegar og hinsvegar póstmódernískan femínisma (Damant, Lapierre, Kouraga, Fortin, Brabant, Lavergne og Lessard, 2008). Kenningin um samtvinnun (*e. intersectionality*) hefur einnig fengið aukna umfjöllun og er af mörgum talin best til þess fallin að auka skilning á aðstæðum kvenna sem búa við heimilisofbeldi (Crenshaw, 1991; Damant og aðrir, 2008; Erez og aðrir, 2009).

Róttækir femínistar komu fram á sjónarsviðið í kringum 1960. Þeir lögðu áherslu á að konur væru kúgaðar á grundvelli kyns síns og að rætur kynjamismunar lægju djúpt í samfélagsgerðinni. Slagorð þessarar bylgju var „hið persónulega er pólitískt“ sem meðal annars vísar í það að persónulegt frelsi kvenna krefjist pólitískrar baráttu. Samkvæmt róttækum femínisma einkennist þjóðfélagið af karlaveldi og í brennidepli var baráttan gegn kynbundnu ofbeldi, staðalmyndum og klámi og misrétti á heimili og vinnustöðum (Þorgerður Einarsdóttir, 2004).

Póstmódernískar kenningar hafna einum ráðandi sannleik og leggja áherslu á að ekki eigi að alhæfa um reynslu kvenna. Samkvæmt póstmódernískum femínistum er kynferði ekki fast eða óhagganlegt heldur í sífelldri mótun. Væntingar til kynjanna eru ólíkar í samfélaginu og einstaklingurinn endurtekur sífellt ákveðna hegðun eða gjörðir í takt við þær væntingar (Ebert, 1991). Póstmódernískir femínistar líta á félagsleg vandamál, svo sem heimilisofbeldi, sem óstöðug og mótuð í orðræðu og að þau verði að skoða í sögulegu og menningarlegu samhengi (Damant og aðrir, 2008).

Póstmódernískir femínistar hafa gagnrýnt hugmyndir róttækra femínista og segja kenningu þeirra um feðraveldið byggða á grunni eðlishyggju og algildishyggju. Eðlishyggja felur í sér sterkar hugmyndir um tvíhyggju. Kvenmaður og karlmaður eru samkvæmt því

sjónarhorni andstæðupör. Alhæft er um eiginleika eins og að konur séu frá náttúrunnar hendi umhyggjusamar, saklausar og tilfinninganæmar en karlar sjálfstæðir og harðir af sér (Ebert, 1991). Algildishyggja felur í sér að hægt sé að ganga að ákveðnum sannindum vísum, eins og alhæfingum um eiginleika kvenna og karla (Alsop, Fitzsimons og Lennon, 2002).

Gagnrýni póstmódernískra femínista á róttæka femínista snýst að miklu leyti um það að þeim finnst of mikil áhersla lögð á muninn milli karla og kvenna og að ónægri athygli sé því beint að muninum milli kvenna annarsvegar og muninum milli karla hinsvegar. Sú hugmynd að tala um „allar konur“ og „ alla karla“ er gagnrýnd og hafa sumir fræðimenn jafnvel andæft þessari flokkun „konur“ og „karlar“. Þeir hafa einnig gagnrýnt hugmyndir róttækra femínista á valdahugtakið, að þær ýti undir staðalímyndir kvenna sem ósjálfbjarga fórnarlömb. Flæði valds er samkvæmt þeim snúnara en svo að hægt sé að tala um fastmótaðar hugmyndir um stigveldi. Ekki sé gert ráð fyrir mismunandi valdastöðu kvenna í hinum ýmsu mismunandi aðstæðum og á misjöfnum tíma. Konur geta sem dæmi verið fórnarlömb í sambandi sínu við eiginmann en geta svo á sama tíma verið í valdastöðu gagnvart til dæmis barni sínu eða heimilishjálpinni. Þessar mismunandi valdastöður geta svo breyst með tímanum, börnin vaxa úr grasi og starfsfólk kemur og fer (Damant og aðrir, 2008; Ebert, 1991).

Eins og fræðimenn hafa bent á þá er mikilvægt að vera meðvitaður um það að konur eru ólíkar, það er engin ein rétt skilgreining á kvenleika eða karlleika. Hinsvegar bitni þessi ofuráhersla póstmódernískra femínista á það hversu ólíkar konur séu, á umræðunni um það sem konur eiga sameiginlegt og þá á baráttu þeirra fyrir hagsmunum hópsins. Eins og Þorgerður Einarsdóttir (2004) spyr í umfjöllun sinni um gagnrýni á póstmódernískan femínisma: „Ef enginn sannleikur er til, á hverju byggist þá réttmætiskrafa femínismans?“ (bls. 225).

Margir fræðimenn hafa bent á og fjallað um að til að öðlast skilning á aðstæðum innflytjendakvenna sem búa við heimilisofbeldi sé kenningin um samtvinnun (*e. intersectionality*) sú kenning sem best henti þeirri umræðu. Ástæðu þess segja þeir vera að ólíkt póstmódenískum kenningum sem einblína á mismun milli kvenna, þ.e. hversu ólíkar konur séu, þá er áherslan í kenningunni um samtvinnun á margbreytileika kvenna. Litið er á konur sem hóp sem hafi sameiginlegra hagsmuna að gæta en ítrekað mikilvægi þess að gera ráð fyrir öðrum ólíkum þáttum sem móti sjálfsmynd kvenna og sem geti breytt miklu um reynslu þeirra og upplifun (Damant og aðrir, 2008; Erez og aðrir, 2009; Sokoloff og Dupont

2005). Mikilvægt er að vera meðvitaður um margbreytileika fólks en það má samt ekki gleyma því sem annarsvegar konur eiga sameiginlegt og hinsvegar karlar, sem og því sem er ólíkt milli karla og kvenna sem tveir félagslegir (frekar en líffræðilegir) hópar. Þeir femínistar sem aðhyllast kenninguna um samtvinnun eru meðvitaðir um tilvist marglaga kerfis kúgunar (*e. multiple systems of oppression*) svo sem feðraveldi, kynþáttafordóma, kapítalisma og gagnkynhneigðarhyggju (*e. heterosexism*). Þeir telja brýnt að í umfjöllun um ofbeldi gegn konum, hugi rannsakendur að því hvaða þættir hafi áhrif á reynslu þeirra kvenna sem tilheyra minnihlutahópi samfélagsins (Damant og aðrir, 2008).

2.3.3 Samtvinnun

Kenningin um samtvinnun (*e. intersectionality*) sem var sett fram af Kimberlé Crenshaw árið 1989 hjálpar fólki við að gera sér grein fyrir því hvernig margir þættir sjálfsmyndar vinna saman þegar kemur að mismunun og kúgun eða rétti fólks og tækifærum. Samtvinnunar hugtakið snýst um samböndin milli félags- og menningarlegra þátta og sjálfsmyndar fólks og varpar ljósi á þá staðreynd að félagsleg vandamál fólks og mismunun eru búin til því þau gerast í sögulegu, pólitísku og menningarlegu samhengi. Þar af leiðandi er ekki hægt að aðskilja þau þáttum eins og til dæmis stétt, kynhneigð, aldri, fötlun, kynþætti og þjóðerni (Crenshaw, 2003; Erez og aðrir, 2009; Freedman, 2002). Þrátt fyrir að karlmenn njóti forréttinda í flestum samfélögum er nauðsynlegt að taka fram að í öllum samfélögum eru konur sem njóta forréttinda fram yfir aðrar konur, og karlmenn, til dæmis vegna þeirrar stéttar eða þjóðernis sem þær tilheyra. Af þessum ástæðum er mikilvægt að taka inn alla þá þætti sem spila saman við að móta valdbundna stigskiptingu. Með því að líta framhjá þessum þáttum og einblína einungis á hugtakið kona, þá ýtum við undir ójöfnuð og mismunun og það kemur til með að bitna á öllu fólki. Það er ekki nóg að spyrja: „Hvað með konur?" heldur þurfum við að bæta við: Hvaða konur? Hverju breyta hugmyndir okkar um þætti eins og kynþátt, kynhneigð, þjóðerni eða stétt? (Freedman, 2002, bls. 8).

Innflytjendastaða er einn þeirra þátta sem mótar sjálfsmynd kvenna og upplifun þeirra á heimilisofbeldi. Ýmsir fræðimenn hafa í rannsóknum sínum og umfjöllun um kenninguna um samtvinnun tekið fyrir þátt innflytjendastöðu og hvernig hún mótar reynslu kvenna af heimilisofbeldi, viðbrögð þeirra og aðgengi að úrræðum (Crenshaw, 2003; Erez og aðrir, 2009; Sokoloff og Dupont, 2005).

Í rannsókn sem byggir á viðtölum við 137 innflytjendakonur sem fluttust til Bandaríkjanna frá 35 löndum kom í ljós að konurnar áttu margt sameiginlegt vegna stöðu sinnar sem innflytjendur í aðstæðum heimilisofbeldis. Höfundar segja að þrátt fyrir mikilvægar framfarir og bættar aðgerðir varðandi til dæmis lagasetningu og þjónustuúrræði fyrir innflytjendur þá mæti innflytjendur áfram töluverðum kerfislægum hindrunum (*e. structural barriers*) í leit sinni að öryggi (Erez og aðrir, 2009). Ítarlegar verður farið í þá umfjöllun hér á eftir í kaflanum um fyrri rannsóknir.

2.4 Fjölmenning

Þegar talað er um fjölmenningarlegt samfélag er skilgreiningin yfirleitt á þá leið að átt sé við samfélag fólks af ólíku þjóðerni, með ólíka menningu og trú. Fólk sem búi yfir ólíkri hæfni og reynslu en litið sé á mismunandi viðhorf og lífsmáta á jákvæðan hátt (Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir, 2007).

Fjölmenning er vítt hugtak og oft getur reynst erfitt að átta sig á því til hvers hugtakið vísar hverju sinni enda felst engin ein rétt merking í hugtakinu. Mörg önnur hugtök móta fjölmenningarlega umræðu. Til greiningar á því hvernig innflytjendur aðlagast nýju samfélagi hafa eftirfarandi hugtök verið áberandi í umræðunni:

- Samlögun (*e. assimilation*)
- Samþætting (*e. integration*)
- Aðskilnaður (*e. separation*)
- Einangrun (*e. isolation*)

Samlögun er þegar innflytjandi lagar sig að tungumáli og menningu nýja landsins og segir algjörlega skilið við eigin menningu og tungumál. **Samþætting** er þegar innflytjendur leitast við að tileinka sér menningu og tungumál nýja landsins án þess að segja skilið við sína eigin. Þeir einstaklingar öðlast þannig færni í tveimur menningarheimum. **Aðskilnaður** er þegar einstaklingar aðlagast ekki, búa á afmörkuðum svæðum og lúta undirokun meirihlutans. **Einangrun** er þegar einstaklingur myndar engin tengsl við hin nýju menningu, missir einnig tengsl við sína gömlu, og einangrast þar af leiðandi.

Í Skýrslu nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi (2005) er tekið fram að samþætting hljóti alltaf að vera markmið heildstæðrar stefnu í málefnum innflytjenda í lýðræðisþjóðfélögum (Félagsmálaráðuneytið, 2005).

Í þingsályktun um framkvæmd stefnu ríkisstjórnarinnar í aðlögun innflytjenda frá árinu 2007 er mikilvægi samþættingar ítrekað en notast er við hugtakið gagnkvæm aðlögun í stað samþættingar: „Íslenskt samfélag hefur alla möguleika til að vera í fararbroddi hvað varðar farsæla og gagnkvæma aðlögun þeirra sem eru í landinu og nýrra íbúa af erlendum uppruna“ (Þingskjal 1226/2007-2008, bls. 7). Þá er tekið fram það markmið að:

> ... allir sem hér búa hafi jafna möguleika til að taka þátt í samfélaginu, njóti gæða þess og réttindarverndar og leggi sitt af mörkum til þess. Til þess að svo megi verða þurfa stjórnvöld, stofnanir, atvinnulíf, sveitarfélög, menningarstofnanir, félagasamtök, landsmenn og innflytjendur sjálfir að taka höndum saman (Þingskjal 1226/2007-2008, bls. 7).

Þrátt fyrir mikilvægi fjölmenningarhugtaksins sem felst meðal annars í því að með vísun í það sé á jákvæðan hátt verið viðurkenna fjölbreytileika og að með nýjum þegnum eigi breytingar sér stað hefur hugtakið einnig verið umdeilt og notkun þess gagnrýnd. Kristín Loftsdóttir og Unnur Dís Skaptadóttir hafa bent á hvernig menningar hugtakið hafi oft verið notað til að útskýra hegðun þeirra sem ekki eru vestrænir, hegðun sem litið er á sem frávik skynsamlegrar hegðunar. Hafa verður í huga að menning er aldrei stöðug heldur sífellt breytileg og hún er félagsleg og söguleg afurð (Kristín Loftsdóttir, 2003; Unnur Dís Skaptadóttir, 2004).

Í gegnum hugtakið menning hafa ákveðnir minnihlutahópar óskað eftir auknum réttindum. Hugmyndum fræðimanna um hvaða hópar ættu að fá sérréttindi, hvort þau stuðli að jöfnuði og hversu langt eigi að ganga í þeim efnum ber ekki alltaf saman. Eins og Kristín Loftsdóttir hefur bent á byggist tilvísun í menningu og hefðir á tengingu við kyngerða þætti. Hún veltir upp þeirri spurningu hvernig hægt sé að fjalla um minnihlutahópa og benda á valdamisræmi, án þess að draga upp mynd af óvirkum fórnarlömbum og gera lítið úr þeim sem virkum gerendum í eigin lífi. Staða kvenna er sérstaklega viðkvæm hvað þetta varðar (Kristín Loftsdóttir , 2003).

2.5 Femínismi og fjölmenning

Fræðimenn hafa deilt um samrýmanleika femínisma og fjölmenningar. Árið 1997 birtist grein í tímaritinu *Boston Review* eftir bandarískan femínista, Susan Moller Okin. Ritgerðin bar

titilinn „Is Multiculturalism bad for Women?“ Titill þessi í spurningaformi vakti mikla athygli og viðbrögð margra. Ritgerð Okin var síðan gefin út í bók, sem ber sama titil, þar sem fimmtán fræðimenn leitast við að svara þessari spurningu hennar. Samkvæmt Okin getur fjölmenning ógnað kvenfrelsi og hugmyndum um jafnrétti kynjanna.

Okin gagnrýnir það að sumir hópar fái að njóta ákveðinna sérréttinda á grundvelli menningar þeirra í tilvikum þar sem þau brjóta í bága við frelsi og sjálfsvirðingu kvenna. Af þeirri ástæðu segir hún fjölmenningu og femínisma að mörgu leyti ósamræmanleg. Máli sínu til stuðnings fjallar Okin um kröfur sem hópar hafa lagt fram sem flestar snúa að athöfnum þar sem traðkað er á rétti kvenna eða þær kúgaðar vegna þeirra hefða sem ríkja innan hópsins. Hún tekur sem dæmi þegar franska ríkið, í kringum 1980, veitti karlkyns innflytjendum leyfi til að koma með margar eiginkonur til landsins. Þegar fjölmiðlar tóku viðtal við eiginkonurnar kom í ljós að konunum þótti óbærilegt að búa í fjölkvæni. Þröngur húsakostur og skortur á næði leiddi til óvildar, gremju og jafnvel ofbeldis, bæði milli eiginkvennanna og gegn börnunum. Sem dæmi um aðferðir karla til að stjórna konum telur hún einnig upp umskurð kvenna, heiðursmorð og þann sið sem sumsstaðar viðgengst að neyða konur til að giftast nauðgara sínum í þeim tilgangi að vernda heiður fjölskyldunnar. Okin bendir á að í flestum tilfellum eru forystumenn og talsmenn hópanna karlar. Þar sem konur og karlar innan hópanna hafa ólíkra hagsmuna að gæta sé því óásættanlegt að karlar komist upp með að tala fyrir hópinn og kúga þannig kvenmenn í skjóli siða og hefða (Okin, 1999).

Margir taka undir með Okin, aðallega það sjónarmið að kröfur ýmissa hópa geta auðveldlega skarast á við réttindi þeirra kvenna sem tilheyra hópnum. Rangt sé því að veita hópréttindi sem miða að því að varðveita hefðir og menningu nema öruggt sé að þau réttindi ýti ekki undir kúgun kvenna innan hópsins. Aðrir gagnrýna skrif Okin og benda meðal annars á að með því að stilla fjölmenningu og femínisma upp sem andstæðum er gert ráð fyrir því að femínismi meti ekki réttindi minnihlutahópa og að fjölmenning geri ekki ráð fyrir rétti kvenna. Sú uppstilling gefur í skyn að konur séu fórnarlömb eigin menningar og að reynsla kvenna og upplifun mótist eingöngu af kynferði þeirra en ekki öðrum þáttum.

2.5.1 Menning

Umfjöllun Okin um hugtakið menning er áberandi í gagnrýninni um skrif hennar sem og tilhneiging hennar til að stilla innflytjendum og þriðja heims konum upp sem „hinum“ og sem

fórnarlömbum sem hafa ekkert val. Eins og Leti Volpp (2001) bendir á þá ríkja bæði kynþáttafordómar og konum er mismunað í samfélögum sem tilheyra Vesturlöndum. Þar eru það einnig oft karlar sem tala fyrir hópinn. Heimilisofbeldi er alþjóðlegt vandamál sem á sér stað í öllum samfélögum. Það er ekki einskorðað við ákveðin menningarsamfélög. Oft er þó litið svo á að kynbundið ofbeldi sem á sér stað í vestrænum ríkjum endurspegli gjörðir ákveðinna ofbeldisfullra einstaklinga. Aftur á móti er ofbeldi í samfélögum innflytjenda og þeirra sem tilheyra þriðja heiminum oft tengt við menningarhugtakið (Volpp, 2001). Í vestrænum ríkjum hefur verið gripið til menningarhugtaksins til að útskýra eða jafnvel réttlæta ofbeldi sem á sér stað í fjölskyldum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum samfélagsins. Afskiptaleysi og virðing fyrir ákveðnum hefðum minnihlutahópa bitnar oft á þeim konum sem tilheyra hópnum. Sarah Song (2005) tekur sem dæmi hvernig kínverskur innflytjandi komst upp með morð á eiginkonu sinni. Þegar Dong Lu Chen hafði búið í New York í eitt ár komst hann að framhjáhaldi eiginkonunnar. Nokkrum vikum síðar barði hann eiginkonuna og drap síðan. Þrátt fyrir að hafa játað á sig morðið slapp hann með fimm ára skilorðsbundinn dóm. Chen slapp alveg við fangelsisvist á þeim forsendum að ofbeldi gagnvart ótryggum mökum væri algengt í menningu Kínverja (Song, 2005, bls. 473). Í þessu tilfelli var ofbeldið réttlætt með vísan til menningar (*e. cultural defense*). Katha Pollit (1999) hefur einnig fjallað um dæmið hér að ofan þar sem hún bendir á að það myndi lítið þýða fyrir Ítala eða Rússa að reyna að réttlæta ofbeldi sitt á þennan hátt. Ástæðuna fyrir því segir hún vera tengingu fjölmenningar hugtaksins við hinn svokallaða þriðja heim (Pollit, 1999).

2.5.2 Margbreytileiki innflytjenda

Kenningin um samtvinnun er mikilvæg í umræðunni um femínisma og fjölmenningu og í tengslum við innflytjendur og heimilisofbeldi því eins og Sokoloff og Dupont (2005) benda á þá eru innflytjendur af ólíku þjóðerni og þeir hafa ólíkan bakgrunn og viðhorf. Þess vegna er mikilvægt að veita því athygli hvað Okin eigi við þegar hún fjallar um menningu og gera sér grein fyrir því að menning er breytileg en ekki staðnað fyrirbæri. Innflytjendur eru fjölbreyttur hópur og hver og einn tekur þátt í fleiri en einni menningu. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir þeim ólíku þáttum sjálfsmyndar kvenna sem móta upplifun þeirra og viðbrögð í aðstæðum heimilisofbeldis, það er ekki hægt að aðskilja kynferði og þjóðerni til dæmis. Eins og farið verður nánar í hér í kaflanum um fyrri rannsóknir mæta innflytjendakonur ýmsum hindrunum á leið sinni úr aðstæðum ofbeldis. Viðhorf sumra kvenna til ofbeldis sem

einkamál fjölskyldunnar og skömmin við að opinbera ofbeldið og setja þar með svartan blett á fjölskylduna reynist konum oft hindrun (Bui, 2003; Erez og aðrir, 2009; Liang, Goodman, Tummala-Narra og Weintraub, 2005; Ting og Panchanadeswaran, 2009). Hræðslan við fordóma og óvissan um viðbrögð opinberra aðila gerir það að verkum að konur geta óttast það að taka skrefið í leit að aðstoð og að þeim úrræðum sem nýja samfélagið býður (Bui, 2003). Áhersla á menningarhugtakið getur haft mjög neikvæðar afleiðingar fyrir innflytjendakonur í aðstæðum ofbeldis sem og fyrir alla þá sem tilheyra meirihluta samfélagsins og sem vilja vinna gegn heimilisofbeldi. Það getur orðið til þess að þeir sem tilheyra meirihluta samfélagsins geri minna úr ofbeldinu, afsaki það á einhvern hátt í tengslum við menningu landsins og það geti þar af leiðandi haft áhrif á viðhorf, viðbrögð og jafnvel aðgerðir gegn heimilisofbeldi á meðal innflytjenda (Adelman, Erez og Kevorkian, 2003).

Hér áður fyrr var fullkominnar aðlögunar krafist af fólki sem settist að á nýjum stað. Ætlast var til þess af minnihlutahópum að láta af sínum þjóðareinkennum og laga sig þess í stað að menningu nýja landsins. Í dag er hinsvegar áherslan um gagnkvæma aðlögun ríkjandi þar sem innflytjendur eru hvattir till að tileinka sér menningu hins nýja lands án þess að segja skilið við sína eigin (Félagsmálaráðuneyti, 2007). Gagnkvæm aðlögun felur í sér að samfélagið rúmi mismunandi lífsviðhorf og lifnaðarhætti svo lengi sem þau fela ekki í sér skerðingu á réttindum einstaklinga innan hópsins. Íslensk stjórnvöld hvetja til gagnkvæmrar aðlögunar (Félagsmálaráðuneyti, 2005) Fræða þyrfti innfædda og innflytjendur um í hverju gagnkvæm aðlögun er fólgin. Þau skilaboð að ofbeldi í hvaða formi sem er verður ekki liðið þurfa að ná til allra.

2.6 Fyrri rannsóknir

Engar fyrri rannsóknir fundust þar sem fengið er álit innflytjendakvenna, sem búið hafa við heimilisofbeldi, á mikilvægi samfélagsfræðslu og uppbyggingu slíkrar fræðslu.

Í fyrsta hluta þessa kafla verður farið yfir erlendar rannsóknir. Þar kemur fram að flestar þær hindranir sem innflytjendakonur í ofbeldissamböndum glíma við tengjast vankunnáttu þeirra á nýju samfélagi og hræðslu þeirra við að leita sér aðstoðar, oft vegna hótana maka þeirra. Á Íslandi má finna ýmsar rannsóknir sem fjalla um heimilisofbeldi og einhverjar þeirra veita innsýn í aðstæður inflytjendakvenna sem búið hafa við heimilisofbeldi á Íslandi. Í öðrum hluta þessa kafla er farið yfir íslenskar rannsóknir. Yfirferð fyrri rannsókna sýnir meðal annars

fram á mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur um hvaða úrræði eru í boði fyrir þolendur ofbeldis og hvernig megi nálgast þau úrræði.

2.6.1 Erlendar rannsóknir

Ýmsar erlendar rannsóknir fjalla um ofbeldi maka gagnvart innflytjendakonum og vanmátt kvenna til að leita sér hjálpar. Lögin gera þeim erfitt fyrir, skortur er á úrræðum og erfitt er að koma til kvenna upplýsingum um þau úrræði sem eru til staðar. Víða í rannsóknum kemur fram að innflytjendakonur, óháð upprunalandi, glíma að mestu leyti við sömu hindranir í því ferli að stíga út úr heimilisofbeldi (Crenshaw, 1991; Erez og aðrir, 2009; Menjívar og Salcido, 2002). Einnig má sjá svipaðar niðurstöður í rannsóknum varðandi hvað helst hefði gert þeim kleift að taka skrefið og þá einna helst mikilvægi vitneskju um þau úrræði í samfélaginu sem gagnast gætu konum við að koma sér úr aðstæðum heimilisofbeldis (Ahmad, Driver, McNally og Stewart 2009; Liang og aðrir, 2005).

Sameiginleg reynsla innflytjendakvenna

Samtvinnun kynferðis, þjóðernis, kynþáttar og stéttar gerir það að verkum að einangrun, lagalegar hindranir, fordómar og skortur á upplýsingum og úrræðum reynist innflytjendakonum hindrun við að komast úr aðstæðum heimilisofbeldis.

Í greininni „Immigrant Women and Domestic Violence; Common Experiences in Different Countries" (2002), fjalla Cecilia Menjivar og Olivia Salcido um ýmsar rannsóknir sem gerðar hafa verið á innflytjendakonum sem verða fyrir heimilisofbeldi. Þær skoðuðu sameiginlega reynslu innflytjendakvenna í ýmsum löndum og fundu út að þær voru að kljást við margt af því sama þó löndin sem þær hefðu flutt til væru ólík. Sem dæmi um sameiginlega reynslu nefna þær meðal annars stöðu þeirra gagnvart lögunum. Þá kom fram að konurnar eiga mjög erfitt með að flýja frá ofbeldisfullum eiginmanni því þær eru háðar honum á margan hátt. Þeim reynist erfitt að fara af fjárhagslegum ástæðum og þær eru hræddar við að missa dvalarleyfið og vera vísað úr landi. Þær hafa áhyggjur af framtíð barnanna og margar óttast skömm fjölskyldunnar sem fólgin er í því að yfirgefa hjónabandið. Tungumálaörðugleikar auðvelda þeim svo ekki, ásamt því að margar hverjar hafa enga vitneskju um reglugerðir og úrræði vegna þess að þær eru svo einangraðar.

Einangrun

Innflytjendakonur eru í sérstaklega viðkvæmri stöðu hvað varðar félagslega einangrun. Margar konur flytja frá heimalandinu einar og hafa því hvorki fjölskyldu né vini nálægt. Í þannig aðstæðum er mun auðveldara fyrir ofbeldismanninn að hafa vald yfir þeim. Konur geta líka verið einangraðar og þeim gert erfitt fyrir að flýja úr sambandinu jafnvel þó fjölskyldan búi nálægt. Sumar konur hafa kannski aldrei upplifað ofbeldi áður meðan aðrar koma frá samfélagi þar sem heimilisofbeldi er álitið einkamál fjölskyldu og því tíðkast ekki að leita sér utanaðkomandi hjálpar. Tungumálaörðugleikar og vankunnáttu á lögum og réttindum í nýju samfélagi gerir þeim erfiðara fyrir (Menjivar og Salcido, 2002). Hræðslan við fordóma og við að missa dvalarleyfi og óvissan um viðbrögð opinberra aðila gerir það að verkum að konur eru hræddar við að hafa samband við lögreglu og leita á sjúkrahús (Bui, 2003; Liang og aðrir, 2005). Í einni rannsókn kom fram að flestir þátttakendur hefðu ekki haft hugmynd um tilvist kvennaathvarfa fyrr en þær höfðu þurft að kalla til lögreglu. Sumar vissu af athvörfunum en höfðu ekki vitneskjuna um hvernig þær ættu að bera sig að við að leita í slíkt úrræði (Bui, 2003).

Réttarstaða

Hræðsla innflytjendakvenna við að missa dvalarleyfið kemur ítrekað fram í rannsóknum. Þær konur sem eru háðar maka sínum hvað varðar dvalarleyfi eru berskjaldaðri fyrir hvers konar ofbeldi af hendi makans og eiga erfiðara með að slíta ofbeldissambandinu. Fram hefur komið að konur eiga erfiðara með að leita sér aðstoðar, með að hringja í lögregluna eða leita í kvennaathvörf vegna ótta við að vera hent úr landi. (Bui, 2003; Erez og aðrir, 2009; Menjivar og Salcido, 2002).

Í greininni „Mapping the Margins: Intersectionality, Identity Politics, and Violence against Women of Color“ (1991), skoðar Kimberle Crenshaw samtvinnun kynferðis, stéttar, þjóðernis og kynþáttar í tengslum við ofbeldi karla gagnvart konum. Þar fjallar hún um innflytjendakonur sem komið hafa til Bandaríkjanna í þeim tilgangi að giftast amerískum ríkisborgurum. Áður en þær geta sótt um dvalarleyfi þurfa þær samkvæmt lögunum að vera giftar í tvö ár. Vegna óttans við að vera reknar úr landi hafa margar konur verið tregar til að yfirgefa eiginmenn sína, þó þeir hafi jafnvel beitt þær miklu ofbeldi. Vegna þessa var bætt viðauka í lögin. Innflytjendur fá að dvelja áfram í landinu geti þeir sýnt fram á það að stofnað hafi verið til hjónabands í góðri trú en þeir síðan verið beittir ofbeldi af hálfu maka.

Samkvæmt Crenshaw hefur þessi viðauki orðið fáum innflytjendakonum til gagns. Flestar eru þær jafn illa staddar vegna þess að sýna þarf fram á að ofbeldi hafi átt sér stað. Meðal sönnunargagna má nefna skýrslur frá lögreglu, sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum. Margar konur eiga hinsvegar erfitt með að nálgast þessi úrræði, vita ekki af þeim jafnvel eða hafa ekki kjark til að leita þeirra. Margar þeirra eru algjörlega háðar eiginmanninum og reiða sig á allar upplýsingar frá honum. Hann er þeirra hlekkur við samfélagið utan heimilið og sú staðreynd gefur honum mikil völd. Konurnar sem leita í athvörfin eru ekki allar giftar amerískum ríkisborgurum. Sumar eru giftar öðrum ólöglegum innflytjendum og sú staða setur þær einnig í klemmu. Með því að tilkynna ofbeldið eru þær hræddar um að ógna öryggi allrar fjölskyldunnar(Crenshaw, 1991).

Viðmið upprunalandsins

Fræðimenn hafa fjallað um að í ýmsum tilfellum megi greina nokkurn menningarmun í viðhorfum þess hvað teljist vera ofbeldi í nánu sambandi þar sem annar aðili eða báðir eru af erlendum uppruna (Liang og aðrir, 2005; Menjivar og Salcido, 2002; Sokoloff og Dupont, 2005). Konur geta átt erfitt með að ræða reynslu sína af heimilisofbeldi af ótta við að það færi skömm á fjölskyldumeðlimi þeirra og ýti undir staðalímyndir. Auk þess er í sumum samfélögum litið á ofbeldið sem einkamál hjóna eða para og hefur konum jafnvel verið ráðlagt af fjölskyldumeðlimum að reyna að reita ekki maka sinn til reiði (Bui, 2003). Konur sem hafa flúið í athvörf hafa lent í því að vera útskúfað af fjölskyldumeðlimum fyrir að hlaupa að heiman því þær geti þar af leiðandi ekki verið ,,góðar eiginkonur". Þeim er því kennt um ástandið vegna þess að í sumum löndum er mikil skömm fólgin í því að yfirgefa hjónabandið. Af þessum ástæðum velja sumar konur að vera áfram í ofbeldissamböndum og láta sem allt sé í lagi (Liang og aðrir, 2005; Menjivar og Salcido, 2002). Einnig hefur því verið haldið fram að meiri þöggun ríki í samfélagi þeirra sem tilheyra öðrum kynþætti en þeim hvíta því fólk vill síður ýta undir þær staðalímyndir sem þegar eru til staðar. Heimilisofbeldinu er haldið leyndu því fólk er hrætt við að niðurlægja aðra meðlimi samfélagsins (Adelman og aðrir, 2003; Crenshaw, 2003).

Mikilvægi fræðslu

Rannsóknir hafa sýnt fram á að innflytjendakonur í ofbeldissamböndum leita síður en innlendar konur eftir aðstoð hjá opinberum aðilum, svo sem félagsráðgjöfum, lögfræðingum, kennurum og öðru fagfólki. Þetta á sérstaklega við um konur sem koma frá samfélögum þar

sem feðraveldið hefur djúpar rætur. Þar sem völd karla yfir konum þykja sjálfsögð er ekki litið eins alvarlegum augum á heimilisofbeldi eins og í þeim samfélögum sem hafa náð lengra í átt að jafnrétti karla og kvenna. Gildir þá einu hvort um er að ræða andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt ofbeldi (Ahmad og aðrir, 2009; Bui, 2003; Liang og aðrir, 2005). Þær konur sem eru menntaðar, hafa tekjur og eiga góð félagsleg tengsl við innfædda í komulandinu eru líklegri til að nýta sér utanaðkomandi úrræði sem leið úr ofbeldissambandinu (Bui, 2003).

Í kanadískri rannsókn þar sem rætt var við suður-asískar innflytjendakonur um reynslu þeirra sem þolendur heimilisofbeldis kom fram að þær hefðu átt mjög erfitt með að stíga það skref að leita sér aðstoðar úr aðstæðunum. Það var ekki fyrr en eftir mörg ár þegar ofbeldið var farið að hafa mjög slæm áhrif á heilsu og líðan þeirra og/eða barna þeirra sem þær leituðu sér hjálpar hjá fagaðila. Það sem helst hindraði þær í að stíga það skref tengdist félags- og menningarlegri stöðu þeirra sem innflytjendur. Þátttakendur sögðust finna fyrir þeim þrýstingi frá fjölskyldu sinni og samfélagi að sem konur, lægra settar en karlar, þyrftu þær að uppfylla skyldur sínar sem „almennileg“ (*e. real*) eiginkona, dóttir eða systir. Þær ræddu einnig skömmina sem þeim fannst fylgja því að opinbera ofbeldið og að skilja við maka sinn. Konurnar sögðu skort á upplýsingum um þau úrræði sem þeim byðist sem þolendur heimilisofbeldis hafa reynst hindrun en sumar höfðu fengið upplýsingar í gegnum vini. Samkvæmt rannsakendum felst ein mikilvægasta forvörnin gegn heimilisofbeldi í fræðslu þar sem snert yrði á jafnrétti kynjanna, afleiðingum ofbeldis og þeim úrræðum sem bjóðast í samfélaginu (Ahmad og aðrir, 2009).

Svipaðar niðurstöður er að finna í bandarískri rannsókn þar sem fengin voru viðhorf afríska innflytjendakvenna um helstu hindranir þeirra við að taka skrefið úr ofbeldissambandi. Sjálfsásökun, skömm, fordómar, fjárhagsstaða, áhyggjur af börnum og þekkingaskortur á heimilisofbeldi, úrræðum og lagalegum réttindum voru meðal þess sem konurnar nefndu. Konurnar höfðu allar skilið við ofbeldismanninn þegar viðtölin fóru fram. Það hafði reynst þeim langt og strangt ferli en aukin þekking átti stóran þátt í því að gera þeim að lokum kleift að komast úr ofbeldissambandinu. Í því samhengi nefndu konurnar stuðning, fría lögræðiráðgjöf, athvarf og ráðgjöf. Vitneskja um úrræði gaf konunum það sjálfstraust og þann styrk sem til þurfti til að flýja ofbeldið. Áframhaldandi tengsl við þjónustuaðila sem veitt gátu ráðgjöf og stuðning reyndust konunum mikilvæg til aukins sjálfsstyrks og sjálfstæðis (Ting og Panchanadeswaran, 2009).

2.6.2 Íslenskar rannsóknir

Fyrsta heildstæða rannsóknin um heimilisofbeldi á Íslandi var gerð á vegum Dóms og kirkjumálaráðuneytisins. Rannsóknin var framkvæmd árið 1996 og birtust niðurstöður hennar í skýrslu sem lögð var fyrir á Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996-1997 undir heitinu „Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum“ (Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1997). Í kjölfarið skipaði dómsmálaráðherra þrjár nefndir sem höfðu það að markmiði að fjalla um og leggja fram skýrslur um heimilisofbeldi, hver á sínu sviði. Ein nefndin fjallaði um meðferð málaflokksins hjá lögreglu svo sem umfang og eðli. Önnur nefndin fjallaði um meðferð heimilisofbeldismála í dómskerfinu. Þriðja nefndin einblíndi á forvarnir, meðferðarúrræði fyrir gerendur og hjálparúrræði fyrir þolendur. Varðandi forvarnir taldi nefndin mikilvægt að huga að fræðslu um heimilisofbeldi og kynningu á úrræðum fyrir brotaþola og gerendur (Þingskjal 1382/1997-1998).

Árið 2006 settu stjórnvöld fram aðgerðaráætlun undir heitinu „Aðgerðaráætlun vegna ofbeldis á heimilum og kynferðisofbeldis“ með það að meginmarkmiði að vinna gegn ofbeldi á heimilum og kynferðislegu ofbeldi sem beinist að konum og börnum. Einn þáttur í aðgerðaráætluninni var rannsókn á ofbeldi karla gegn konum sem var framkvæmd árið 2008 af Rannsóknarstofnun í barna og fjölskylduvernd fyrir Félags- og tryggingamálaráðuneytið. Markmið rannsóknarinnar var að afla upplýsinga um eðli, umfang og afleiðingar líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis sem konur verða fyrir af hálfu karla. Samkvæmt helstu niðurstöðum könnunarinnar hafa um 42% kvenna á aldrinum 16-80 ára verið beittar ofbeldi einhvern tíma frá 16 ára aldri. Rúmlega 22% kvennanna sögðust hafa verið beittar ofbeldi af maka, sambýlismanni eða kærasta frá 16 ára aldri. Þá kom í ljós að algengast var að konur urðu fyrir ofbeldinu á eða við heimili sitt og um 75% kvenna mátu atvikið sem mjög eða frekar alvarlegt. Þegar rannsókn þessi er borin saman við rannsóknina frá 1996 kemur í ljós að ekki dró úr kynbundnu ofbeldi milli ára. Einnig kemur fram að hlutfall þeirra kvenna sem beittar hafa verið ofbeldi af hálfu maka eða fyrrum maka er hærra en þeirra sem orðið höfðu fyrir ofbeldi af öðrum (Elísabet Karlsdóttir og Ásdís A. Arnalds., 2010).

Fleiri rannsóknir hafa síðan verið gerðar á kynbundnu ofbeldi án þess þó að fjalla sérstaklega um ofbeldi gagnvart innflytjendakonum, þær hindranir sem sérstaklega

innflytjendakonur þurfa að glíma við, innflytjendalög eða úrræði (Guðrún Helga Sederholm, 2010; Ingólfur V. Gíslason, 2008, Ingólfur V. Gíslason, 2010a, Ingólfur V. Gíslason, 2010b).

Árið 2009 framkvæmdi Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd rannsókn, að beiðni félags- og tryggingamálaráðuneytis, á ofbeldi gegn konum. Í þeirri rannsókn, sem stjórnað var af Anni G. Haugen, var rætt við starfsmenn hjá félagsþjónustu og barnavernd hjá níu sveitarfélögum. Í rannsókn þessari er meðal annars komið inná ofbeldi gegn viðkvæmum hópum kvenna. Þar kemur fram að ofbeldi gagnvart konum af erlendum uppruna hafi aukist og er þá yfirleitt um andlegt ofbeldi að ræða og einangrun. Þá kemur fram að konur af erlendum uppruna leiti sjaldan eftir aðstoð félagsþjónustu. Meira sé þó um það nú en áður að konur kanni rétt sinn og leiti sér aðstoðar. Upplýsingar um úrræði fá þær yfirleitt frá vinum eða vinnuveitendum. Einnig kemur fram að erlendar konur veigri sér oft við að leita sér aðstoðar vegna hræðslu við að möguleg aðstoð geti haft áhrif á dvalarleyfi þeirra. Margar telja sig ekki mega hafa þegið félagslega aðstoð vilji þær sækja um ríkisborgararétt. Í niðurstöðu skýrslunnar kemur fram að mikilvægt sé að erlendar konur fái þá vitneskju að þær geti leitað sér hjálpar vegna ofbeldis sem þær hafa verið beittar, án þess að eiga á hættu að geta ekki sótt um ríkisborgararétt (Anni G. Haugen, 2009).

Árið 2009 veitti Þróunarsjóður innflytjendamála Samtökum um kvennaathvarf styrk til rannsóknar á aðstæðum erlendra kvenna sem dvalið hafa í athvarfinu. Meginmarkmið rannsóknarinnar, sem unnin var af Hildi Guðmundsdóttur, var að veita innsýn í líf og aðstæður kvenna af erlendum uppruna sem búa á Íslandi og komu til dvalar í Kvennaathvarfinu í Reykjavík á tímabilinu 1. október 2007 til 1. júní 2009. Flestar voru konurnar frá Afríku og næstflestar frá Asíu. Fram kemur að aðstæður þeirra kvenna sem koma frá löndum utan EES og leita í Kvennaathvarfið eru mun flóknari og erfiðari en þeirra sem koma frá löndum innan EES. Sú staðreynd að leyfi þeirra til að dvelja hér á landi er háð sambúð með mökum gefur ofbeldismönnunum mikil völd og þeir hóta ítrekað að láta senda konurnar úr landi. Meðal ástæðna þess að vilja búa áfram á Íslandi nefndu konurnar betri lífsafkomu, atvinnutækifæri og betri framtíð fyrir börnin. Að snúa til síns heimalands er heldur ekki alltaf svo einfalt. Margar eru til dæmis illa staddar fjárhagslega og hafa ekki efni á farmiðanum hvað þá að koma sér aftur fyrir í heimalandinu. Aðrar höfðu sagt upp vinnu í heimalandinu og einhverjar höfðu farið í óþökk fjölskyldunnar og fannst þær því ekki eiga afturkvæmt. Til þess að geta búið áfram á Íslandi eru þær tilbúnar að leggja ýmislegt á sig og

fara aftur og aftur til maka sinna sem beita þær ofbeldi. Haft er eftir einni þeirra: „Ég ætla að reyna að þrauka í þrjú ár“ (Hildur Guðmundsdóttir, 2009, bls. 42).

Einangrun einkennir ofbeldissambönd og eru erlendar konur því í sérstaklega viðkvæmri stöðu. Fram kemur í rannsókn Hildar að fáar konur sem koma frá löndum utan EES eiga félagsleg tengsl við komuna til Íslands önnur en við maka. Sumum konum hafði verið haldið einangruðum á heimilum sínum og þeim ekki leyft að hafa samskipti við annað fólk. Karlarnir nýttu sér þekkingaleysi kvennanna á íslensku samfélagi og þeim lögum og reglum sem hér gilda. Einhverjar þeirra kvenna sem voru í sambúð með íslenskum ríkisborgara töluðu um að hafa verið látnar skrifa undir pappíra sem þær skildu ekki, svo sem kaupmála. Konurnar hræddust hótanir ofbeldismannanna sem meðal annars fólust í hótunum um ofbeldi, brottrekstur kvennanna úr landi og að börnunum yrði haldið eftir hér á Íslandi. Í rannsóknargögnum kom í ljós að margar kvennanna voru fljótar að koma sér upp tengslaneti eftir komuna í Kvennaathvarfið.

Í rannsókninni eru lagðar fram ýmsar tillögur til úrbóta, meðal annars að veita konum fræðslu við komuna til Íslands sem gæti verið bundin við afhendingu dvalarleyfis. Frætt yrði meðal annars um réttindi kvenna á Íslandi og ýmsa þjónustu og úrræði sem konum sem búa við ofbeldi standa til boða (Hildur Guðmundsdóttir, 2009).

Árið 2012 vann Hildur Guðmundsdóttir aðra rannsókn fyrir Samtök um kvennaathvarf þar sem markmiðið var meðal annars að kanna hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, ekki síst þeirra sem koma frá löndum utan EES, leiði til þess að þær fari oftar en íslenskar konur heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu. Gögnum var safnað um allar erlendar konur sem dvöldu í athvarfinu yfir fjögurra ára tímabil og stuðst við samanburðarhóp íslenskra kvenna. Einnig voru tekin viðtöl við tíu konur, þar af sjö sem komu frá löndum utan EES. Rannsóknin leiddi í ljós að meirihluti kvenna, óháð uppruna, fer heim í breyttar eða í nýjar aðstæður eftir dvöl í Kvennaathvarfinu. Konurnar í rannsókninni sem koma frá löndum innan EES eiga í flestum tilfellum maka af sama uppruna. Flestar þeirra fara í nýjar aðstæður eftir dvöl í Kvennaathvarfinu. Hinsvegar bjuggu þær konur sem komu frá löndum utan EES í flestum tilfellum með íslenskum maka og meirihluti þeirra fór heim í óbreytt ástand. Óbreytt ástand vísar til þess að konurnar fara aftur heim til ofbeldismannsins, í sömu aðstæður og þær komu úr. Hildur telur að hugsanlega megi skýra þennan mun með ólíkum búseturéttindum á Íslandi. Fram kemur að nokkrar konur fóru heim

í óbreytt ástand vegna ótta við að missa dvalarleyfi sitt. Viðmælendur í þessari rannsókn voru meðal annars spurðir um helstu hindranir við að yfirgefa ofbeldismanninn. Í svörum þeirra kom fram að konurnar eru hræddar við að missa dvalarleyfið sitt, þær eru hræddar við að vera einar og þekkja ekki samfélagið né rétt sinn. Einnig kemur fram að makarnir gefi þeim rangar upplýsingar og þær hræðist hótanir þeirra. Ein konan talar um að vera fjárhagslega háð ofbeldismanninum og önnur segir hann hafa hótað því að taka barnið af sér ef hún færi. Í svörum kvennanna við spurningunni um hvað hefði gert þeim kleift að ljúka sambandinu nefna þær flestar stuðning, fræðslu og upplýsingar sem þær höfðu ekki áður. Ein viðmælenda segir að í Kvennaathvarfinu hafi hún auk stuðnings fengið upplýsingar um rétt sinn sem hún hafði ekki haft áður þar sem eiginmaður hennar hélt upplýsingum frá henni (Hildur Guðmundsdóttir, 2012).

Síðastliðin tuttugu og tvö ár hefur Rauði kross Íslands staðið að könnuninni *Hvar þrengir að?* þar sem fjallað er um stöðu minnihlutahópa í íslensku samfélagi. Í skýrslunum sem gefnar voru út árin 1994, 2000, 2006, 2010 og 2014 er meðal annars fjallað um stöðu innflytjenda. Í skýrslunni frá árinu 2006 kemur fram að innflytjendur voru þriðji stærsti hópurinn sem talinn var standa verst í íslensku samfélagi en þeir sem taldir voru verr settir voru öryrkjar og einstæðar mæður. Þar kemur einnig fram að margar erlendar konur eru félagslega einangraðar. Einnig kemur fram að staða þeirra erlendu kvenna sem búa við andlegt og líkamlegt ofbeldi sé verri en staða íslenskra kvenna sem búa við ofbeldi þar sem þær erlendu séu háðar maka sínum varðandi dvalarleyfi. Þær þurfi því oft að velja á milli þess að búa við ofbeldið ellegar vera vísað úr landi. Þá kemur fram í skýrslunni að mikilvægt sé að bjóða innflytjendum uppá tungumála, samfélags og réttindafræðslu (Rauði Kross Íslands, 2006). Í skýrslunni frá 2010 eru innflytjendur aftur nefndir sem þriðji verst staddi hópurinn. Tekið er fram að átt sé við innflytjendur með litla eða enga íslenskukunnáttu og þá innflytjendur sem teljast félagslega einangraðir. Þar koma einnig fram áhyggjur viðmælenda af stöðu þeirra erlendu kvenna sem eru giftar eða í sambúð með íslenskum karlmönnum en einangrast inni á heimilinu og þekkja ekki réttindi sín. Þær verði háðar eiginmönnum sínum og eigi því á hættu að búa við ofbeldi. Tekið er fram að í þessu samhengi eigi viðmælendur yfirleitt við konur sem upprunnar eru utan EES svæðisins (Rauði Kross Íslands, 2010). Í nýjustu skýrslunni sem kom út árið 2014 kemur fram sú skoðun margra að upplýsingamiðlun til innflytjenda sé takmörkuð og þar af leiðandi erfitt fyrir innflytjendur að átta sig á samfélaginu (Ómar Valdimarsson, 2014).

Innflytjendakonur deila að mörgu leyti sömu upplifun og reynslu af heimilisofbeldi og íslenskar konur. Þar má nefna tilfinningar á borð við hræðslu og skömm og áhyggjur og vilja til að vernda börn sín. Þær lifa í þeirri von að makinn muni sjá að sér einn daginn og hætta að beita ofbeldi og þær vita ekki hverjum er best að treysta fyrir vandamálunum. Eins og fram hefur komið þurfa innflytjendakonur auk þess að glíma við þætti eins og tungumálaörðugleika, félagslega einangrun og vankunnáttu á lögum og réttindum í nýju samfélagi. Mismunandi viðhorf til þess hvað megi teljast til heimilisofbeldis og óvissa um réttarstöðu og úrræði fyrir þolendur heimilisofbeldis gera það einnig að verkum að konur eiga erfiðara með að leita sér aðstoðar. Þessi atriði sýna fram á mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur um réttarstöðu sína á Íslandi, að tekin er samfélagsleg afstaða til þess glæps sem heimilisofbeldi er, hvaða úrræði eru í boði fyrir þolendur ofbeldis og hvernig megi nálgast þau úrræði.

Í stefnu stjórnvalda og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda má víða finna yfirlýsingar þess efnis að skýrar og aðgengilegar upplýsingar séu eitt mikilvægasta atriðið þegar kemur að aðlögun útlendinga og þátttökuskilyrðum í nýju samfélagi. Nánar verður farið í þá umfjöllun í kafla 2.7.

2.6.3 Börnin

Í innlendum og erlendum rannsóknum kemur fram að vilji kvenna til að vernda börnin sín eigi mikinn þátt í þeirri ákvörðun að yfirgefa ofbeldissambandið. Þá kemur einnig fram að einmitt vegna barnanna upplifi þær hindrun við að yfirgefa ofbeldismanninn. Hótanir ofbeldismanna um að vinna börnunum mein gerir það að verkum að konur þora ekki annað en að lúta skipunum hans.

Þær konur sem eru háðar maka um dvalarleyfi óttast hótanir um brottvísun þeirra og barnanna úr landi. Þær vilja veita börnum sínum betri framtíðarhorfur hér á landi og í þeim tilvikum þar sem börnin búa í heimalandinu hafa þær tækifæri til að senda peninga og kosta þau til mennta (Hildur Guðmundsdóttir, 2009). Einnig hóta ofbeldismenn konunum brottvísun úr landi án barnanna, að börnin verði þá eftir hjá ofbeldismanninum (Bui, 2003). Hættan er að konur í þessum aðstæðum sem enga vitneskju hafa um þau lög og reglur sem gilda hér á landi sjái þann kost vænstan að búa áfram með ofbeldismanninum frekar en að eiga á hættu að vera vikið úr landi, með eða án barnanna sinna. Þá er mikilvægt að hafa í huga að börn sem verða vitni að heimilisofbeldi eiga í mikilli hættu að þjást af líkamlegum,

sálrænum og félagslegum afleiðingum ofbeldisins jafnvel þó þau verði ekki fyrir því sjálf. Afleiðingarnar geta verið mismiklar og mismunandi þar sem ýmsir þættir hafa þar áhrif á svo sem aldur barnanna, kyn þeirra, þjóðerni, og alvarleiki ofbeldisins (Edleson, 1999; Fantuzzo og Mohr 1999; Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Ingólfur V. Gíslason, 2008; Stanley, Miller og Foster, 2012). Meðal afleiðinga má nefna hegðunarvandkvæði, kvíða, hræðslu, átraskanir, líkamleg óþægindi, svefnraskanir og áfallastreituröskun (Fantuzzo og Mohr 1999; Ingólfur V. Gíslason, 2008). Börn sem búa við heimilisofbeldi eiga frekar á hættu að glíma við þunglyndi á fullorðinsárum og þau eru líklegri til að glíma við alvarlegar sjálfsvígshugsanir (Jónína Einarsdóttir, Sesselja Th. Ólafsdóttir og Geir Gunnlaugsson, 2004). Börn standa ráðalaus gagnvart aðstæðunum. Þau eru ein með hugsanir sínar og þróa oft með sér samviskubit því þeim finnst þau að hluta til bera ábyrgð á ofbeldinu. Án utanaðkomandi hjálpar geta aðstæðurnar valdið langvinnum erfiðleikum.

Til að minnka líkur á langtímaafleiðingum ofbeldis sem og líkum á því að barnið sjálft beiti ofbeldi á fullorðinsárum er mikilvægt að bregðast við sem allra fyrst og gefa börnum tækifæri til að vinna úr reynslu sinni (Ingólfur V. Gíslason, 2008).

Börn innflytjenda tilheyra mjög berskjölduðum hópi í samfélaginu. Þau þurfa að tileinka sér nýja menningu, og læra nýtt tungumál. Þau eru oft á tíðum einangruð og eiga erfitt með að komast inn í íslenska nemendahópinn. Félagsleg staða þeirra barna sem búa við erfiðar heimilisaðstæður er einkum erfið (Ómar Valdimarsson, 2014). Í ársskýrslu Barnaverndarstofu kemur fram að börn af erlendum uppruna séu í sérstakri áhættu þegar kemur að heimilisofbeldi (Halla Björk Marteinsdóttir, 2014). Þetta kemur einnig fram í rannsókn Þóru Árnadóttur (2013) sem unnin var sem 30 eininga lokaverkefni í meistaranámi til starfsréttinda við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands. Þar kom í ljós að 33% þeirra barna sem tilkynnt var um til Barnaverndarnefndar að hefðu orðið vitni að ofbeldi milli foreldra voru af erlendum uppruna. Þá kom fram:

> Þegar hlutfall barna af erlendum uppruna, sem tilkynnt var um, er borið saman við heildarhlutfall barna af erlendum uppruna virðast börn af erlendum uppruna vera í meiri hættu á að verða vitni að ofbeldi milli foreldra en börn af íslenskum uppruna (bls. 65).

Samkvæmt rannsakenda samræmist þetta sænskri rannsókn frá árinu 2011 þar sem í ljós kom að börn sem voru af erlendum uppruna eru líklegri til að verða vitni að ofbeldi milli foreldra en innfædd börn. Einnig virðast börn af erlendum uppruna, samkvæmt

rannsakanda, í meiri hættu á að vera beitt líkamlegu ofbeldi en börn af íslenskum uppruna. Þá bendir höfundur á að ólík viðhorf milli landa til þess hvað teljast megi ofbeldi geti aukið líkur á líkamlegu ofbeldi gagnvart sumum börnum (Þóra Árnadóttir, 2013).

Eins og fram hefur komið eru innflytjendakonur berskjaldaðri fyrir heimilisofbeldi en innlendar konur og eiga erfiðara með að koma sér úr ofbeldissamböndum vegna efnahagslegra, félagslegra og lagalegra þátta (Anni G. Haugen, 2009; Hildur Guðmundsdóttir, 2009; Menjivar og Salcido, 2002). Óhjákvæmilega bitnar þetta á börnunum sem búa við ofbeldið. Innflytjendabörn eru því einstaklega viðkvæmur hópur. Þau börn sem tala ekki íslensku og eiga ekkert stuðningsnet eru sérstaklega varnar- og valdalaus. Áhyggjur af öryggi barnanna er oft helsta ástæða þess að innflytjendakonur veigra sér við að leita utanaðkomandi aðstoðar og við að koma sér úr ofbeldissambandinu. Þær eru hræddar við að missa forræði yfir börnunum og að geta ekki séð fyrir þeim fjárhagslega (Bui, 2003). Áhrif ofbeldis á móðurhlutverkið hefur lítið verið rannsakað en erlendir fræðimenn hafa bent á mikilvægi þess að barnaverndarkerfið og þeir sem koma að heimilisofbeldismálum einblíni á stuðningsúrræði fyrir móður sem bestu leiðina til að vernda börnin (Lapierre, 2008). Stuðningsúrræði þurfa að miðast við þarfir innflytjendakvenna og þær hindranir sem þær glíma við. Fræða þarf foreldra meðal annars um að það að búa við ofbeldi er í sjálfu sér ofbeldi gagnvart barninu þó svo að það verði ekki fyrir því sjálft. Það er mikilvægt að börn fái staðfestingu á því að ofbeldi er alltaf óásættanlegt og að ofbeldið er aldrei þeim að kenna. Mikilvægt er að hugað sé að sérþörfum barna innflytjenda. Það er meðal annars gert með því að fræða innflytjendur um þau úrræði sem eru í boði og hvar hægt sé að leita aðstoðar við að koma sér og börnum sínum úr aðstæðum heimilisofbeldis.

2.7 Stefna stjórnvalda og sveitarfélaga í málefnum innflytjenda

Eitt elsta dæmið um skýrslu sem snýr að stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi er álit nefndar á vegum Menntamálaráðuneytisins sem kom út árið 1997. Við vinnu skýrslunnar tók nefndin mið af reynslu hinna Norðurlandanna varðandi málefni útlendinga. Í skýrslunni er fjallað um mismunandi stefnur í málefnum útlendinga og þá þætti sem hafa áhrif á aðlögun þeirra í nýju samfélagi. Einnig er farið ítarlega í réttindi útlendinga á Íslandi sem varða meðal annars atvinnumál, félags- og heilbrigðisþjónustu og upplýsingaaðgengi.

Í skýrslunni er meðal annars fjallað um mikilvægi þess að rjúfa félagslega einangrun útlendinga og skapa þeim aðstæður til að mynda félagsleg tengsl. Þá er tekið fram að það

séu einkum konur sem einangrast á heimilinu. Varðandi upplýsingar kemur fram að góðar, skýrar og aðgengilegar upplýsingar séu eitt mikilvægasta atriðið þegar kemur að aðlögun útlendinga og þátttökuskilyrðum í nýju samfélagi. Tekið er fram að aðgengilegt upplýsingaefni fyrir útlendinga um rétt þeirra og skyldur sé afar takmarkað og leggur nefndin meðal annars til að „Útlendingaeftirlitinu verði falið að afhenda útlendingum nauðsynlegar upplýsingar um réttindi og skyldur hér á landi þegar dvalarleyfi hefur verið veitt“ (Menntamálaráðuneytið, 1997, bls. 80).

Síðan skýrsla þessi var gefin út hafa ýmsar nefndir verið settar á laggirnar til að fjalla um málefni innflytjenda hér á landi. Sem dæmi um þá vinnu má nefna *Skýrslu nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Þar kemur eftirfarandi fram:

> Í dag er staðan sú að enginn einn aðili hefur umsjón með því að allir innflytjendur fái upplýsingar um réttindi sín og skyldur fyrir eða við komuna til landsins og er afar mikilvægt að efla samstarf við alla þá aðila er koma að málefninu og standa skipulegar og markvissar að allri upplýsingamiðlun (Félagsmálaráðuneytið, 2005, bls. 12).

Í byrjun árs 2007 mótaði ríkisstjórn Íslands fyrst opinbera stefnu í málefnum innflytjenda. Þá var sett fram *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda.* Þar segir að meginmarkmið ríkisstjórnarinnar sé „að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra réttinda og verði virkir þátttakendur í samfélaginu og á sem flestum sviðum mannlífsins“ (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 2). Í stefnunni er bent á mikilvægi þess að innflytjendur fái ítarlegar upplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi þeirra og skyldur. Þær leiðir sem lagðar eru til að verði farnar í upplýsingamiðlun eru í formi bæklinga á nokkrum tungumálum og á netinu.

Í kjölfar stefnu ríkisstjórnarinnar frá 2007 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda með það að markmiði að auðvelda aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi. Í áætluninni er lagt til að samið verði frumvarp til laga um aðlögun innflytjenda (Þingskjal 1226/2007-2008). Í nóvember 2012 var frumvarpið samþykkt á Alþingi (Þingskjal 857/2011-2012). Markmið laga um málefni innflytjenda nr. 116/2012 er meðal annars að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Til að ná því markmiði er meðal annars tekið fram að styrkja þurfi fræðslu og miðlun upplýsinga (lög nr. 116/2012).

Í júní 2012 kom út á vegum innanríkisráðuneytisins, *Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan evrópska efnahagssvæðisins.* Í skýrslunni kemur fram álit nefndarinnar á

mikilvægi þess að í grunnskilyrðum fyrir útgáfu dvalarleyfis felist skylda til að fræðast um réttindi og skyldur. Nefndin leggur til að sú fræðsla verði þríþætt. Í fyrsta lagi að fjallað verði um réttindi launafólks. Í öðru lagi að fræðslan lúti að réttindum kvenna sérstaklega og sem dæmi nefnt ferðafrelsi, réttur til að kalla á lögreglu vegna heimilisofbeldis og um starfsemi samtaka sem vinna fyrir konur eins og Samtök um kvennaathvarf, Stígamót, Kvennaráðgjöfina og Samtök kvenna af erlendum uppruna. Í þriðja lagi er lagt til að upplýsingar um hlutverk samtaka sem vinna að réttindum útlendinga verði aðgengilegar. Í því samhengi eru tekin sem dæmi lögfræðiráðgjöf fyrir útlendinga á vegum Mannréttindaskrifstofu Íslands og Fjölmenningarsetur (Innanríkisráðuneytið, 2012). Í kjölfar skýrslunnar lagði þáverandi innanríkisráðherra, Ögmundur Jónasson, fram á Alþingi frumvarp til nýrra laga um útlendinga sem byggði á tillögum nefndarinnar. Frumvarpið varð ekki útrætt í meðförum þingsins. Árið 2014 hófst vinna við sambærilegt frumvarp sem samið var á vegum innanríkisráðuneytisins og þverpólitískrar þingmannanefndar um málefni útlendinga og fól í sér heildarendurskoðun á núgildandi lögum um útlendinga, nr. 96/2002. (Þingskjal 1180/2015-2016). Þann 2. júní 2016 voru ný lög um útlendinga samykkt á alþingi. Meðal nýmæla frumvarpsins er breyting á dvalarleyfaflokkum og að einfalda skilyrði dvalarleyfa. Lög þessi munu öðlast gildi þann 1. janúar 2017 (þingskjal 1467/2016).

Stefnumótun Sambands íslenskra sveitarfélaga í málefnum innflytjenda var samþykkt árið 2009. Þar eru tillögur um hvernig ríki og sveitarfélög geti bætt þjónustu við innflytjendur. Í stefnunni er lagt til að sveitarfélög setji sér verklagsreglur í innflytjendamálum en að stærri verkefni á borð við upplýsingagjöf til innflytjenda áður en þeir flytja til landsins og fyrst eftir komuna til landsins verði á ábyrgð ríkisins. Eitt þeirra fjögurra markmiða sem sett eru fram í stefnunni er að innflytjendur þekki réttindi sín og skyldur og hafi greiðan aðgang að þjónustu sveitarfélaga. Þá kemur fram að fyrst og fremst sé þörf á lagasetningu um réttindi og skyldur innflytjenda fyrst eftir komuna til landsins (Samband íslenskra sveitarfélaga, 2009). Reykjavíkurborg hefur verið leiðandi í málaflokknum undanfarna áratugi, allt frá því að Reykjavíkurteymi um málefni útlendinga var stofnað árið 1996. Árið 2009 kom út stefnumótun og aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda. Sú stefna miðar að mestu leyti að því að bæta þjónustu borgarinnar við innflytjendur sem langflestir búa á höfuðborgarsvæðinu (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar, 2009). Í mars 2015 höfðu aðeins um 28% sveitarfélaga mótað sér stefnu í málefnum innflytjenda. Mikilvægt er því, eins og ríkisendurskoðun hvetur til, að

velferðarráðuneyti í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga beiti sér fyrir því að öll sveitarfélög móti sér stefnu til að tryggja innflytjendum sömu þjónustu og öðrum íbúum (Ríkisendurskoðun, 2015).

2.8 Samfélagsfræðsla

Eins og sjá má af upptalningunni hér að ofan þá hafa stjórnvöld lengi verið meðvituð um mikilvægi samfélagsfræðslu og að greinargóðar upplýsingar séu aðgengilegar fyrir innflytjendur. Áherslan á að hugað sé sérstaklega að þeim konum sem búa við ofbeldi kemur einnig víða fram. Fyrri rannsóknir hafa einnig sýnt að vitneskja um úrræði gefur innflytjendakonum sjálfstraust og styrk til að flýja úr aðstæðum heimilisofbeldis.

Hér á landi má finna á ýmsum stöðum og í ýmsu formi mikilvægar og gagnlegar upplýsingar sem ætlaðar eru innflytjendum. Ýmsir bæklingar sem innihalda upplýsingar fyrir innflytjendur hafa verið gefnir út á síðustu árum. Þar má helst nefna bæklinginn *Fyrstu skrefin* sem kom út árið 2007 á níu tungumálum. Þar er markmiðið að veita innflytjendum allar nauðsynlegustu upplýsingarnar strax við komuna til landsins. Þetta var fyrsti heildstæði bæklingurinn sem gefinn var út sem innihélt sérhannaðar upplýsingar til innflytjenda. Tveir bæklingar voru gefnir út, annars vegar bæklingur sem varðar þá sem koma frá EES svæðinu og hinsvegar þá sem koma frá löndum utan EES (Ari Klængur Jónsson, Elsa Arnardóttir og Linda Rós Alfreðsdóttir 2011).

Árið 2010 gaf Jafnréttisstofa út tvímálabæklinginn *Réttur þinn* sem ætlaður er erlendum konum búsettum á Íslandi. Bæklingurinn er alltaf bæði á íslensku og erlendu máli: Ensku pólsku, spænsku, tælensku, rússnesku og arabísku. Í bæklingnum er að finna ýmsar gagnlegar upplýsingar um íslenskt samfélag og réttarkerfi. Þar er einnig fjallað um ofbeldi í nánum samböndum og hótanir og vísað er í frekari upplýsingar um aðstoð hjá ýmsum stofnunum og félagasamtökum (Jafnréttisstofa, 2014).

Margir staðir bjóða uppá námskeið og ráðgjöf fyrir innflytjendur. Hjá Fjölmenningarsetri er boðið uppá aðstoð og upplýsingar varðandi réttindi og skyldur innflytjenda og upplýsingar um ýmislegt sem tengist daglegu lífi á Íslandi (Fjölmennningarsetur, e.d.). Jafnréttishús sem hefur það að markmiði að auðvelda aðlögun að íslensku samfélagi hefur tekið þátt í námskeiðahaldi og lagt sérstaka áherslu á íslenskukennslu fyrir konur af erlendum uppruna (Jafnréttishús, 2015).

Mannréttindaskrifstofa Íslands gegnir mikilvægu hlutverki í málefnum innflytjenda en þar er meðal annars boðið uppá uppá fría lögfræðiráðgjöf fyrir innflytjendur. Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur er einnig mikilvægt úrræði en þar er innflytjendum veitt ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu Reykjavíkurborgar. Samtök kvenna af erlendum uppruna sem voru stofnuð árið 2003 gegna einnig mikilvægu hlutverki, með það að markmiði að vinna að jafnrétti og jafnri stöðu erlendra kvenna sem sest hafa að á Íslandi. Samtökin hafa staðið að ýmsum verkefnum í þeim tilgangi að veita öllum konum tækifæri til að verða virkir samfélagsþegnr og hafa samtökin meðal annars átt í samstarfi við kvennaathvarfið (Samtök kvenna af erlendum uppruna, 2009).

Í stefnu ríkisstjórnar Íslands um aðlögun innflytjenda sem Félagsmálaráðuneytið gaf út árið 2007, er lögð áhersla á að innflytjendur læri íslensku. Í skýrslunni segir:

> Það er stefna íslenskra stjórnvalda – og um það ríkir þjóðarsátt – að standa dyggilega vörð um íslenska tungu. Hún er sameign þjóðarinnar og geymir sögu hennar, menningu og sjálfsvitund. Hún er einnig tæki til félagslegra samskipta og lykill að þátttöku í lífi þjóðarinnar. Með öflugum stuðningi við íslenskunám innflytjenda er þjónað því tvíþætta markmiði að flýta fyrir aðlögun þeirra að samfélaginu og styrkja stöðu íslenskunnar til framtíðar (Félagsmálaráðuneytið, 2007, bls. 6).

Fram kemur í lögum um útlendinga að meðal skilyrða fyrir búsetuleyfi sé að hafa sótt námskeið í íslensku fyrir útlendinga (Lög um útlendinga nr. 96/2002). þann 1. janúar 2009 gekk í gildi sú breyting á lögum um íslenskan ríkisborgararétt að tekin voru upp íslenskupróf fyrir þá sem sækja um íslenskt ríkisfang. Innanríkisráðherra veitir íslenskan ríkisborgararétt að fenginni umsögn lögreglu og Útlendingastofnunar. Í því ferli eru gerðar kröfur um íslenskufærni þó ýmsar undanþágur megi veita (Þingskjal 643/2006-2007).

Í greininni *Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting* (2010) fjalla höfundar, þær Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir um stefnu stjórnvalda í fræðslu innflytjenda, markmið og framkvæmd hennar. Markmið umfjöllunar þeirra er að sýna hvernig mótun fjölmenningarlegs samfélags með samþættingu á sér stað á Íslandi. Eins og fram hefur komið lýsir samþætting því tvíhliða ferli þegar innflytjendur leitast við að tileinka sér menningu og tungumál nýja landsins án þess að segja skilið við sína eigin. Bæði innflytjendur og móttökulandið leitast við að taka þátt í aðlögunarferlinu. (Félagsmálaráðuneytið, 2005; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010). Þegar mikilvægi samþættingar er skoðað er nauðsynlegt að velta fyrir sér hvað það er

sem veitir aðild að nýju samfélagi og hvað getur valdið útilokun. Í umfjöllun sinni benda höfundar á að mikilvægt sé að skoða hvernig samfélagið og stofnanir þess mæti þörfum innflytjenda með upplýsingum og námskeiðum. „Er innflytjendum tryggður réttur til fræðslu?“ spyrja þær (bls. 4).

Umfjöllun greinarinnar byggir á rannsóknum Unnar Dísar Skaptadóttur frá 2003-2012 og MA rannsókn Helgu Ólafsdóttur sem lauk árið 2011. Notast var við eigindlegar rannsóknir þar sem meðal annars voru tekin viðtöl við 63 innflytjendur sem sótt hafa námskeið og 19 skipuleggjendur og kennara á námskeiðum. Höfundar vitna í greinar þar sem fram kemur að skipulag eða fjármögnun námskeiða á ábyrgð ríkisins er mismikil innan ríkja Evrópu. Á Norðurlöndunum er boðið upp á ókeypis kynningarnámskeið fyrir innflytjendur. Þau námskeið eru ýmist valfrjáls eða skylda. Í Hollandi þurfa innflytjendur að standast próf en þrátt fyrir það eru engin námskeið í boði. Á Íslandi, segja höfundar, er farið einhvers konar milliveg. Mikið framboð er af fræðslu og ríkisstyrktum námskeiðum. Fjöldi aðila, stofnanir og félagasamtök standa að fræðslunni. Takmarkað framboð er þó í smærri byggðarlögum.

Í lok árs 2006 samþykkti ríkisstjórnin að verja 100 milljónum króna til íslenskukennslu fyrir útlendinga. Árin 2007-2008 ráðstafaði ríkisstjórnin um 320 milljónum króna í styrki. Í upphafi árs 2007 var fyrsta úthlutun auglýst og var um 60 styrkjum úthlutað til fræðsluaðila eða fyrirtækja sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku (Menntamálaráðuneytið, 2008). Eins og Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir benda á kemur fjöldi ólíkra einstaklinga að fræðslunni og skipulag og framboð er ómarkvisst. Réttur innflytjenda til fræðslu er því ekki tryggður. Margir þeirra nemenda sem rætt var við töldu íslenskukennslu hafa auðveldað þeim þátttöku í samfélaginu. Aðrir höfðu hætt áður en námskeiði lauk og nefndu meðal ástæðna mikinn kostnað, hópurinn hafi verið of blandaður og námið ekki nógu markvisst (Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Í stefnu ríkisstjórnarinnar er lagt til að samfélagsfræðsla verði hluti af íslenskunámi fyrir innflytjendur þar sem fram fari meðal annars kynning á grunngildum íslensks samfélags sem sögð eru vera lýðræði, mannréttindi, samábyrgð og einstaklingsfrelsi (Félagsmálaráðuneytið, 2007).

Samkvæmt Unni Dís Skaptadóttur og Helgu Ólafsdóttur hefur samfélagsfræðsla fyrir innflytjendur og kennsla um réttindi innflytjenda og skyldur lítið vægi á flestum námskeiðunum. Áherslan sé mest á íslenskukennslu og vinnumarkaðinn. Höfundar telja að

þrátt fyrir yfirlýstan vilja og yfirlýsingar um mikilvægi þess að hvetja og stuðla að aðlögun með samþættingu taki stjórnvöld takmarkaða ábyrgð á fræðslu fyrir innflytjendur. Einhverjir þeirra nemenda sem rætt var við höfðu sótt námskeið hjá Landnemaskólanum, hvers tilgangur er að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Í námsskrá Landnemaskólans kemur fram að 20 kennslustundum sé varið í samfélagsfræðslu. Markmið þeirrar fræðslu eru meðal annars að innflytjendur kynnist helstu stofnunum samfélagsins og viti hvar þær er að finna. Áhersla er á að nemendur kynnist réttindum sínum og skyldum á íslenskum vinnumarkaði og fræðist um heibrigðisþjónustu og skólamál. Í sameiningu velja nemendur og leiðbeinendur stofnanir til að heimsækja, svo sem stéttarfélag, Alþingi eða Útlendingastofnun (Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, 2006; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010). Þeir sem höfðu sótt námskeið hjá Landnemaskólanum tóku fram að slíkt námskeið hefði komið sér vel stuttu eftir komu þeirra til Íslands. Til dæmis hefði komið sér vel að vita hvert sækja skuli heilbrigðisþjónustu.

Margir þeirra kennara sem rætt var við sögðust oft upplifa sig í stöðu ráðgjafa og vina því fólk leiti til þeirra varðandi ýmsar upplýsingar um íslenskt samfélag. Þá sögðu þeir algengt að fólk leitaði til þeirra með vanlíðan og vandamál. Sumir sögðust leggja sig fram við að aðstoða en aðrir beindu fólki þangað sem veitt væri aðstoð og upplýsingagjöf (Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Í rannsókn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands, þar sem spurt var um viðhorf stærstu innflytjendahópa á Íslandi til þátta sem tengjast búsetu innflytjenda hér á landi kemur fram að um 62% aðspurðra höfðu fengið einhverja fræðslu um réttindi sín í íslensku samfélagi þegar þeir fluttu til landsins. Þá fræðslu höfðu flestir eða 76% fengið hjá vinum eða ættingjum. 46% sögðust hafa nálgast fræðsluna á internetinu (Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, 2009).

Á fjölmenningarþingi sem haldið var í Reykjavík árið 2010 komu innflytjendur þeirri skoðun sinni á framfæri að það vanti skyldunámskeið fyrir þá sem hyggjast setjast að hér á landi. Þá bentu innflytjendur á að strax við komuna til Íslands þyrftu að vera til staðar upplýsingar um atriði eins og hver séu réttindi þeirra og skyldur. Þá kom fram vilji til að sjá breytingu á lögum og á þjónustu Útlendingastofnunar. Upplifun innflytjenda var sú að þeir óttist Útlendingastofnun. Þeim finnst hún óvinsamleg, og reyni hvað hún geti til að koma

fólki úr landi. Sú skoðun kom fram að stofnunin ætti að vera aðgengilegri, meira upplýsandi og til aðstoðar (Mannréttindskrifstofa Reykjavíkur, 2011).

Á fjölmenningarþingi sem haldið var í Reykjavík árið 2014 komu innflytjendur aftur þeirri skoðun sinni á framfæri að við komuna til landsins væri mikilvægt að fá skýrar og aðgengilegar grunnupplýsingar um íslenskt samfélag (Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkur, 2015).

Reykjavíkurborg og lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hafa síðan í ársbyrjun 2015 unnið saman að átaki gegn heimilisofbeldi undir heitinu *Saman gegn ofbeldi.* Sem hluti af því starfi var skipaður starfshópur með það að markmiði að finna leiðir til að ná til innflytjenda með upplýsingar um ofbeldi og hvert sé hægt að leita verði fólk fyrir ofbeldi. Í skýrslu starfshópsins kemur fram það álit að mikið hægræði fælist í því að hafa fræðsluefni og leiðbeiningar um málaflokkinn á einum stað. Þá kemur fram sú tillaga að hafa eina miðlæga heimasíðu þar sem grunnupplýsingar um hvaða þjónusta er í boði kæmi fram. Þaðan væru svo tenglar yfir á þá aðila sem bjóða ráðgjöf og þjónustu. Á slíkri síðu mætti einnig vista bæklinga og annað fræðsluefni á ýmsum tungumálum (Reykjavíkurborg, 2016)

Eins og sjá má af dæmunum hér að ofan þá eru ýmsir staðir sem innflytjendur geta leitað til. Upplýsingar í formi bæklinga og á netinu má einnig finna víða. Mikið framboð er af fræðslu og ríkisstyrktum námskeiðum sem fjöldi ólíkra aðila stendur að. Skipulag og framboð er þó ómarkvisst og oft þurfa innflytjendur að leita víða (Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Eins og staðan er í dag er ekki skylda fyrir innflytjendur á Íslandi að sækja samfélagsfræðslu og hvergi tryggt að stjórnvöld veiti innflytjendum upplýsingar um rétt sinn og skyldur (Rauði Kross Íslands, 2006; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010).

Í stefnu ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda kemur fram að markmiðið sé að tryggja sem best að allir íbúar landsins njóti jafnra tækifæra og verði virkir þátttakendur í samfélaginu. Þá er tekin fram sú stefna stjórnvalda að innflytjendur fái greinargóðar upplýsingar um íslenskt samfélag er stuðli að farsælli aðlögun þeirra að samfélaginu (Félagsmálaráðuneytið, 2007) . Ef ætlunin er að fylgja þessari stefnumörkun er mikilvægt að tryggja að allir fái fræðslu og að hún sé aðgengileg. Fræðslan þarf að miðast við að innflytjendur fái upplýsingar um rétt sinn og skyldur og viti hvert skal leita þegar vandamál koma upp.

3 Aðferð og framkvæmd rannsóknar

Í eftirfarandi kafla er gerð grein fyrir rannsóknaraðferð og framkvæmd rannsóknarinnar. Farið verður yfir takmörkun rannsóknarinnar og siðferðileg álitamál. Að lokum verða viðmælendur kynntir.

3.1 Eigindlegar rannsóknaraðferðir

Þessi ritgerð byggist á heimildum og á eigindlegri rannsókn þar sem tekin voru opin viðtöl við viðmælendur og stuðst við viðtalsvísi. Eigindleg rannsóknaraðferð (*e. qualitative reasearch method*) er samheiti yfir fjölbreytta rannsóknarhefð. Rannsóknaraðferðirnar má rekja til hugmynda og kenninga um að veruleikinn sé félagslega skapaður og háður tíma og samhengi (Creswell, 2007; Taylor og Bogdan, 1984). Með því að nota eigindlega rannsóknaraðferð er leitast við að skilja hlutina út frá sjónarhóli þeirra sem taka þátt í rannsókninni, fá innsýn í lífsreynslu viðmælenda þar sem þeir lýsa henni með eigin orðum. Markmiðið er oft að ljá minnihlutahópum í samfélaginu rödd og bæta aðstæður þeirra sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu (Kvale, 1996; Taylor og Bogdan, 1998; Creswell, 2007). Í eigindlegum rannsóknum er algengt að rannsóknarspurningar þróist og breytist í ferlinu þar sem tilgangurinn er að öðlast skilning á viðfangsefninu frekar en að alhæfa (Creswell, 2007). Rannsókn þessi byggir á reynslu og hugmyndum innflytjendakvenna. Ég studdist við femíníska nálgun eigindlegra rannsóknaraðferða.

3.2 Femínískar rannsóknir.

Almennt séð má segja að um femíníska rannsókn sé að ræða þegar femínísk hugmyndafræði leiðir rannsakandann áfram í rannsóknarferli sínu. Femínískar rannsóknir, líkt og aðrar eigindlegar, leggja áherslu á að veruleikinn sé félagslega skapaður. Femínískar rannsóknir beinast oft að erfiðum atburðum eins og í þessu tilfelli heimilisofbeldi. Þær leggja áherslu á valdamismun kynjanna og vilja vinna að því að breyta ójöfnuði í samfélaginu og bæta stöðu þátttakenda. Í femínískum rannsóknum er einblínt á daglegt líf kvenna og sjónarmið og reynsla kvenna höfð að leiðarljósi (Creswell, 2007; Kvale, 1996).

3.3 Gagnasöfnun og framkvæmd rannsóknar

Viðtöl voru tekin við sjö konur sem allar hafa flust hingað til lands frá löndum utan EES. Allar áttu þær einnig sameiginlegt að hafa búið hér á landi við ofbeldi af hálfu maka. Auk þess ræddi ég við Sigurbjörgu Rut Hoffritz, lögfræðing hjá Útlendingastofnun og Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands. Þáttakendur voru valdir með tilgangsúrtaki þar sem valdir eru einstaklingar sem best henta markmiði rannsóknarinnar og hafa reynslu af því sem verið er að rannsaka (Sigríður Halldórsdóttir, 2003).

Haft var samband með tölvupósti við einn forsvarsmanna úr stjórn Samtaka kvenna af erlendum uppruna (fylgiskjal 1). Í tölvupóstinum lýsti ég tilgangi rannsóknar minnar og bað um aðstoð við að finna viðmælendur. Í viðhengi sendi ég með kynningarbréf á bæði ensku og íslensku þar sem fram komu frekari upplýsingar (fylgiskjal 2 og 3). Haft var samband við mig aftur þar sem mér var boðið að senda stutta kynningu á rannsókninni sem þær gætu auglýst fyrir mig á Facebook síðu samtakanna og eins sent út á póstlista samtakanna. Ég sendi þeim kynninguna (fylgiskjal 4) og beið eftir viðbrögðum. Tvær konur höfðu samband. Þrátt fyrir ítrekun höfðu ekki fleiri konur samband. Í gegnum Kvennaathvarfið fékk ég fimm viðmælendur til viðbótar sem allar eru fyrrum dvalarkonur í kvennaathvarfinu, en það var vaktstýra Kvennaathvarfs sem hafði samband við þær. Með tölvupósti var gengið frá stefnumóti við þessar sjö konur og kynningarbréf var sent með í viðhengi. Viðmælendum var boðið að velja hentugan stað til að hittast á. Rannsakandi stakk jafnframt uppá því að við gætum hist í Kvennaathvarfinu, þar væri herbergi þar sem við gætum rætt saman í næði. Allar konurnar óskuðu eftir því að viðtalið færi fram þar. Viðtölin fóru því öll fram í Kvennaathvarfinu og tók hvert viðtal um klukkutíma. Sex viðtöl fóru fram á ensku og eitt viðtal fór fram á íslensku. Rannsakandi var búin að prenta út kynningarbréfið. Áður en samtalið hófst var viðmælandi spurður hvort hann hefði haft tíma til að lesa yfir kynningarbréfið sem sent hafði verið með tölvupósti. Viðmælandi fékk svo útprentað eintak af bréfinu og tækifæri til að lesa yfir það. Viðmælandi var svo beðinn að skrifa undir upplýst samþykki.

Rannóknin var tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.

3.4 Skráning og úrvinnsla gagna.

Viðtölin voru tekin upp á upptökutæki og síðan afrituð í tölvu rannsakanda, af rannsakanda. Að því loknu voru viðtölin lesin vandlega yfir og efni þeirra flokkað eftir efnisflokkum. Nöfnum og öðrum persónugreinanlegum upplýsingum var breytt til að tryggja nafnleynd viðmælenda.

Í viðtölunum voru eftirfarandi atriði höfð að leiðarljósi en viðtölin voru opin og ólík og misjafnt hversu vel var farið í hvern efnisflokk:

1. Flutningurinn til Íslands.
2. Upplýsingar fyrir og við komuna til Íslands.
3. Rangar eða misvísandi upplýsingar.
4. Álit viðmælenda á samfélagsfræðslu og tillögur að uppbyggingu.
5. Upplýsingar sem að mati viðmælenda þyrftu að koma fram í slíkri fræðslu.
6. Reynsla og þekking viðmælenda á úrræðum fyrir innflytjendur á Íslandi.
7. Helstu hindranir við að stíga skrefið úr aðstæðum ofbeldis.

3.5 Siðferðileg álitamál

Rannsóknum fylgja alltaf siðferðileg vandamál. Sú siðferðilega áhætta sem ég stóð fyrst og fremst frammi fyrir við gerð rannsóknarinnar fólst í því að hér er fjallað um viðkvæmt málefni við viðmælendur sem myndu flokkast sem minnihlutahópur í samfélaginu, nefnilega innflytjendakonur sem búið hafa við ofbeldi. Mikilvægt er að virðing sé borin fyrir þátttakendum, þeir ekki þvingaðir til þátttöku og kynnt vel fyrir þeim í hverju þáttaka í rannsókn felst. Ég gerði þátttakendum grein fyrir markmiði rannsóknarinnar og ástæðu þess að ég leitaði til þeirra. Þeim var gerð grein fyrir hvernig viðtalið færi fram, beðnir um leyfi til að fá að taka upp viðtalið og sannfærðir um að nafnleyndar yrði gætt. Þeim var einnig gerð grein fyrir í hvaða tilgangi rannsóknin væri unnin. Einnig er mikilvægt að rannsakandi sýni aðgát í samtalinu og þvingi viðmælanda ekki til þess að segja meira en hann vill segja eða rifja upp hluti sem hann kærir sig ekki um að rifja upp. Ég spurði þátttakendur ekki út í sjálft ofbeldið og ég gerði þeim ljóst að hætta mætti þátttöku á hvaða tímapunkti sem væri.

Eigindlegar rannsóknir byggjast á því að viðmælendur deili af hreinskilni reynslu sinni og skoðunum. Trúnaður er því mikilvægt atriði. Þátttakendum var gefið gervinafn, farið varlega með öll gögn og þess gætt að enginn óviðkomandi komist í þau. Öllum viðtölum verður eytt að rannsókn lokinni.

3.6 Takmarkanir rannsóknar

Ókostir rannsóknaraðferðarinnar er að um er að ræða fáa viðmælendur. Erfitt er því að alhæfa út frá reynslu þeirra um alla sem búa yfir svipaðri lífsreynslu. Í eigindlegum rannsóknum er rannsakandinn stór hluti af rannsókninni. Það er mikilvægt að vera meðvitaður um að gildismat rannsakanda hefur áhrif á niðurstöður rannsókna. Það sem fram kemur í viðtölunum túlkar rannsakandi og það er hann sem stjórnar því hvaða tilvitnanir eru notaðar sem eiga að lýsa skoðunum eða upplifun viðmælenda. Með spurningum sínum er alltaf hætta á að rannsakandi geti haft óbein áhrif á þáttakendur. Það er rannsakandi sem velur um hvað hann spyr og hverju hann sleppir. Það er þó mikilvægt að rannsakandi reyni að vera eins hlutlaus og unnt er. Viðtölin fóru öll fram á ensku fyrir utan eitt sem fram fór á íslensku. Viðtölin voru því þýdd úr ensku yfir á íslensku og er því vert að taka fram að það verður alltaf ákveðin túlkun sem á sér stað þegar þýtt er frá einu tungumáli yfir á annað.

3.7 Bakgrunnur rannsóknarinnar og staða rannsakanda

Hugmynd mína að þessu rannsóknarefni má rekja til fréttar sem fangaði athygli mína fyrir nokkrum árum þar sem fjallað var um að erlend kona búsett hér á landi ætti á hættu að verða vikið úr landi við skilnað við íslenskan eiginmann sinn. Í byrjun var hugmynd mín fremur víðfeðm og ýmsar spurningar sem vöknuðu: Hvað með konur sem búa við ofbeldi?; Hvernig leiða lögin til þess að konur sem flytja til Íslands frá löndum utan EES eigi það á hættu að vera fastar í hjónaböndum sem þær vilja ekki vera í og sem geta stefnt heilsu þeirra og lífi og jafnvel barnanna þeirra í hættu? Hvaða hindranir þurfa innflytjendakonur að glíma við auk þeirra hindrana sem mæta íslenskum konum í ofbeldissamböndum? Fá konur grundvallarupplýsingar um rétt sinn eins og til dæmis varðandi dvalarleyfi og hvert þær geta leitað í neyðartilvikum? Hvað þarf að bæta? Helsta markmið rannsóknar minnar þróaðist í að skoða mikilvægi samfélagsfræðslu sem fram færi fljótlega eftir komu innflytjenda til landsins. Meginrannsóknarspurningar mínar snéru því að mikilvægi og uppbyggingu samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur. Hvers vegna samfélagsfræðsla? Hvernig ætti hún að fara fram? Hverjir ættu að sinna fræðslunni og hvaða upplýsingar þyrftu helst að koma fram?

Meðan á vinnslu þessara rannsóknar stóð hóf ég störf í Kvennaathvarfinu. Sannfæring mín á mikilvægi þessa rannsóknarefnis hefur aukist við að hafa starfað þar og kynnst aðstæðum þeirra innfytjendakvenna sem þangað hafa leitað.

Þar sem rannsakandi er alltaf hluti af eigindlegri rannsókn getur verið erfitt að tryggja algjört hlutleysi. Rannsóknin er framkvæmd vegna áhuga míns á stöðu kynjanna í samfélaginu og málefnum innflytjenda og áður en rannsóknarferlið hófst hafði ég mótað mér ákveðnar skoðanir. Eins og fyrr segir er þó mjög mikilvægt að reyna eftir fremsta megni að gæta hlutleysis við framkvæmd rannsókna. Ég vildi fá álit þeirra kvenna sem reynsluna hafa af því að vera innflytjendur á Íslandi og sem hafa búið við ofbeldi af hendi maka. Sjálf hef ég ekki þessa reynslu og var því áhersla lögð á að leyfa viðmælendum að koma reynslu sinni og skoðunum á framfæri án áhrifa rannsakanda.

3.8 Gildi rannsóknar

Rannsókninni er ætlað að vera framlag til aukins skilnings á aðstæðum og þörfum innflytjendakvenna sem búa við ofbeldi. Hagnýtt gildi hennar felst í því að varpa ljósi á mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur um íslenskt samfélag og þau úrræði sem þeim standa til boða og gefa viðmælendum, konunum sjálfum, tækifæri til að láta í ljós sína skoðun á hvernig betur má gera varðandi þá upplýsingamiðlun þannig að hún komi sér vel fyrir þá sem þurfa aðstoð úr aðstæðum ofbeldis. Mér er ekki kunnugt um að sambærileg rannsókn hafi verið gerð hér á landi og tel því að rannsókn mín hafi nýsköpunargildi. Um leið hefur hún þekkingarlegt gildi þar sem hún mun vonandi bæta við þá þekkingu sem fyrir er hér á landi um mikilvægi upplýsingamiðlunar til innflytjenda.

3.9 Viðmælendur

Erlendu viðmælendur mínir voru sjö konur á aldrinum 35 til 60 ára. Enginn þeirra er frá sama landi en allar fluttust þær hingað til lands frá löndum utan EES. Allar hafa þær búið við ofbeldi af hálfu maka sem var þó ekki í öllum tilfellum sá sem þær byrjuðu fyrst búskap með hér á landi. Konurnar eiga allar börn á mismunandi aldri og búa öll börnin hér á landi hjá mæðrum sínum fyrir utan börn einnar konu sem enn búa í heimalandi þeirra. Konurnar hafa búið hér á landi allt frá 6 árum uppí 23 ár. Allar nema ein þeirra höfðu dvalið í Kvennaathvarfinu þegar viðtöl fóru fram. Viðmælendum voru gefin gervinöfn og verða konurnar nú kynntar stuttlega.

Karen hefur búið á Íslandi í sex ár. Hún kynntist eiginmanni sínum fyrrverandi í heimalandi hennar. Hún sótti um skilnað meðan hún dvaldi í Kvennaathvarfinu. Hún hafði þá búið við ofbeldi í fimm ár. Karen á tvö börn sem búa í heimalandi hennar.

Laura flutti til Íslands fyrir sex árum með fyrrverandi eiginmanni sínum og börnum sem þau eiga saman. Þau skildu fljótlega og hún kynntist öðrum manni og eignaðist með honum barn. Sá reyndist vera ofbeldismaður. Laura sleit sambandinu og kom í dvöl i Kvennaathvarfið.

Eva flutti hingað til lands árið 2012 ásamt íslenskum eiginmanni sínum en þau höfðu búið um tíma í hennar heimalandi. Eva var enn í hjónabandi þegar viðtalið fór fram en sagðist vera að byggja sig upp í að taka skrefið úr ofbeldissambandinu.

Anna hefur búið hér á landi í 23 ár en hún flutti hingað til lands ásamt eiginmanni sínum, samlanda, fyrir 23 árum. Hún dvaldi um tíma í Kvennaathvarfinu þegar börnin voru ung að árum. Börn hennar eru nú eru uppkomin og hún er löngu skilin við ofbeldismanninn. Viðtalið við Önnu fór fram á íslensku.

Sara flutti til Íslands með eiginmanni sínum, samlanda, því hann fékk vinnu hér á landi. Þau eru nú skilin en Sara hefur tvisvar sinnum dvalið í Kvennaathvarfinu. Hún hefur búið á Íslandi í 9 ár og á tvö börn sem fæddust hérlendis.

Maria flutti til Íslands fyrir sjö árum til að hefja sambúð með íslenskum eiginmanni sínum sem hún kynntist í heimalandi sínu. Maria dvaldi um tíma í Kvennaathvarfinu ásamt börnunum sínum. Hún fór þaðan aftur heim til eiginmannsins og bjó enn með honum þegar viðtalið fór fram.

Tina kynntist fyrrverandi eiginmanni sínum sem er íslenskur í heimalandi hennar. Eftir að hafa búið saman hér á Íslandi í nokkur ár skildu þau. Þau eiga saman börn. Tina hóf sambúð með öðrum manni, íslenskum, sem reyndist vera ofbeldismaður. Tina sleit sambandinu og fór í Kvennaathvarfið.

Aðrir viðmælendur sem tóku þátt í rannsókninni voru Sigurbjörg Rut Hoffritz, lögfræðingur á Útlendingastofnun og Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands.

4 Niðurstöður

Í þessum hluta mun ég gera grein fyrir niðurstöðum úr viðtölum við viðmælendur mína en viðhorf þeirra og reynsla varpa ljósi á mikilvægi þess að innflytjendur fái fræðslu fljótlega eftir flutning til Íslands. Allir viðmælendur mínir áttu það sameiginlegt að hafa upplifað skort á upplýsingum og úrræðum. Þær voru allar sammála um að úrbóta væri þörf og höfðu ýmsar skoðanir á því hvers vegna og hvernig bæta mætti þessa upplýsingaþjónustu við innflytjendur.

Niðurstöðukaflinn skiptist í fjóra meginhluta með undirköflum sem allir leitast við að svara rannsóknarspurningunni minni, hvort skynsamlegt sé að skylda innflytjendur til samfélagsfræðslu og hvernig slíkri fræðslu væri best háttað.

4.1 Upplýsingar fyrir og við komuna til Íslands

Viðmælendur voru spurðir um upplifun sína á flutningnum til Íslands og hvaða, ef einhverja vitneskju þær hefðu haft um íslenskt samfélag. Einnig voru þær spurðar um hvort þær hefðu við komuna fengið einhverjar upplýsingar, hvaðan þær hefðu aflað sér upplýsinga og hvernig það hefði gengið.

Allar konurnar sögðu Ísland mjög ólíkt þeirra heimalandi. Þær vissu ekki við hverju væri að búast en höfðu allar orð á því að það hefðu verið mikil viðbrigði að flytjast hingað. Það sem fyrst vakti athygli þeirra var hversu strjálbýlt og einangrað landið var og allar nefndu þær auðn eða tóm og þögnina. Lýsing Karenar lýsir upplifun þeirra flestra ágætlega: „Þegar ég kom til Íslands um miðnætti, eða klukkan eitt, var staðurinn tómur. Ég er vön hávaða, bílahljóðum, en nú var alger þögn...“

Flestar kvennana vissu lítið sem ekkert um landið þegar þær fluttu til Íslands. Aðeins ein þeirra hafði leitað sér einhverra upplýsinga en hún hafði heimsótt Ísland nokkrum árum fyrr og átti hér vini. Aðspurðar um hvort þær hefðu við komuna hingað fengið upplýsingar um einhver úrræði hér á landi eða hvert ætti að leita í neyðartilvikum sögðu flestar konurnar nei. Ein talaði um að hún hefði fengið bæklinginn *Fyrstu skrefin* um það leiti sem hún fékk dvalarleyfið i hendurnar. Eva fékk sendar upplýsingar í gegnum netið frá eiginmanninum meðan hún bjó enn í sínu heimalandi. Hann sendi henni þá slóð á vef Reykjavíkurborgar þar sem hún gat lesið sér til. Þegar hún kom til landsins kom hann henni í samband við Rauða

krossinn en þar var kona sem hjálpaði henni við umsóknina um dvalarleyfi. Laura sem kemur frá stórborg flutti með íslenskum eiginmanni sínum þaðan og í lítið bæjarfélag út á landi. Hún segir eiginmann sinn hafa séð um allt fyrir sig þegar kom að því að sækja um dvalarleyfi. Á engum tímapunkti var rætt við hana, hún spurð að einhverju eða upplýst um nokkuð: „Þáverandi eiginmaður minn bara gekk inn í Útlendingastofnun og ég bara sat þarna á stól meðan hann gerði allt fyrir mig“.

Sara sagði að hún hefði fengið ýmsar upplýsingar smátt og smátt frá vinnufélögum sínum eftir að hún byrjaði að vinna en þá hafði hún búið á Íslandi í hálft ár. Tina leitaði til annarra innflytjenda, aðallega vinkvenna sem áttu íslenska eiginmenn. Karen leitaði einnig aðallega eftir þeim upplýsingum sem hún þurfti á að halda frá öðrum innflytjendum. Hún tekur fram að fyrsta fólkið sem hún hafi kynnst, í gegnum eiginmann sinn, hafi verið Íslendingar og frá þeim fékk hún fyrstu upplýsingar. Þær upplýsingar hafi þó oftar en ekki miðast við Íslendinga en ekki átt við í tilviki innflytjenda. Hún fór þá að spyrjast fyrir hjá öðrum innflytjendum og þannig fékk hún spurningum sínum svarað. Hún hitti samlanda sinn fljótlega eftir komuna til Íslands og sú benti henni á að leita í Alþjóðahús. Þar fékk hún ýmsar þær upplýsingar sem hún þurfti á þeim tíma eins og um mikilvægi þess að fá kennitölu og atvinnu.

Maria vann fyrir íslenskt fyrirtæki í sínu heimalandi og hafði kynnst Íslendingum. Hún hafði því einhverjar upplýsingar um landið en þó flestar vinnutengdar. Hún segir eiginmann sinn hafa hjálpað eftir bestu getu en að hún hafi þurft að ýta mikið eftir upplýsingum frá honum. Hún tekur fram að það hafi ekki verið vegna slæms ásetnings heldur að þar sem hann hafði ekki áður verið kvæntur erlendri konu þá hafi hann bara ekki vitað sjálfur hvaða upplýsingum hún þyrfti á að halda. Eftir komuna til Íslands leitaði hún einnig til samlanda sinna en segir að þrátt fyrir að hafa búið hér á landi í mörg ár hafi fáir þeirra getað veitt upplýsingar. Hún bendir á að það sé erfitt fyrir þær konur sem ekki eru á vinnumarkaði að nálgast upplýsingar um þjónustu og úrræði. Eftir að hafa búið í nokkur ár á Íslandi kynntist hún íslenskri konu sem starfar sem lögfræðingur. Sú kona ræddi við hana um að hér á landi eigi konur og karlar að njóta jafnréttis. Hún sagði henni að hika ekki við að hringja á lögreglu ef upp kæmi vandamál og benti henni á ýmis úrræði eins og Kvennaathvarfið.

4.2 Hindranir og áskoranir við að koma sér úr ofbeldissambandinu

Viðmælendur voru spurðir að því hverjar þær teldu vera helstu hindranir innflytjendakvenna við að koma sé úr ofbeldissambandi. Svör viðmælenda minna eru í takt við niðurstöður fyrri

rannsókna þar sem fram kemur að meðal helstu hindrana má nefna rangar upplýsingar, þekkingaskort á heimilisofbeldi, úrræðum og lagalegum réttindum, áhyggjur af börnunum og hræðslan við brottvísun.

4.2.1 Upplýsingaleysi og rangar eða misvísandi upplýsingar.

Nokkar kvennanna lýstu því hvernig eiginmenn þeirra nýttu sér þekkingar- og úrræðaleysi þeirra sem innflytjendur með því að halda frá þeim upplýsingum eða með því að gefa þeim rangar upplýsingar. Karen segir að í bæði eigin tilfelli og vinkvenna hennar þá hafi íslensku eiginmennirnir ekkert upplýst þær varðandi þeirra rétt, lögin eða úrræði í samfélaginu. Hún segir það algengt að karlarnir leggi áherslu á að á Íslandi sé karlmaðurinn höfuð fjölskyldunnar, hann ráði og konunni beri að hlýða honum í einu og öllu. Hún segir einnig algengt að eiginmennirnir minni þær á að dvalarleyfið hafi þær fengið á grundvelli hjónabands og það sé því í þeirra valdi, karlanna, að koma þeim frá Íslandi:

> Eiginmennirnir, þeir vilja bara segja frá þvi sem kemur þeim vel... það eina sem hann upplýsti mig um var að ef ég myndi skilja við hann þá myndi hann tilkynna mig til Útlendingastofnunar... það var það eina sem ég vissi. En allar aðrar upplýsingar fékk ég frá öðru fólki.

Eva talar einnig um að hún viti til þess að íslenskir eiginmenn hafi nýtt sér kunnáttuleysi erlendra kvenna. Hún nefnir sem dæmi að þeir hóti því að ef konan fari þá missi hún dvalarleyfið. Aðspurð hvort hennar eiginmaður hafi hótað þessu segir hún hlæjandi „já, já, alltaf“. Maria sagði eiginmann sinn aldrei hafa hótað sér beint en hann hafi hinsvegar gefið í skyn að ef hún færi frá honum þá fengi hann sem Íslendingur fullt forræði yfir börnunum. Aðspurð um hvernig hann hafi ýjað að þessu eða gefið það í skyn (hún talaði um „hint“) svaraði hún því til að hann hafi meira rætt þetta svona almennt. Ef þau voru að horfa á sjónvarpið, fréttir til dæmis þar sem verið var að tala um mál tengd forræði þá hafi hann komið því að, að við skilnað fengi Íslendingurinn alltaf fullt forræði ef annar aðilinn væri erlendur. Hún bætir svo við: „En hann sagði mér líka að ef við myndum skilja þá fengju börnin aldrei að fara til míns heimalands“. Maria segist halda að það sé hugmynd margra að útlendingar hafi minni rétt en Íslendingar þrátt fyrir að vera búsettir hér á landi:

> Við vitum að hér er áhersla á jafnrétti kynjanna en við sjáum þetta ekki varðandi okkur sjálf, okkur finnst við ekki hafa jafnan rétt og Íslendingar. Þetta einangrar okkur og við erum hræddari við að gera eitthvað. Það er auðvelt að gefa rangar upplýsingar.

Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands segir stóran hluta af starfi sínu felast í því að reyna að koma réttum upplýsingum til fólks og að oft þurfi hún að vefja ofan af allskonar röngum upplýsingum. Við gerð bæklingsins *Réttur þinn* tók hún til ýmsar algengar spurningar sem hún hefur fengið í gegnum tíðina og birti svo svör við þeim. Margrét segir:

> ... þarna voru einmitt tvær spurningar sem til dæmis ein kona sá, að eins og þegar fólk skilur á Íslandi þá fær faðirinn forsjá barnanna og þegar að fólk skilur á Íslandi að þá fær maðurinn allar eignirnar því hann er skráður fyrir þeim öllum. Og svo líka hitt að það var ein kona, henni fannst svo erfitt að sætta sig við þennan íslenska sið að konur ættu að sofa hjá vinum eigimannsins...kona sem hefur kannski litla sem enga menntun fengið og er alin upp í fátækt langt út í heimi og ég er alls ekkert að segja að það sé einhver lágmenning eða lágt siðferði, ekkert svoleiðis en svo kemur hún hingað og henni sagt þetta. Það að konur gangi allsberar innanhúss. Einni var sagt þetta að um leið og þær kæmu heim þá færu þær úr öllu og væru bara allsberar. Þetta er svo yfirgengilegt og fáránlegt... Auðvitað eru mennirnir að ná yfirráðum, að hafa þær undir hælnum og svo er hluti af þessu að það er bara svo ríkt í sumum karlmönnum að þurfa að niðurlægja og lítillækka konur, þeir eru bara haldnir svo miklu kvenhatri. Og þeim finnst það jafnvel fyndið og svo geta vinirnir komið og séð allsberu konuna og þeir geta hlegið að henni. Plús auðvitað að notfæra sér hana kynferðislega og allt það.

Margrét segist oft hafa rekið sig á það í sinu starfi að fólk hafi fengið rangar upplýsingar varðandi rétt sinn hér á landi sem reyndust koma þeim mjög illa. Bæði segir hún ofbeldismennina stanslaust fóðra konurnar á röngum upplýsingum og einnig, því miður, séu oft ranghugmyndir eða sögusagnir sem ganga á milli í samfélaginu í kringum þær. Hún segist vita um slíkt dæmi þar sem kona ein fékk ráðleggingar hjá ættingjum sem áttu svo eftir að setja hana í slæma stöðu varðandi leyfi sitt til að dvelja hér á landi.

4.2.2 Réttarstaða

Eins og fram hefur komið er algengt að ofbeldismennirnir hóti að láta senda konurnar úr landi reyni þær að yfirgefa þá eða leita sér aðstoðar. Flestar viðmælenda minna nefndu reglur varðandi dvalarleyfi sem hindrun og þau áhrif sem skilnaður hefur á dvöl þeirra í landinu. Sara heldur því fram að konur „haldi sér saman" um ofbeldið því þær vilji ekki láta senda sig úr landi. Ákvæðið sem bætt var við lög um útlendinga árið 2008 þar sem fram kemur að Útlendingastofnun megi veita dvalarleyfi ef misnotkun eða ofbeldi hafa átt sér stað gagnvart útlendingnum eða barni hans hafði hún aldrei heyrt um. Hún tekur fram að það sé mikilvægt að konur séu upplýstar um þetta.

Eiginmaður Karenar byrjaði að beita ofbeldi þegar þau höfðu verið gift í eitt ár en hún bjó við ofbeldið í fimm ár. Hún segist hafa verið hrædd við að slíta sambandinu af ótta við að verða vísað úr landi þar sem hann hafði ítrekað hótað því að tilkynna hana til Útlendingastofnunar. Eva sem enn er gift ofbeldismanninum sagðist eiga erfitt með að fara af heimilinu þar sem að leyfi sitt til að dvelja hér á landi grundvallist á hjónabandinu. Ef hún myndi skilja núna heldur hún fram, þá þyrfti hún, samkvæmt reglunum, að sækja um dvalarleyfi á breyttum forsendum. Hún myndi þá hugsanlega fá dvalarleyfi sem móðir barns sem á íslenskan föður en væri þá samt aftur komin á byrjunarreit í umsækjendaferlinu. Þar sem hún hefur ekki öðlast rétt til ótímabundinnar dvalar á Íslandi finnst henni vænlegast að bíða með að sækja um skilnað. Hún talar um að hún þurfi samt að átta sig betur á lagalegri stöðu sinni:

> Ég er ekki komin með ríkisborgararétt. Ég er ekki með sömu réttindi og hann í eigin landi. Jafnvel þó ég myndi sækja um skilnað núna þá myndi sú ákvörðun ekki leiða til jafnræðis, þrátt fyrir að við höfum búið saman í sjö ár og eigum börn saman. Þannig að lögin eru ekki mín megin, ég hef líklega ekki sama rétt og hann hér á landi. Og já, en þetta er mín...kannski hef ég, en kannski þarf ég bara meiri upplýsingar um þetta.

4.2.3 Börnin

Eins og fjallað er um hér í kaflanum um fyrri rannsóknir eru áhyggjur innflytjendakvenna yfir því að missa börnin sín oft hindrun við að stíga út úr ofbeldissambandi. Nokkrar viðmælenda ræddu þetta. Þær höfðu fengið að heyra að ef þær færu frá karlinum þá fengju þær ekki að sjá börnin, þær myndu missa forræði eða að þær yrðu sendar úr landi en börnin yrðu eftir hjá föðurnum. Sara sagðist hafa heyrt að í forsjármálum væri mun líklegra að Íslendingurinn fengi 100% forræði. Rannsókn sem unnin var af Fjölmenningarsetri og Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2012 og fjallar um forsjá barna af erlendum uppruna styður þetta. Þar kemur fram að:

> Það er tvisvar sinnum líklegra að barn sé í forsjá föður þegar móðir er af erlendum uppruna, öðrum en asískum eða afrískum, og tæplega sautján sinnum líklegra ef móðir er af asískum eða afrískum uppruna, samanborið við börn af íslenskum uppruna (Ari Klængur Jónsson, 2012, bls. 51.)

Í rannsókninni kemur fram sú tilgáta að félagslegir þættir séu orsakavaldur varðandi fyrirkomulag forsjár en að ekki sé hægt að útiloka beina eða óbeina mismunun gagnvart uppruna foreldra. Tekið er fram að þörf sé á frekari rannsóknum til að varpa skýrara ljósi á ástæðu þess að uppruni skipti slíku máli (Ari Klængur Jónsson, 2012).

Sara talar um að hafa haft áhyggjur yfir því að missa börnin sín og að hún hafi verið hrædd við Barnavernd: „Ég var hrædd við Barnaverndarnefnd. Ég vissi ekki mikið um Barnaverndarnefnd. Ég var hrædd um að þau gætu tekið af mér börnin. Ég hélt það“. Hún tekur fram að nú viti hún að hlutverk Barnaverndarnefndar sé að styðja og aðstoða fjölskyldur og þetta finnst henni að þurfi að upplýsa innflytjendur um.

Eva segist oft hugsa um skilnað og hvaða áhrif hann muni hafa á sig og börnin: „Ég hef oft hugsað um að ég verð að binda endi á þetta samband bara svo ég geti notið einhverrar velgengni í framtíðinni og hamingju. Jafnvel orðið hamingjusöm...“. Hún veltir fyrir sér hvort málin væru einfaldari væri ekki fyrir börnin en hún þurfi að gera það sem þeim er fyrir bestu. Hér séu börnin hamingjusöm, þau tali íslensku og hafi náð að aðlagast vel.

Anna talar um hvernig hún hefði á sínum tíma, sem móðir tveggja ungra barna, þurft meiri stuðning og ráðgjöf. Hún er mjög gagnrýnin á upplýsingaleysið en segir hlutina hafa byrjað að ganga betur þegar hún fór að þekkja „kerfið“. Henni er mikið niðri fyrir þegar hún lýsir því hversu mikla höfnun hún upplifði. Henni fannst hún ekki fá skilning á aðstæðum sínum né fá þá aðstoð sem hún þurfti á að halda:

> Ég meina ein manneskja með lágar tekjur, án þess að hafa neitt, er að ala upp tvö börn. Hvað þarf mikið til, það þarf heilt þorp til að ala upp börn, eitt barn og ég er ein hér og engum kom við hvernig líður þessum börnum. Svo eftir á, eftir að ég fór að vera sterkari og þekkja betur kerfið og allt það, þá, hér var eitthvað sem hét Barnaverndarnefnd. Hér var eitthvað kerfi sem gæti hjálpað til.

Anna segist einnig hafa verið reið yfir því hvernig barnsfaðir hennar komst upp með að haga umgengni við börnin eftir eigin höfði:

> ...hann fór bara hvenær sem honum sýndist, tók þau, fór með þau í ísbúð, gaf þeim ís og búið. Engin umgengni eða neitt. Þá kæri ég þetta til sýslumanns. Eftir á komst ég að því að börnin eiga rétt í þessu samfélagi og þú getur ekki losnað svona við ábyrgðina bara eins og þér sýnist sem foreldri og hvernig vogaði þessi sýslumaður sér á þeim tíma að blanda ekki barnaverndarnefnd í þetta mál? Ekki neitt.

Hún segir upplifunina um afskiptaleysi og hvernig öllum hafi staðið á sama um sig og börnin sitja svolítið í sér. Hún segist hafa leitað á réttu staðina en ekki verið bent á möguleg úrræði. Skortur á upplýsingum og stuðningi hafi bitnað á sér og börnunum. Hún segir það mikilvægt að þegar útlendingur leiti aðstoðar þá sé „kafað dýpra í málið“. Þá á hún við að þó manneskjan komi vegna ákveðins vandamáls að þá gefi fólk sér tíma til að spyrja um aðstæður og veiti upplýsingar um möguleg úrræði.

4.2.4 Hræðslan við að leita eftir aðstoð.

Óvissan um eigin réttarstöðu og viðbrögð opinberra aðila gerir það að verkum að konur geta óttast það að taka skrefið í leit að aðstoð (Bui, 2003). Í svörum viðmælenda má greina þetta viðhorf, sem sérstaklega tengdist óttanum við Útlendingastofnun. Slæm sýn viðmælenda á Útlendingastofnun tengdist hræðslu við að verða vikið úr landi en algengt er að sú hótun komi frá ofbeldisfullum maka. Margrét Steinarsdóttir segist stundum hafa sagt við konur að það sé alveg merkilegt hve eiginmenn margra þeirra eigi vini sem vinna hjá Útlendingastofnun eða/og lögreglunni. Oft sjái þær þá að sú sé ekki raunin heldur frekar leið karlanna til að hindra þær í að leita eftir aðstoð. Margrét segir vantraust á kerfinu og vanþekkingu á kerfinu vera eitthvað sem oft sé mjög erfitt að eiga við. Hún segist margoft í sínu starfi hafa orðið vör við mikla neikvæðni í garð Útlendingastofnunar. Oft er ástæðan skortur á upplýsingum eða sú að fólk búi yfir röngum upplýsingum. Hún segir að á þeim ellefu árum sem hún hafi unnið með Útlendingastofnun hafi alltaf verið vilji til að finna einhvern flöt á málum en að sum mál séu bara ómöguleg:

> ...stundum er fólk líka að rífast yfir því að það þurfi að útvega einhver vottorð frá heimalandinu sem er bara nauðsynlegt að Útlendingastofnun hafi. Eins og varðandi forsjá barna, við erum bundin af alþjóðasamningum sem að eiga meðal annars að koma í veg fyrir barnsrán og að hitt foreldrið eða annar aðili hreinlega fari með barnið í leyfisleysi. Og hvað þá ef íslensk stjórnvöld gefa bara leyfi og allt í fínu? Þannig að þetta er oft mikill misskilningur og það eru svona allskonar ranghugmyndir...þetta er eitt af því sem er svo erfitt að eiga við. Sem er bara svo stór hluti af starfinu hjá mér að reyna að koma réttum upplýsingum í gegn. Gefa fólki upplýsingar og í rauninni verkfæri í hendurnar svo það geti haldið áfram að vinna með málið sitt.

Það sem einnig hindrar konur í leit eftir aðstoð tengist félags- og menningarlegri stöðu þeirra sem innflytjendur. Tina talaði um að viðbrögð fólks og vilji til að afla sér upplýsinga sé misjafn og fari mikið eftir reynslu fólks og bakgrunni. Hún segist ekki hafa viljað upplýsa mömmu sína og systur, sem búsettar eru í heimalandi hennar, um skilnaðinn við eiginmann sinn. Hún segir þær hafa litið upp til sín og því hafi hún ekki viljað láta þær vita hvað hún væri að ganga í gegnum. Hún segist einnig hafa átt almennt erfitt með að ræða ofbeldið. Samkvæmt henni er mikilvægt að upplýsingar séu aðgengilegar því konur geti verið feimnar við að sækjast eftir upplýsingum af ótta við að verða dæmdar.

Viðhorf til ofbeldis er mismunandi milli menningarheima og samskipti kynjanna milli landa misjöfn. Flestar minntust konurnar á óöryggi sitt varðandi jafna stöðu og rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Karen talar um að eiginmaður sinn hafi sagt að hér á landi bæru

karlarnir höfuð og herðar yfir konurnar og þyrfti hún því að fylgja því sem hann segði og vildi. Þær upplýsingar sem hún fékk frá eiginmanni sínum og tilætlanir hans um hvernig henni bæri að haga sér sagðist hún hafa yfirfært á vinnustaðinn sinn. Þannig hafi hún bara treyst á yfirmann sinn í einu og öllu og gert það sem henni var sagt að gera. Hún lýsir því svo:

> Það eina sem þú veist er að hann er yfirmaðurinn eða hann er sá sem ræður og ég þarf að gera það sem hann ætlast til af mér. Ok herra, já herra. Eftir mánuði fer fólk að benda þér á að, bara, af hverju ertu að gera þetta? Þú skrifaðir ekki undir þetta, Þetta er ekki í þínum vekahring, heldur þetta og þú átt að halda þig við það. En þú hugsar: Verð ég nú rekin?

Eva segist hafa upplifað óöryggi varðandi ýmis samskipti við eiginmanninn og það hvernig og hvort skilgreina megi framkomu hans sem ofbeldi. Hún hlær vandræðalega þegar hún segist hafa átt erfitt með að greina á milli þess hvort um væri að ræða andlegt ofbeldi eða ekki:

> Ég get ekki alveg sagt til um hvort þetta er ofbeldishegðun eða ekki. Eða hvort þetta teljist bara eðlilegt hjá íslenskum karlmönnum. Eða hvort þetta sé einhverskonar andleg mismunun af því ég er ekki íslensk. Hann hlýtur nú að gera sér grein fyrir því fimm árum síðar að ég er ekki íslensk.

Eva segir fjárhagslegan stöðugleika einnig spila stóran þátt í því að erfitt sé að slíta hjónabandinu en eiginmaður hennar sér um og stjórnar fjármálum heimilisins. Hún segist ekki vita almennilega um fjárhagsstöðu heimilisins þrátt fyrir að það sé hún sem vinni úti en ekki hann. Hann skammti sér peninga og það lítið í einu að hún þarf alltaf að vera að biðja hann um meira. Eva á enga ættingja hér á landi og segir hún það líka gera sér erfitt fyrir að slíta hjónabandinu því hún hafi engan samastað. Með því að taka eitt skref í einu segist hún vera að vinna í því að byggja upp nægt sjálfstraust svo hún geti látið af því verða að sækja um skilnað. Hún er ánægð í vinnu og er að læra íslensku og segir hún það hvatningu en að hún þurfi enn tíma til að vinna í að byggja upp nægt sjálfstraust til að geta tekið þetta skref.

4.3 Úrræði og þekking og reynsla viðmælenda á þeim

4.3.1 Lögreglan

Bakgrunnur kvenna og reynsla frá heimalandinu hefur áhrif á viðbrögð þeirra þegar kemur að því að meta stöðuna, bregðast við og leita sér aðstoðar. Í sumum löndum tíðkast ekki að hafa samband við lögregluna vegna heimilisofbeldis (Menjivar og Salcido, 2002; Sokoloff og Dupont, 2005). Í tilfellum allra kvennanna, utan einnar, var lögreglan kölluð til á einhverjum

tímapunkti vegna ofbeldis maka þeirra. Flestar hringdu þær sjálfar en í einu tilviki var það vinkona og í öðru var það nágranni. Konurnar lýsa misjafnri reynslu af samskiptum sínum við lögregluna. Aðspurð um hvort það myndi hvarfla að henni að kalla til lögreglu vegna heimilisofbeldis í sínu heimalandi svaraði Karen:

> Ó nei! Nei, nei, nei. Lögreglan í mínu heimalandi, hreinskilnislega sagt, þeir myndu elska, þeir myndu koma og flækja hlutina enn meira. Þar er svo mikil spilling þannig að nei við lögreglu. Þar til þú leitar til þeirra lamin og allt, þá færu þeir að rannsaka og ef karlinn á peninga, borgar lögreglunni, þá hverfur málið.

Karen segist halda að margar innflytjendakonur veigri sér við því að kalla til lögreglu, sérstaklega ef þær koma frá þeim löndum þar sem litið er á heimilisofbeldi sem einkamál fjölskyldunnar. Hún segir þá skoðun ríkjandi að lögreglan muni senda þær úr landi og þær reyni því að forðast afskipti lögreglu. Hún hafði þá hugmynd að eiginmanni hennar, sem Íslendingi, yrði frekar trúað en hann hafði, eins og fram hefur komið, margoft hótað því að láta senda hana úr landi. Hún var því treg til að hafa samband við lögregluna. Það var vinkona hennar sem hringdi að lokum í lögregluna en þá hafði hún búið til skiptis hjá vinum þar sem eiginmaðurinn hafði hent henni út úr íbúðinni. Karen er mjög ánægð með viðbrögð lögreglunnar sem ræddi við hana og fór með hana í Kvennaathvarfið. Hún segist hissa á því hversu vel þeir brugðust við aðstæðunum og segist á þessum tímapunkti hafa öðlast traust á lögreglunni.

Nágranni Söru hringdi á lögreglu en hún segir að sjálf hefði hún ekki hringt því í hennar heimalandi sé auðvelt að múta lögreglunni til að láta málið afskiptalaust. Hún var því hrædd við að hringja af ótta við að það hefði verri afleiðingar, að það gæti stofnað öryggi hennar enn frekar í hættu þar sem eiginmaðurinn gæti mögulega reiðst mjög mikið. Hún segist jafnvel hafa haldið að hann væri þá vís til að drepa sig. Hún segist treysta lögreglunni hér á landi betur en í sínu heimalandi en það hefði verið gott að vita fyrirfram hvernig brugðist er við hér á landi í heimilisofbeldismálum:

„Ég vissi ekki að lögreglan gæti fjarlægt hann af heimilinu. Lögreglan fór með hann í fangelsi. Hann var þar yfir eina nótt“. Hún segir fjölskyldumeðlimi mannsins hafa haft samband við lögreglu í þeim tilgangi að verja karlinn og tala gegn henni en að sem betur fer þá hafi það ekki haft áhrif. „Þeir vissu betur“ segir hún.

Eva segist aldrei hafa þurft að hringja í lögregluna hér á landi þar sem hún segir eiginmann sinn passa vel uppá hegðun sína útávið, hann sé líklega hræddur við

almenningsálitið í svo litlu samfélagi og orðspor sitt. Hún þurfti hinsvegar að kalla til lögreglu þegar þau voru stödd í hennar heimalandi. Hún segir lögreglu ekkert hafa gert í málunum nema að ræða aðeins við hann og biðja hann að sofa úr sér áfengið sem hann hafði neytt. Hún segist þó ekki myndu hika við að hringja í lögregluna hér á landi ef henni fyndist þörf á því.

Maria tekur fram að henni fyndist engin skömm að því að hringja í lögreglu í sínu heimalandi. Hinsvegar kæmi það að engu gagni segir hún þar sem að ekkert yrði að gert vegna þeirra viðhorfa sem ríkja í samfélaginu: „...Það að eiginmaður berji eða slái konu þykir frekar eðlilegt. Einkamál. Nema ef það er mjög alvarlegt. Einkamál heimilisins. Þeir segja bara, ó þið þurfið að tala saman“. Hún segist ekki hafa vitað í fyrstu að málunum væri öðruvísi háttað hér á landi en viti nú að lögreglan veiti aðstoð í slíkum tilvikum. Tina segir lögregluna í sínu heimalandi taka vel á heimilisofbeldismálum. Hún hikaði því ekki við að hringja í lögregluna þegar hún þurfti á aðstoð þeirra að halda. Hún segir reynslu sína af lögreglunni góða. Lögreglumennirnir hafi reynst mjög hjálplegir, þeir hafi fjarlægt ofbeldismanninn og komið svo daginn eftir á heimili hennar til að athuga hvernig hún hefði það.

Laura og Anna sögðu reynslu sína af því að hafa kallað til lögreglu neikvæða. Laura hringdi í lögreglu kvöld eitt eftir að barnsfaðir hennar hafði beitt hana líkamlegu ofbeldi. Hún segir þá ekki hafa tekið vel á málunum og gagnrýnir að þrátt fyrir að hafa séð hvað gengi á þá hafi lögreglan ekki bent henni á Kvennaathvarfið.

Reynsla Önnu nær tuttugu ár aftur í tímann þegar hún var gift ofbeldismanni. Hún hefur búið hér á landi í 23 ár en er löngu skilin við ofbeldsmanninn. Anna er gagnrýnin á viðbrögð lögreglu á þessum tíma. Það var lögreglan sem kom henni og börnunum hennar tveimur í Kvennaathvarfið en hún talar um að frekari leiðbeiningar frá lögreglunni varðandi til dæmis kæruferlið hefðu komið sér vel:

> ...hann beitti ofbeldi í fjögur ár eftir skilnaðinn, eftir að ég flutti heim frá Kvennaathvarfinu, og þvílíkar skýrslur, kærur sem voru, eru þarna til lögreglunnar og enginn sem benti mér á að ég hefði alveg getað bara kært hann lengra og fengið bara nálgunarbann. Maður vissi ekki reglurnar. Fjögur ár! Ég meina maður kallar á lögregluna og málið fer ekki lengra... Ég hélt að það væri bara endastöðin þar. Þannig að ég bara græt þessi fjögur ár, bara spenna nánast á hverjum degi og þá, ég bara vissi ekki að þetta var bara partur af lífinu í rauninni, ég bara vissi ekkert betur nema það að þegar hann gifti sig aftur þá fæ ég bara eitthvað svona vá! Þá bara hellist ró yfir mann, vá.

Anna talar um að henni finnist mikilvægt að þegar fólk leiti eftir aðstoð, sérstaklega þegar útlendingar eigi í hlut, að „kafað sé dýpra í málið“. Hún heldur áfram:

> Ef kona fer til lögreglunnar, karlinn er að beita ofbeldi. Ég myndi vilja hafa sem reglu að spyrja hana: Áttu börn? Hvað er með þessi börn meðan hann er að beita ofbeldi. Bara koma og skoða hlutina í víðara samhengi, ekki bara já hún kemur, karlinn fer í fangelsi ...hann á ekki að gera þetta en hvað með þessi börn? Ég hugsa þannig að það væri betra að öll þessi kerfi vinna sem teymi. Þannig um leið að kemur eitthvað, það er bara keðja það er það sem ég legg til. Hvað þarf fyrir þessa konu...? Hvaða kerfi sinnir þessu, vekja það. Setja allt batteríið í gang.

Verklag lögreglu í heimilisofbeldismálum hefur svo sannarlega breyst frá þeim tíma sem Anna þurfti að kalla til lögreglu. Vitundavakningu sem orðið hefur á stöðu heimilisofbeldismála á Íslandi má rekja til tilraunaverkefnis lögreglustjórans á Suðurnesjum sem hófst árið 2013. Nýtt verklag felst meðal annars í því að ef um heimilisofbeldi er að ræða og lögreglan hefur verið kölluð til er athugað hvort börn búi á heimilinu. Ef svo reynist vera er Félagsþjónustan og Barnaverndarnefnd strax kölluð til. Þolendum ofbeldissins eru kynnt þau úrræði sem eru í boði og er málunum fylgt eftir af fagfólki. Markmiðið var að geta tekið málin föstum tökum frá upphafi með því að vinna málið sem mest á vettvangi. Verkefnið reyndist vel og hafa fleiri sveitarfélög, Reykjavík þar á meðal, tekið upp svipað verklag (Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir, 2015).

4.3.2 Kvennaathvarfið

Árið 1982 stofnuðu Samtök um kvennaathvarf Kvennaathvarfið í Reykjavík sem var fyrst sinnar tegundar hér á landi. Kvennaathvarfið er neyðarathvarf fyrir konur og börn sem ekki geta dvalið í heimahúsi vegna ofbeldis og fyrir konur sem hefur verið nauðgað. Athvarfið er einnig neyðararthvarf fyrir konur sem eru eða eru hugsanlega þolendur mansals. Að auki býður Kvennaathvarfið uppá ráðgjöf og stuðningsviðtöl og símaráðgjöf allan sólarhringinn. Það er einnig markmið athvarfsins að veita ráðgjöf og upplýsingar og efla fræðslu og umræðu um kynbundið ofbeldi (Samtök um kvennaathvarf, 2015).

Árið 2015 leituðu alls 396 konur til Kvennaathvarfsins. Konurnar voru frá 38 löndum, 73% þeirra voru íslenskar, 7% komu frá öðrum löndum innan EES og 19% komu frá löndum utan EES. Erlendar konur koma frekar í dvöl í athvarfið og þær dvelja að jafnaði lengur en þær íslensku. Hlutfall kvenna af erlendum uppruna sem leita til Kvennaathvarfsins er hærra en hlutfall þeirra í samfélaginu. Í ársskýrslu Kvennaathvarfsins kemur fram að sú staðreynd gefi þó ekki endilega vísbendingu um að þær séu frekar beittar ofbeldi í nánum samböndum

heldur eigi þær síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina hér á landi og eigi því í færri hús að venda. Í ársskýrslunni er þjóðerni ofbeldismanna einnig greint. Þar kemur fram að þeir komi frá 34 löndum. 79% þeirra eru Íslendingar, 12% koma frá Evrópu og 9% frá Afríku, Ameríku og Asíu. Þá kemur fram að ofbeldismenn af erlendum uppruna séu í flestum tilfellum samlandar brotaþola (Samtök um kvennaathvarf, 2015).

Enginn viðmælenda vissi af starfsemi Kvennaathvarfsins eða jafnvel tilvist þess þegar ofbeldið gagnvart þeim hófst. Eva hafði aldrei heyrt um Kvennaathvarfið en sagðist kannski hafa hugsað með sér að slíkt úrræði ætti að vera til staðar. Sara, Anna, Laura, Karen, Maria og Tina hafa allar dvalið í Kvennaathvarfinu. Anna kom þangað í fylgd lögreglu. Sara fékk upplýsingar um athvarfið hjá hjúkrunarfræðingi á barnaspítalanum þegar hún þurfti að leita þangað með veikt barn sitt. Það var einnig hjúkrunarfræðingur sem benti Lauru á Kvennaathvarfið þegar hún þurfti að leita á spítala vegna vanlíðunar sem hún glímdi við sem afleiðing þess ofbeldis sem hún bjó við.

Karen sem einnig dvaldi um tíma í athvarfinu hafði búið á nokkrum stöðum, hjá vinum, í fjóra mánuði áður en hún vissi að hún gæti leitað í Kvennaathvarfið. Hún hafði heyrt af því en hélt að athvarfið væri einungis fyrir íslenskar konur sem kæmu þangað í fylgd lögreglu eftir að hafa verið beittar líkamlegu ofbeldi. Eins og fram hefur komið var það vinkona hennar sem hringdi loks á lögreglu sem fór með hana í Kvennaathvarfið. Hún segir nauðsynlegt að auka vitundavakningu um Kvennaathvarfið og starfsemi þess, að konur geti bæði komið til dvalar og eins í viðtöl. Hún segist þekkja margar innflytjendakonur sem búi við andlegt ofbeldi og að nú bendi hún þeim á að þetta úrræði sé til staðar.

Maria vissi ekki af tilvist Kvennaathvarfsins fyrr en hún hafði búið á Íslandi í sex ár. Það var vinkona hennar sem benti henni á athvarfið og þangað þurfti hún að leita í dvöl með börnin sín tvö. Maria segist hafa verið mjög ánægð með dvölina og aðstoðina sem hún fékk þar:

> Aðstoðin í Kvennaathvarfinu var meiri en ég hefði getað ímyndað mér. Ekki nóg með að þar sé veitt húsaskjól heldur líka andlegur stuðningur. Við höfum einhvern til að leita til allann sólarhringinn og það tel ég mjög mikilvægt. Auk þess er hægt að fá ráðgjöf og upplýsingar um úrræði. Mikil hjálp.

4.3.3 Önnur úrræði

Í viðtölunum kemur fram sú skoðun viðmælenda að íslenskt samfélag bjóði upp á góða aðstoð og mörg úrræði fyrir innflytjendur. Hér er alltaf hægt að leita sér aðstoðar og fá hjálp

og stuðning. Vefsíður eru vel skipulagðar og nefndu nokkrar kvennana að auðvelt væri að finna þar upplýsingar en það ætti einungis við ef konur væru menntaðar, hefðu aðgang að þeim upplýsingum og töluðu ensku. Eins og fram hefur komið höfðu þær flestar búið hér á landi í nokkur ár áður en þær vissu af Kvennaathvarfinu. Sama má segja um staði eins og Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Konurnar sem vissu af tilvist Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur og Samtaka kvenna af erlendum uppruna höfðu fengið þær upplýsingar meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu. Maria talar um að Ísland sé framarlega þegar kemur að jafnrétti kynjanna, hér sé gott að vera og mörg tækifæri. Hún talar um að hér á landi ríki mikið frelsi, að fólk sé almennt mjög sjálfstætt en á sama tíma sé auðvelt að fá aðstoð og ráðleggingar. Hún segist stolt af því að búa hér. Vandamálið segir hún þó vera skort á upplýsingamiðlun til þeirra sem flytjast hingað til lands.

4.4 Álit viðmælenda á samfélagsfræðsla

Í þessum kafla verður fjallað um álit viðmælenda á samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur sem fram færi fljótlega eftir komu þeirra til Íslands. Fram kemur skoðun viðmælenda um mikilvægi slíkrar fræðslu, hvar og hvernig ætti að setja upp slíka fræðslu og hvaða upplýsingar þeim þætti mikilvægt að kæmu fram.

4.4.1 Mikilvægi fræðslu

Allir viðmælendur voru sammála um mikilvægi þess að veita innflytjendum fræðslu strax eða mjög fljótlega eftir komu þeirra til landsins. Þær höfðu allar skoðanir á því hvar og hvernig best væri að slík fræðsla færi fram og hvaða upplýsingar helst þyrftu að koma fram.

Sigurbjörg Rut Hoffritz, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun og Margrét Steinardóttir, lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands eru sammála konunum um mikilvægi þess að inflytjendur fái samfélagsfræðslu mjög fljótlega eftir komuna til Íslands. Margrét er þeirrar skoðunar að skyldubinda eigi samfélagsfræðslu þannig að það sé alveg tryggt að fólk fái þessa fræðslu. Hún tekur fram að það sé þó ekki jákvætt ef slík fræðsla yrði sett sem skilyrði við veitingu ríkisborgararétts eða réttar fólks til að dvelja hér á landi því ofbeldismenn gætu þá reynt að koma í veg fyrir að konur sæktu fræðsluna og hótað þannig brottflutningi þeirra:

> Segjum að ofbeldismaður vilji losna við konuna og síðan af því að hún hefur ekki farið í samfélagsfræðslu þá fær hún ekki leyfið framlengt. Að vísu ef hún kæmi hingað til mín og ég myndi hjálpa henni að skrifa skýringu til Útlendingastofnunar og svo framvegis að Útlendingastofnun myndi örugglega taka þær aðstæður til greina eða það er allavega

> það sem ég held. En þá er bara málið, myndi hún koma hingað. Minn veruleiki er ekki sá að ef konur í ofbeldissambandi, ef þær skilja við manninn þá bara sparki Útlendingastofnun þeim strax úr landi. Ég bara veit ekki um eitt einasta dæmi.

Mögulega væri, veltir hún fyrir sér, hægt að skyldubinda fræðsluna þannig að fólk þyrfti að gefa einhverjar skýringar ef það ekki kæmist. Hún segir mikilvægt að fræðslan fari fram fyrr en seinna og bætir við:

> Konurnar sem eru að koma til okkar, bæði auðvitað í Kvennaathvarfið og hingað til okkar, þetta eru konurnar sem eru búnar að ganga í gegnum allskonar erfiðleika og ofbeldi og vissu ekkert fyrst hvert þær ættu að snúa sér. Eins og ein...það var ein ung kona...hún var búin að vera hérna í nokkur ár og átti tvö lítil börn og hún var svo einangruð og maðurinn beitti hana alveg hrikalegu ofbeldi. Svo loksins hringja nágrannar á lögreglu þegar mikið gengur á. Lögreglan fer með hana í Kvennaathvarfið. Svo ætluðu þær að hjálpa henni við að fara heim og sækja föt á sig og börnin og svoleiðis, þá gat hún ekki sagt hvar hún átti heima. Bara að það væri rétt hjá Bónus! Þetta er auðvitað alveg skelfing. Það eru alltaf svona dæmi líka.

4.4.2 Tillögur að uppbyggingu

Fjórar konur höfðu þá skoðun að Útlendingastofnun ætti að skylda innflytjendur til að mæta á fræðslufund um það leyti sem þeir fá dvalarleyfi. Þær töldu árangursríkast að fræðslan færi fram augliti til auglitis, að boðið yrði uppá námskeið eða fyrirlestur. Aðspurðar um á hvaða tungumáli fræðslan ætti að fara fram nefndu konurnar ýmist íslensku eða ensku. Allar nefndu þær túlkaþjónustu í þeim tilfellum sem fólk þyrfti á að halda. Karen benti á að Fjölmenningarsetur byði upp á túlkaþjónustu og með þeirra aðstoð væri hægt að hafa sér fyrirlestra (sessions) þar sem boðið yrði upp á túlka fyrir þá hópa sem töluðu sama tungumál en skilja ekki enskuna. Laura stakk uppá að Útlendingastofnun gæti útvegað túlka.

Sigurbjörg Rut segir þá hugmynd að Útlendingastofnun skyldi fólk til fræðslu ill-framkvæmanlega. Þrátt fyrir að áhugavert væri að vinna að slíku verkefni þyrfti það að vera í samstarfi við aðra, þetta sé alltaf spurning um framkvæmd. Hún bætir við:

> Þó við getum frætt þá hefur okkar tilfinning oft verið að það er betra að hafa einhvern sem er hlutlaus. Þó við séum í raun hlutlaus þá er það ekki endilega upplifun fólks og ég held að það geti aldrei breyst endanlega. Ég meina við erum samt ríkið …

Margrét segist ekki heldur sjá Útlendingastofnun í þessu hlutverki þar sem að stofnunin sé afgreiðslustofnun sem sjái um að afgreiða umsóknir um dvalarleyfi, framlengingu leyfa og hvort skilyrði fyrir veitingu dvalarleyfa eða rikisborgararétts á Íslandi séu fyrir hendi. Bæði Sigurbjörg Rut og Margrét tala um að margt sé þó hægt að bæta hjá Útlendingastofnun

varðandi upplýsingagjöf. Sigurbjörg Rut segir einfalda hluti eins og að hengja upp veggspjöld og að hafa bæklinga aðgengilega vera auðvelda í framkvæmd. Einnig væri hægt að rétta hverjum og einum bækling, til dæmis þegar fólk kemur í myndatöku. Hún segir starfsfólk Útlendingastofnunar benda fólki á að leita til Mannréttindaskrifstofu Íslands ef tilefni sé til en svo sé líka spurning hvenær starfsfólk eigi að grípa inní:

> Það er líka erfitt ef þú kemur hingað með manninum þínum eigum við þá að fara að lesa í þá? Ja þessi þarf nú þennan ofbeldisbækling! Það er engum greiði gerður með því. Eða, hérna, ég ætla að taka þessa hérna til hliðar. Það verður þá eitt yfir alla að ganga og þá er spurning hvort þetta bæklingaform myndi virka.

Þá leggur hún til að hægt væri að setja miða á glerið í afgreiðslu þar sem fólki væri bent á að taka með sér bæklinga sem lægju aðgengilegir þar sem það geti verið viðkvæmt að rétta fólki þá. Margrét segir að bæklingurinn *Réttur þinn* sem skrifaður var af henni sjálfri og gefinn út af Jafnréttisstofu árið 2010 hafi reynst gríðarlega vel. Það er margbúið að endurprenta bæklinginn en hann inniheldur ýmsar gagnlegar upplýsingar sem ætlaðar eru erlendum konum búsettum á Íslandi. Þar er meðal annars að finna upplýsingar um skilnað, forsjá barna, ofbeldi í nánum samböndum og margt fleira. Margrét segir það hafa sýnt sig að þörfin fyrir slíkan upplýsingabækling hafi verið mikil. Hún sér þó ekki fyrir sér að þær konur sem komi í Útlendingastofnun fái í hendurnar *Réttur þinn* bæklinginn:

> Mér finnst ekki passa að konur fái *Réttur þinn* afhentan af því að það er alltof gildislægt en bara það að bæklingurinn sé þar og ég veit það voru heilsugæslustöðvar og félagsþjónustur og svoleiðis sem voru að panta bæklinginn til að hafa hjá sér. Hann á að liggja frammi sem víðast, þó að hann sé ekkert að leysa allt. Svo er auðvitað bæklingurinn *Fyrstu skrefin* en hann var gefinn út 2010... reyndar fyndist mér sjálfsagt að fólk sem kemur til Útlendingastofnunar fái afhent *Fyrstu skrefin* mér finnst það allt annað, þá er bara þarna „gjörðu svo vel hér er þetta blað og svo áttu að fá þennan bækling“ það er svo lítil fyrirhöfn og er ekkert mál og svona.

Samkvæmt Karen væri skilvirkast ef fleiri en ein stofnun væri skyld til að upplýsa innflytjendur. Fólk vissi þá frekar hvert best væri að leita í hverju tilviki fyrir sig og það myndi þar af leiðandi auðvelda mjög alla upplýsingaöflun. Hún telur það vænlegast ef fræðslan færi fram hjá Útlendingastofnun, sýslumanni og stéttarfélögum. Útlendingastofnun myndi þá fræða fólk um lög er varða innflytjendur og ýmislegt er varðar íslenskt samfélag og réttindi innflytjenda. Samkvæmt henni er mun áhrifaríkara að mæta á fyrirlestur þar sem fólk getur fengið spurningum sínum svarað jafnóðum í stað þess að fá upplýsingarnar á lesmáli. Sýslumaður sæi um að fræða innflytjendur varðandi ferli og lög um hjónaband og skilnað og

stéttarfélagið um allt er viðkemur réttindum og skyldum á vinnumarkaði. Samkvæmt henni væri mjög gagnlegt ef Útlendingastofnun væri með skyldunámskeið eða fyrirlestur (lectures), einn dag og svo einn dagur hjá sýslumanni og einn hjá stéttafélaginu. Karen segir frá því hvernig hún var svikin um laun en hún hafði unnið í nokkra mánuði áður en hún komst að því. Hún leitaði þá aðstoðar hjá stéttarfélagi sínu sem hún segist hafa brugðist vel við og hún hafi fengið peningana sem vinnuveitendur hennar skulduðu henni. Vegna þessarar reynslu sinnar telur hún mikilvægt að útlendingar þurfi að mæta á fræðslufund hjá stéttarfélögum þar sem farið yrði yfir réttindi, skyldur og launamál. Um þessa hugmynd Karenar að skilvirkast væri ef Útlendingastofnun, sýslumaður og stéttarfélög væru með fræðslu fyrir innflytjendur segir Margrét:

> Ég sé alveg vandamál við þessa margskiptu fræðslu. Það kemur einhver til mín sem hefur verið brotið á í vinnunni og þá segi ég honum auðvitað hver réttindin eru, hverjar reglurnar eru bara samkvæmt lögum. Síðan það að hann geti farið til stéttarfélagsins og stéttarfélagið sé með lögræðing á sínum snærum til dæmis, ef það þarf lögfræðinga eða þá bara að það geti fengið aðstoð við að ná fram rétti sínum.

Margrét segir það ekki heppilegt að fólk þurfi að leita víða heldur frekar að fræðslan yrði á einum stað þar sem fólki svo væri frekar bent á hvert hægt væri að leita varðandi hin ýmsu mál. Hún segir stóran hluta af sínu starfi felast í því að reyna að vekja traust fólks bæði til lögreglu og stéttarfélaga. Oft viti fólk ekki hvaða hlutverki stéttarfélög gegna hér á landi því í mörgum löndum eru þau bara glæpafélög. Sumir eru líka vanir allt öðruvísi andrúmslofti á vinnustaðnum segir Margrét og segist vita af fólki sem varla þori að yrða á yfirmenn sína. Hún segist líka vita til þess að fólk hafi ekki þorað að taka sér frí vegna veikinda barna sinna af ótta við að vera rekið. Margrét er þeirrar skoðunar að ekki sé ráðlegt að hafa samfélagsfræðslu á hendi einkaaðila. Þetta þarf að vera markvisst tekur hún fram og veltir fyrir sér hvernig best væri að slíkri fræðslu staðið:

> Fyrst þyrfti að útbúa efnið, þjálfa svo ákveðna aðila og fela einhverjum að sjá um þetta...og svo er auðvitað spurningin sko hvernig er hægt að gera þetta. Á þá hver og einn til dæmis að fá upplýsingar um að honum sé skylt að sækja námskeið eða samfélagsfræðslu innan einhvers ákveðins tíma? Innan til dæmis tveggja mánaða frá því þú kemur til landsins og síðan sé fræðslan veitt einu sinni í mánuði? Við gætum alveg ráðið við höfuðborgarsvæðið og Akranes og Reykjanes. Það væri hægt að ferðast um landið en þá er bara spurningin, það væri líka hægt að segja: Samfélagsfræðsla er veitt á Akureyri þessa daga, þú veist, kannski fjórum sinnum á ári eða eitthvað álíka.

Margrét segir mikilvægt að kennsluefnið sé útbúið af einhverjum fagaðila sem svo hefur eftirlit með hvernig fræðslan færi fram. Hún leggur áherslu á að efnið þurfi að vera samræmt og örugglega rétt og uppfært. Varðandi það hver best sé til þess fallinn að sjá um fræðsluna leggur Margrét til að sérfræðingur á sviði innflytendamála með ráðgjafarhóp á bakvið sig útbyggi efnið. Sem dæmi nefnir hún Fjölmenningarsetur og ráðgjafahóp sem innihéldi fulltrúa frá til dæmis félagi kvenna af erlendum uppruna, Mannréttindaskrifstofu Íslands, Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur, lögreglunni, Útlendingastofnun og sýslumanni.

Karen er þeirrar skoðunar að með því að fræða innflytjendur geti stofnanir bæði bætt orðspor sitt og auðveldað um leið vinnu sína. Sjálf hefur hún reynslu af því að hafa verið mötuð á röngum upplýsingum og að hafa ekki fengið þau laun sem henni bar á vinnustað. Hún stóð einnig í erfiðum skilnaði. Hún bendir á að það sé erfitt að þurfa að verða sér úti um upplýsingar og um hvert eigi að leita þegar manneskjan hefur þegar lent í erfiðum aðstæðum og það sé þá sem fólk verði pirrað og komi þar með óorði á stofnanir eins og Útlendingastofnun:

> Við þurfum að hætta að líta á Útlendingastofnum sem þetta ljóta skrímsli. Því það er þannig sem við sjáum Útlendingastofnun. Ríkisstjórnin er að fara svo rangt að þessu, lætur okkur, eins og, „æ látum þau sjálf finna út úr þessu“, og það er þess vegna sem við, „oh ég hata þetta fólk“. Hvers vegna?...Upplýsið mig áður en ég ana út í hlutina svo ég viti eitthvað. Þegar ég þarf að takast á við hlutina þá hugsa ég, „ok. Ég þarf að gera þetta, og þetta og þetta“.

Sigurbjörg Rut Hoffritz segir að auðvitað sé alltaf mikilvægt að bæta orðsporið og það sé alltaf hægt að bæta sig. Það til dæmis að hengja upp veggspjöld og hafa bæklinga aðgengilega krefðist lítillar fyrirhafnar og kostnaðar en væri mikilvægt skref í átt að betri upplýsingamiðlun.

Tvær konur, Laura og Maria, töluðu um að á Útlendingastofnun hefði ekki verið á þær yrt þegar þær komu þangað til að sækja um dvalarleyfi. Eiginmenn þeirra beggja voru með þeim og var einungis talað við þá. Laura sagði það í raun átakanlegt að eiginmenn geti sótt um dvalarleyfi og talað fyrir konurnar og á meðan bíði þær afskiptalausar. Báðar þessar konur tala reiprennandi ensku og telja það furðu sæta að þær, sem voru að sækja um dvalarleyfið, voru einskis spurðar og ekki á þær yrt. Sigurbjörg Rut segir að þetta sé bæði mikilvægt og auðvelt að bæta. Hún bendir á að ástæðuna fyrir því að einungis var yrt á maka konunnar megi mjög líklega rekja til þeirrar staðreyndar að hann hafi talað íslensku. Hún segir að það

sé þó auðvelt að spyrja nokkurra spurninga og að það sé yfirleitt gert ef starfsfólkinu finnist eitthvað líta óeðlilega út. Hún bætir við:

> Eins og það er auðvitað búin að vera vitundarvakning um mansal í samfélaginu almennt og við höfum fengið fræðslu um það hér og þau sem vinna í afgreiðslunni líka og það var alveg merkjanlegur munur eftir bara smá fræðslu. Af því ég sé um þann málaflokk hér að þá, tilkynningar eins og „heyrðu þessi hér kom með manninum, hann hélt henni fyrir aftan sig og hélt á vegabréfinu hennar“. Allt svona, smápunktar þannig að við erum vakandi fyrir því.

Laura, sem flutti frá heimalandinu í lítið bæjarfélag út á landi, er þeirrar skoðunar að út á landi, á litlum sýslumannsskrifstofum, þyrfti að vera til DVD diskur til að sýna konum. Eftir áhorfið fengju þær svo viðtal leggur hún til. Í viðtalinu yrðu þær spurðar út í mynddiskinn, hvort þær hafi skilið upplýsingarnar og hvort þær hefðu einhverjar spurningar.

Sú hugmynd að útbúa fræðsluefni á DVD disk hefur áður komið fram, meðal annars í skýrslunni *Málefni útlendinga utan EES* sem innanríkisráðuneytið gaf út árið 2012. Aðspurð um þá hugmynd segir Sigurbjörg Rut:

> Mér finnst þetta frábær hugmynd með DVD að þú getur sest hérna inn í herbergi ...en það yrði að vera annars staðar en hér [Útlendingastofnun]. Við erum ekki með neitt pláss heldur. Ég veit ekki hvar það ætti að vera. En það getur svo sem verið að við séum að fara að flytja. Þannig að þá gæti það svo sem verið. Kannski, ef það er hægt að setja það á netið, tala nú ekki um það …

Margrét segir að sér hafi alltaf fundist þessi DVD hugmynd vera mjög góð. Hún tekur fram að efnið yrði þá að innihalda réttar upplýsingar, vera útbúið af sérfræðingum á sviði innflytjendamála og vera á nokkrum tungumálum. Hún segir:

> ...þá er þessi fræðsla ekki veitt af Útlendingastofnun. Ekki þannig, en þú færð hana um leið og þú kemur á þennan stað...en þá þarf fólk að vita af því að það þarf að gera ráð fyrir ákveðnum tíma í þetta, að þú ert ekki bara að skreppa inn í myndatökuna en það yrði örugglega lítið mál að koma þeim upplýsingum á framfæri en já, það myndi leysa reyndar mjög mikið því þá þyrfti jafnvel ekki svo mikið að senda þetta um landið. En mögulega gætu sýslumenn verið með á sínum skrifstofum DVD diska og þá væri hægt að taka upp, í staðinn fyrir að væri einhver manneskja alltaf að framkvæma fræðsluna á ákveðnum fresti. Þá væri þetta bara tekið upp og síðan horfirðu bara á og svo er eitt i því að það þyrfti þá auðvitað að uppfæra það en það er minna mál.

Hún heldur áfram:

> Þar er líka hægt að benda á að til dæmis hjá Útlendingastofnun liggur frammi ýmislegt efni og þá veistu kannski þó þú sért að labba út og með ekkert í höndunum þá veistu að ef ég fer á Útlendingastofnun þá get ég kannski fundið eitthvað þar sem segir mér hvert

ég geti leitað. Í þessari fræðslu þá er hægt að sýna ýmislegt eins og hér eru upplýsingar, hér er til dæmis bæklingur sem heitir *Réttur þinn* hann er á ýmsum tungumálum, hann fjallar um réttindi erlendra kvenna og bara setja þetta inní án þess að þetta sé þú veist allir eru í ofbeldi og það er svo margt sem þarf líka að gefa upplýsingar um eins og réttindi á vinnumarkaði og allt þetta. Og það er reyndar aldrei þannig að það sé tæmandi. Það þarf bara að gefa fólki almennar upplýsingar þannig að það fái þá ákveðna innsýn í hvert það geti leitað og hver staðan er hér í dag.

Aðspurð um það hvort hún héldi að til greina kæmi að setja í lög um útlendinga ákvæði um fræðsluskyldu þar sem fram kæmu helstu upplýsingar um ýmis úrræði sem í boði eru fyrir innflytjendur og hvert leita eigi í neyðartilvikum veltir Sigurbjörg Rut því fyrir sér hvort slíkt eigi heima í lögum. Að minnsta kosti þyrfti að fara varlega í að setja slíkt lagagákvæði og margt sem þyrfti að skoða segir hún.

4.4.3 Gagnlegar upplýsingar

Aðspurðar um hvaða upplýsingar þeim þætti mikilvægt að kæmu fram nefndu konurnar allar að fræða þyrfti um lög og réttindi er varða innflytjendur.

Sara og Eva nefndu báðar í því samhengi að konur þyrftu að vita rétt sinn við skilnað þar sem að ofbeldismenn noti hótanir um að við skilnað verði konum vísað úr landi.

Einnig nefndu þær flestar mikilvægi þess að vita hvert hægt er að leita í neyðartilfellum og hverskonar félagslegan stuðning konur sem eru í ofbeldissamböndum geti fengið. Eva nefnir að konur með börn þurfi sérstaklega á stuðningi að halda og vitneskju um hvert þær geti leitað og hvar dvalið ef þær þurfa að koma sér burt frá ofbeldismanni.

Sara talar einnig um mikilvægi þess að fá upplýsingar um réttindi sín. Hún segist ekki hafa vitað mikið um réttindi kvenna hér á landi þar sem staðan sé allt önnur í hennar heimalandi hvað það varðar. Hún mælir með að sagt sé frá starfsemi Félagsþjónustunnar hvað varðar fjárhagslegan stuðning því konur geti átt erfitt með að koma sér úr ofbeldissambandi vegna þess að þær eru fjárhagslega háðar makanum. Henni finnst einnig að upplýsa þurfi konur um lög um lögheimili. Hún talar um að það hafi skapað henni vandræði við skilnaðinn að hafa ekki getað fært lögheimili sitt og barnanna því barnsfaðir hennar neitaði að skrifa undir samþykki þess að færa lögheimili barnanna. Vegna þessa segist hún hafa verið föst þar í marga mánuði. Þó að hún beri ábyrgð á börnunum dags daglega hefur maðurinn nýtt sér að þau hafa sameiginlega forsjá, í þeim tilgangi að stjórna lífi hennar og barnanna. Hún nefnir einnig að þrátt fyrir umgengnissamning þá sé ekkert tryggt í þeim efnum:

> Hann á að vera með þau aðra hverja helgi en ef hann ákveður að gera það ekki þá er ekkert sem ég get gert. Hann gerir það sem honum sýnist. Hann getur bara gert það sem hentar honum. Þetta er ofbeldi... Jafnvel þó konur fái skilnað. Hann heldur áfram að beita andlegu ofbeldi.

Karen telur einnig mikilvægt að konur fái upplýsingar um þær leiðir og úrræði sem hjálpa konum að komast úr ofbeldissamböndum. Hún tekur fram að það sé erfitt að þurfa að standa í því að afla sér upplýsinga og vita ekkert hvert eigi að leita í neyð þegar manneskjan er komin í þá aðstöðu. Eins og hún bendir á þá er það alltaf álag að standa í skilnaði. Þegar ofan á það bætist að þú ert útlendingur sem ert að standa í skilnaði við ofbeldismann þá eykst álagið. Þá væri gott að hafa fengið upplýsingar um til dæmis hvað skilnaðarferlið felur í sér, og eins um úrræði eins og Kvennaathvarfið og upplýsingar um viðbrögð lögreglu varðandi heimilisofbeldi.

Maria segir það mikilvægt að erlendar konur séu upplýstar um það að hér á landi ríki jafnrétti karla og kvenna. Hún bendir á að það þurfi mikið hugrekki til að taka þetta skref úr ofbeldissambandinu og að yfirgefa heimili sitt. Hún telur fræðslu í sjálfu sér ekki endilega verða til þess að konur myndu slíta sig fyrr frá ofbeldisaðilanum en vitneskjan um að konur hefðu sama rétt og karlkyns maki þeirra gæti þó hjálpað þeim að taka ákvörðun. Hún er þeirrar skoðunar að ef konur vissu meira um sinn rétt þá ættu þær auðveldara með að standa með sjálfum sér og setja ofbeldismanninum mörk. Samkvæmt henni myndu karlarnir líka frekar reyna að halda sig á mottunni ef þeir vissu að konurnar hefðu fengið upplýsingar um sinn rétt.

Maria, Eva, Sara og Tina höfðu allar á orði að það þyrfti einnig að fræða íslensku eiginmennina. Mariu finnst að karlarnir ættu að fá upplýsingar um að lögin virka ekki þannig að þeir hafi allan rétt. Hún telur að oft viti þeir sjálfir ekki betur. Sara telur að ef eiginmennirnir kæmu með í fræðslu þá kannski myndu þeir koma betur fram við konuna sína. Samkvæmt Evu kæmi fræðsla fyrir eiginmennina mögulega í veg fyrir að þeir gætu, að minnsta kosti að einhverju leiti, nýtt sér kunnáttuleysi kvennanna og notað hótanir á borð við þá að fari konan frá sér eða tali um ofbeldið þá missi hún dvalarleyfið. Hún segir eiginmann sinn stundum hafa nýtt sér þekkingarskort hennar og kunnáttuleysi. Hún myndi því vilja að þeir séu upplýstir í viðurvist kvennana til dæmis um jafnrétti kynjanna. Ef þau fengju upplýsingar á sama tíma þá gæti hann síður notað það gegn konunni finnst henni, þar sem hann varð vitni að hennar fræðslu sem hann svo fékk um leið. Bæði Karen og Laura taka

hinsvegar fram að það sé mikilvægt fyrir konur að fá fræðslu eða viðtal þar sem eiginmenn þeirra séu fjarri. Laura nefnir í því samhengi póstbrúðir (*e. mail order brides*), mansal og allar þær konur sem beittar eru ofbeldi. Ef makinn væri viðstaddur kæmi það samkvæmt henni frekar í veg fyrir að konan myndi spyrja og ræða hluti sem tengst gætu ofbeldinu. Hún talar um að seinni barnsfaðir sinn hafi oft á tíðum nýtt sér vanþekkingu hennar:

> ...hann kunni algjörlega á kerfið. Eins og núna, þegar ég lít til baka. Hann hlýtur að hafa eytt góðum tíma í að kynna sér hvernig hann gæti leitt mig í gildru og ég meina, staðan sem við erum í núna, hún er svona vegna þess að hann kunni inná hlutina, kunni algjörlega á kerfið.

Hún segir það mikilvægt að fræða innflytjendur um hvað felist í því að giftast eða skrá sig i sambúð með íslenskum ríkisborgara og hvaða reglur gilda um skilnað og forsjá barna. Hún segist hafa verið hrædd við óvissuna og að hún hefði viljað vita hvað tekur við þegar ákveðið er að slíta sambandinu. Þar sem ofbeldismenn nota lögin gegn konum til að stjórna þeim og hræða sé því mikilvægt að þær búi yfir þeirri vitneskju að vita í það minnsta hvert þær geti leitað.

Maria leggur einnig áherslu á mikilvægi þess að konur viti hvert hægt sé að leita í neyðartilvikum:

> Hvað ef allt endar á versta veg og við endum sem einstæðar mæður hér á landi? Hvað getum við gert? Ég held við yrðum að sækja um ríkisborgararéttinn til að fá að vera hér áfram og ala upp börnin okkar hér. Aðstoð frá félagsþjónustu. Það þarf að láta konur vita hvert þær geta leitað. Hvaða réttindi þær hafa. Það myndi hjálpa þeim að taka ávörðun. Annars búa þær aðeins við ótta.

Karen segist ekki hafa vitað nóg um réttindi sín hér á landi eða hvert hún gæti leitað og það hefði haft þau áhrif að hún bjó við ofbeldið í fimm ár. Aðspurð um hvort hún héldi að það hefði breytt einhverju hefði hún verið upplýst fyrr um réttindi sín og skyldur og hin ýmsu úrræði svarar hún:

> Algjörlega. Ef ég hefði búið yfir þeim upplýsingum sem ég hef nú þá hefði það haft mikil áhrif á líf mitt. Ég hefði farið miklu fyrr. Ég hefði ekki þurft að ganga í gegnum allt þetta rugl og vesen ef ég hefði vitað. Nei. Það er mikilvægt að fá upplýsingar i byrjun því það á enginn að þurfa að búa við ofbeldi. Bara alls ekki.

5 Samantekt og umræður

Markmið rannsóknar minnar var að varpa ljósi á stöðu innflytjendakvenna á Íslandi sem búa við ofbeldi maka og þær lagalegu, efnahagslegu og félagslegu hindranir sem þær mæta. Aðalmarkmiðið var að grafast fyrir um mikilvægi samfélagsfræðslu fyrir innflytjendur samkvæmt upplifun viðmælenda minna.

Þegar ég hóf rannsóknina lagði ég upp með ákveðnar spurningar. Mig langaði að skoða hvað konurnar teldu, sem innflytjendur, vera helstu hindranir við að komast út úr ofbeldissamböndum; hvaða upplýsingar þær hefðu haft um íslenskt samfélag áður en þær fluttu hingað til lands; hvaðan þær hefðu fengið upplýsingar; hvort þær vissu af ýmsum úrræðum sem þær hefðu þurft á að halda og hvort þær vissu hvert hægt væri að leita í neyðartilvikum. Til að mæta aðalmarkmiði rannsóknar minnar vildi ég fá álit viðmælenda minna á að skylda innflytjendur til að sækja samfélagsfræðslu við komuna til Íslands. Ég var forvitin um hvar og hvernig þær teldu best að slík fræðsla færi fram og hvaða upplýsingar þeim þætti mikilvægt að kæmu fram í slíkri fræðslu. Mér fannst líka mikilvægt að fá álit sérfræðinga á sviði innflytjendamála. Ég ræddi því einnig við Sigurbjörgu Rut Hoffritz, lögfræðing hjá Útlendingastofnun og Margréti Steinarsdóttur, lögfræðing hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands til að fá álit þeirra á mikilvægi slíkrar fræðslu.

Í þessum kafla mun ég setja fram helstu niðurstöður rannsóknarinnar og tengja þær við fræðilega umfjöllun.

Þær innflytjendakonur sem rætt var við höfðu við flutninginn hingað til lands haft litla sem enga vitneskju um íslenskt samfélag. Þær urðu sér smátt og smátt úti um upplýsingar, ýmist frá Íslendingum, öðrum innflytjendum eða hinum ýmsu stofnunum. Margar reiddu sig líka á upplýsingar frá eiginmönnum en oft bjuggu þær við rangar eða misvísandi upplýsingar sem hindruðu sumar hverjar í að stíga skrefið úr ofbeldissambandinu. Meðal helstu hindrana sem konurnar nefndu var óttinn við þær hótanir að við skilnað yrði þeim vísað úr landi, óvissan um rétt sinn hvað varðar börnin, áhyggjur af fjármálum og dvalarstað og vanþekking á úrræðum fyrir konur í þeirra stöðu.

Niðurstöður rannsóknarinnar hvað varðar hindranir eru í takt við aðrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á aðstæðum innflytjendakvenna í ofbeldissamböndum. Eins og komið

hefur fram í bæði íslenskum og erlendum rannsóknum þá eiga konur oft erfitt með að taka skrefið úr ofbeldissamböndum því þær eru hræddar við að missa dvalarleyfið (Crenshaw, 2003; Erez og aðrir, 2009; Hildur Guðmundsdóttir, 2012; Menjívar og Salcido, 2002). Þær konur sem rætt var við í þessari rannsókn nefndu flestar að óttinn við að missa dvalarleyfið og vera vísað úr landi við skilnað hafi reynst þeim hindrun við að taka skrefið út úr ofbeldissambandinu. Í lögum um útlendinga er að finna mikilvægt ákvæði, viðbót frá árinu 2008, þess efnis að dvalarleyfi megi veita þrátt fyrir sambúðar- eða hjúskaparslit ef útlendingur eða barn hans hefur orðið fyrir misnotkun eða ofbeldi. Tekið er fram að reynt skuli að sýna fram á misnotkunina eða ofbeldið eftir fremsta megni. Meðal sönnunargagna má nefna, auk framburðar viðkomandi, skýrslur frá lögreglu, sjúkrahúsum eða öðrum stofnunum (Lög nr. 96/2002). Það er mikilvægt að konur viti af þessu ákvæði. Hafa verður í huga að margar konur eiga erfitt með að nálgast þau gögn sem krafist er til sönnunnar því að ofbeldið hafi átt sér stað. Þær vita ekki af þeim, vita ekki hvert eigi að leita eða hafa ekki kjark til að leita þeirra.

Í niðurstöðum kemur fram mikilvægi þess að konur viti af rétti sínum til að kalla á lögreglu. Í sumum löndum tíðkast ekki að kalla til lögreglu vegna heimilisofbeldis þar sem á það er litið sem einkamál fólks. (Menjivar og Salcido, 2002). Þrjár kvennanna í þessari rannsókn sögðu það ekki hafa komið til greina af þeirra hálfu að hringja á lögreglu til að leita hjálpar. Þær voru hræddar við að vera vísað úr landi og þær töldu að ekkert yrði að gert því ofbeldið teldist einkamál hjóna eða para.

Í samtölum um hindranir innflytjendakvenna við að slíta ofbeldissambandi minntust flestar konurnar einnig á óöryggi sitt varðandi jafna stöðu og rétt kvenna og karla í íslensku samfélagi. Fram kom hjá nokkrum viðmælenda að þetta óöryggi leiddi til þess að þær ættu erfiðara með að standa með sjálfum sér því þær vissu ekki nóg um rétt sinn. Einhverjar töldu sig hafa minni rétt eða völd á heimilinu sem konur og sem útlendingar sem gerði þeim erfiðara að taka skrefið frá ofbeldismanninum.

Ein kvennanna sagðist hafa átt erfitt með að greina á milli þess hvort um væri að ræða andlegt ofbeldi eða ekki. Bæði er oft erfitt að átta sig á því lúmska ofbeldi sem andlegt ofbeldi er og viðhorf til ofbeldis er oft ólíkt milli landa. Viðmælendur í rannsóknum hafa talað um að skömmin sem fólgin er í því að opinbera ofbeldið sé oft mikil. Konur vilja ekki sverta

mannorð fjölskyldu sinnar sem þegar mætir fordómum vegna þjóðernis, kynþáttar eða trúarbragða (Crenshaw 1991; Erez og aðrir, 2009).

Konurnar í þessari rannsókn höfðu allar skoðun á því hvaða uplýsingar hefðu komið sér best við flutninginn til Íslands. Þær hugmyndir tengjast mjög svörum þeirra við spurningunni um hindranir við að komast úr ofbeldissambandinu. Konurnar töldu mikilvægt að fá upplýsingar um hvað tæki við eftir skilnað, hvaða rétt þær og börn þeirra hefðu hér á landi eftir skilnað og hvert þær gætu leitað. Viðmælendur allar, nema ein áttu það sameiginlegt að hafa dvalið á einhverjum tímapunkti í Kvennaathvarfinu, ein þeirra oftar en einu sinni og höfðu þær tekið skrefið úr ofbeldissambandinu í framhaldi af dvöl sinni þar. Ein þeirra hafði þó flutt aftur heim til eiginmannsins. Flestar töluðu þær um að í Kvennaathvarfinu hafi þær fengið þann stuðning og þá ráðgjöf sem hafi hvatt þær áfram. Það er athyglivert að konurnar höfðu búið á Íslandi í langan tíma áður en þær vissu af tilvist athvarfsins. Í flestum tilfellum var það lögreglan sem fylgdi eða benti þeim á athvarfið.

Fram kemur í svörum kvennanna að rangar upplýsingar, skortur á upplýsingum og óvissan um lagalegan rétt sinn hafi reynst þeim hindrun við að taka ákvörðun um að slíta sambandinu við ofbeldismanninn. Án vitneskju um úrræðin í samfélaginu svo sem Kvennaathvarfið og félagslega þjónustu kjósa konur að búa við ofbeldið, oft barnanna vegna í þeirri trú að það sé skásti kosturinn í mjög slæmri stöðu.

Allar konurnar sem ég ræddi við voru sammála um að mikilvægt væri að skylda innflytjendur til að mæta á fræðslunámskeið fljótlega eftir komu þeirra til landsins. Allar höfðu þær skoðun á hvar og hvernig best væri að sú fræðsla færi fram. Aðspurðar um hvar æskilegast væri að sú fræðsla færi fram nefndu fjórar af sjö Útlendingastofnun. Bæði Sigurbjörg Rut Hoffritz lögfræðingur hjá Útlendingastofnun og Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands taka undir mikilvægi þess að bjóða uppá skyldufræðslu fyrir útlendinga og því fyrr því betra. Samkvæmt þeim er Útlendingastofnun hinsvegar ekki best til þess fallin að bjóða uppá slíka fræðslu. Þær tóku báðar fram að þar væri þó ýmislegt hægt að bæta hvað varðar upplýsingagjöf. Nefndu þær í því samhengi að það væri fyrirhafnarlítið að hafa upplýsingaefni eins og bæklinga aðgengilega. Ef konur sem koma frá löndum utan EES eru einangraðar í ofbeldissambandi er ekki ólíklegt að Útlendingastofnun sé eini staðurinn eða stofnunin sem konur hafa þurft að koma á. Konur leita ekki auðveldlega þangað eftir upplýsingum eða aðstoð þegar ofbeldismenn hafa ítrekað

hótað því að tilkynna þær til Útlendingastofnunar. Það er þó mikilvægt að tryggja að bæklingar eins og *Fyrstu skrefin* og *Réttur þinn* séu aðgengilegir því eins og Margrét Steinarsdóttir bendir á þá myndi fólk þó vita, þrátt fyrir að hafa ekkert í höndunum, að þar væri hægt að nálgast upplýsingar.

Í viðtölunum kom fram sú skoðun viðmælenda að íslenskt samfélag bjóði upp á góða aðstoð og mörg úrræði fyrir innflytjendur. Vefsíður eru vel skipulagðar og nefndu nokkrar kvennana að auðvelt væri að finna þar upplýsingar en það ætti einungis við ef konur væru menntaðar, hefðu aðgang að þeim upplýsingum og töluðu ensku.

Margar konur sem eru nýfluttar til landsins eru algjörlega háðar eiginmanninum og reiða sig á allar upplýsingar frá honum. Fyrir konur sem flytja til Íslands frá landi utan EES og hefja sambúð með ofbeldismanni getur reynst ansi erfitt og jafnvel ógerlegt að verða sér úti um upplýsingar um þau úrræði sem íslenskt samfélag hefur uppá að bjóða konum í þessari stöðu.

Stjórnvöld hafa lengi ítrekað að eitt mikilvægasta atriðið þegar kemur að aðlögun útlendinga og þátttökuskilyrðum í nýju samfélagi sé að tryggja þeim ítarlegar upplýsingar um íslenskt samfélag, réttindi þeirra og skyldur (Félagsmálaráðuneytið, 2005; Félagsmálaráðuneytið, 2007; Menntamálaráðuneytið, 1997). Áherslan á að hugað sé sérstaklega að þeim konum sem búa við ofbeldi kemur einnig fram (Innanríkisráðuneytið 2012; Menntamálaráðuneytið, 1997). Þá hefur verið lagt til að fræðsla fyrir innflytjendur verði bundin við dvalarleyfi (Hildur Guðmundsdóttir, 2009; Innanríkisráðuneytið 2012). Staðan í dag er samt sem áður sú að hvergi er tryggt að innflytjendur fái fræðslu við komuna til landsins (Félagsmálaráðuneytið, 2005; Rauði Kross Íslands, 2006; Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir, 2010). Ef ætlunin er að fylgja stefnumörkun stjórnvalda er mikilvægt að tryggja að rétt fræðsla sé í boði.

Ein viðmælenda í þessari rannsókn, Laura, sem flutti frá heimalandinu í lítið bæjarfélag út á landi talaði um að á litlum sýslumannsskrifstofum þyrfti að vera til fræðsluefni á DVD disk sem sýndur yrði innflytjendum. Sú hugmynd að útbúa fræðsluefni á DVD disk hefur áður komið fram (Innnríkisráðuneytið, 2012). Bæði Sigurbjörg Rut Hoffritz, lögfræðingur hjá Útlendingastofnun og Margrét Steinarsdóttir, lögfræðingur hjá Mannréttindaskrifstofu Íslands tóku undir þessa hugmynd. Með því móti, eins og þær bentu á, er tiltölulega einfalt að koma fræðslunni á ýmis tungumál og dreifa henni um allt land. Einnig væri töluvert minni

tilkostnaður við slíkt fræðsluefni, til lengri tíma litið, heldur en að halda reglulega námskeið þar sem fólk kæmi saman.

Í dag væri þó einfaldast að dreifa slíku fræðsluefni á netinu. Myndbandi væri hlaðið á youtube þar sem viðeigandi stofnanir og félagasamtök ættu greiðan aðgang að því. Þá væri hægt að sýna það hvar sem er og hvenær sem er svo lengi sem nettenging er til staðar. Þessi útfærsla myndi einnig vera góð leið til að dreifa efninu á samfélagsmiðlum bæði almennt og einnig í hópum eins og til dæmis facebookhóp Samtaka kvenna af erlendum uppruna. Þá gæti myndbandið verið aðgengilegt á vefsíðu Útlendingastofnunar, vefsíðum sýslumannsembætta og stéttarfélaga, vefsíðu Kvennaathvarfsins og víðar. Ég myndi leggja til að slíkt myndband yrði notað sem skyldufræðsla fyrir innflytjendur sem hluti af umsóknarferli dvalarleyfis. Grunnskilyrði fyrir útgáfu dvalarleyfis er meðal annars að umsækjendur mæti í myndatöku hjá Útlendingastofnun eða næsta sýslumannsembætti. Það þarf að gerst innan tveggja vikna frá komu fólks til Íslands. Þá myndi ég leggja til að hluti af þeirri heimsókn færi í að horfa á myndbandið. Það þyrfti ekki að vera langt áhorf en mikilvægt að ákveðnum upplýsingum yrði komið að.

Samkvæmt viðmælendum þesarar rannsóknar væri mikilvægt að sagt yrði frá því að samkvæmt íslenskum lögum skulu allir vera jafnir og njóta mannréttinda óháð þáttum á borð við kynferði, kynhneigð, þjóðerni eða trúarbrögð. Einnig að hér á landi er lögð áhersla á jafna stöðu karla og kvenna og að konur þurfi ekki að láta neitt yfir sig ganga, sem þær ekki vilja. Samkvæmt svörum viðmælenda væri gagnlegt að fá einhverjar upplýsingar um lagalegan rétt innflytjenda og fá að vita í hvaða tilvikum Útlendingastofnun er heimilt að afturkalla dvalarleyfi. Um leið mætti segja frá ákvæðinu þar sem fram kemur að dvalarleyfi megi veita þrátt fyrir sambúðar- eða hjúskaparslit ef útlendingur eða barn hans hefur orðið fyrir misnotkun eða ofbeldi.

Mikilvægt er að benda á að sameiginlegt neyðarnúmer á Íslandi er 112 og að fólk eigi ekki að hika við að hringja finnist því öryggi sínu eða barna sinna ógnað á einhvern hátt. Þá mætti benda fólki á hvert beri að leita í erfiðum aðstæðum og fjalla lítillega um tilgang samtaka eins og Kvennaathvarfs, Stígamóta, Mannréttindaskrifstofu Íslands og Mannréttindaskrifstofu Reykjavíkur. Einnig mætti koma fram að á Íslandi er heimilisofbeldi glæpur sem litið er á sem samfélagslegt vandamál en ekki einkamál para eða hjóna. Þetta eigi við um allar birtingarmyndir ofbeldis.

Þeim einstaklingum sem flytjast hingað til lands og þurfa að reiða sig á annað fólk til að fá dvalarleyfi yrði með þessu móti tryggð fræðsla um íslenskt samfélag og um helstu skyldur sínar og réttindi. Eins og niðurstöður þessarar rannsóknar sýna líður oft langur tími áður en konur fá upplýsingar um rétt sinn og hvert þær geti leitað í neyð. Einangrun kvenna, vanþekking á nýju samfélagi og rangar upplýsingar sem oft eru fengnar í formi hótana frá ofbeldisfullum maka hafa hindrað konur frá því að nálgast aðstoð og upplýsingar. Þetta er mikilvægt að bæta. Tryggja þarf að konur þurfi ekki að reiða sig á upplýsingar, jafnvel rangar upplýsingar, frá mökum heldur búi sjálfar yfir mikilvægum upplýsingum um íslenskt samfélag, þau úrræði sem í boði eru og hvert þær geti leitað.

Heimildaskrá

Adelman, M., Erez, E. og Kevorkian, N. (2003). Policing Violence Against Minority Women in Multicultural Societies: "Community" and the Politics of Exclusion. *Police & Society*, *7*, 103-131. Sótt af https://www.ncjrs.gov/pdffiles1/nij/242329.pdf#page=104

Ahmad, F., Driver, N., McNally, M. J., og Stewart, D. E. (2009). Why doesn't she seek help for partner abuse? An exploratory study with South Asian immigrant women. *Social Science & Medicine, 69,* 613-622. Sótt af http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0277953609003712

Alsop, R., Fitzsimons, A. og Lennon, K. (2002). *Theorizing gender*. Oxford: Polity.

Anni G. Haugen. (2009). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og barnaverndar*. Reykjavík: Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd.

Ari Klængur Jónsson, Elsa Arnardóttir og Linda Rós Alfreðsdóttir (ritstjórar). (2011). *Fyrstu skref ríkisborgara utan EES- og EFTA-ríkjanna* (bæklingur). Ísafjörður: Innflytjendaráð. Sótt af http://www.mcc.is/media/frettir/Fyrstu-skrefin-prufa/FS/non_EEA&EFTA_IS_EN_web.pdf

Ari Klængur Jónsson og Elsa Arnardóttir. (2012). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi.* Ísafjörður: Fjölmenningarsetur Sótt af http://www.mcc.is/media/frettir/MCC---Tolfraedilegar-upplysingar-um-erlendarikisborgara-a-Islandi---Uppfaert-skjal-f.-2012-ok-1-copy.pdf.

Ari Klængur Jónsson. (2012). *Fyrirkomulag forsjár barna af erlendum uppruna. Samanburðarrannsókn*. Fjölmenningarsetur og Mannréttindaskrifstofa Íslands. Sótt af https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur2012/Fyrirkomulag_forsjar_barna_af_erlendum_uppruna_samanburdarrannsokn.pdf

Ari Klængur Jónsson. (2013). *Tölfræðilegar upplýsingar um erlenda ríkisborgara og innflytjendur á Íslandi*. Ísafjörður: Fjölmenningarsetur. Sótt af http://www.mcc.is/media/frettir/Tolfraediskyrsla-2013.pdf

Bui, H.N. (2003). Help-Seeking Behavior Among Abused Immigrant Women: A Case of Vietnamese American Women. *Violence Against Women*, *9* (2), 207-239. DOI: 10.1177/1077801202239006

Crenshaw, K. (1991). Mapping the Margins: Intersectionality, Identity Politics, and Violence against Women of Color. *Stanford Law Review* , *43* (6), 1241-1299. DOI: 10.2307/1229039

Crenshaw, K. (2003). Traffic at the Crossroads: Multiple Oppressions. Í Morgan Robin (ritstjóri), *Sisterhood is forever: The women´s anthology for a new millenium*. New York: Washingtom Spuare Press.

Creswell, J.W. (2007). *Qualitative inquiry & research design*: *Choosing among five approaches* (2. Útgáfa). Thousand Oaks: Saga Publications.

Damant, D., Lapierre, S., Kouraga, A., Fortin, A., Brabant, L. H., Lavergne, C. og Lessard, G. (2008). Taking Child Abuse and Mothering Into Account. Intersectional Feminism as an Alternative for the Study of Domestic Violence. *AFFILIA: Journal of Women and Social Work. 23* (2), 123-133. DOI: 10.1177/0886109908314321

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. (1997). *Skýrsla dómsmálaráðherra um orsakir, umfang og afleiðingar heimilisofbeldis og annars ofbeldis gegn konum og börnum*. Reykjavík: Dóms- og kirkjumálaráðuneytið. Sótt af https://www.innanrikisraduneyti.is/media/Skyrslur/Heimilisofbeldi_skyrsla1997.pdf

Ebert, T. L. (1991). The "Difference" of Postmodern Feminism. *College English 53* (8), 886-904. Sótt af http://www.jstor.org/stable/pdf/377692.pdf

Edleson, J. L. (1999). Children´s witnessing of adult domestic violence. *Journal of interpersonal violence 14* (8), 839-870. Doi: 10.1177/088626099014008004

Elísabet Karlsdóttir, og Ásdís A. Arnalds. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Reynsla kvenna á aldrinum 18-80 ára á Íslandi.* Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF). Unnið fyrir félags- og tryggingarráðuneytið.

Erez, E., Adelman, M. og Gregory, C. (2009). Intersections of Immigration and Domestic Violence: Voices of Battered Immigrant Women*. Feminist Criminology 4* (1), 32-56. DOI:10.1177/1557085108325413

Erla Kolbrún Svavarsdóttir (ritstjóri). (2010). *Ofbeldi: Margbreytileg birtingarmynd*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Fantuzzo, J. W., og Mohr, W.K. (1999). Prevalence and Effects of Child Exposure to Domestic Violence. *The Future of Children 9* (3), 21-32. DOI: 10.2307/1602779

Félagsmálaráðuneytið (2005). *Skýrsla nefndar um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi*. Sótt af https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Skyrsla_nefndar_um_adlogun_utlendinga.pdf

Félagsmálaráðuneytið. (2007). *Stefna ríkisstjórnarinnar um aðlögun innflytjenda*. Sótt af https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Stefna_um_adlogun_innflytjenda.pdf

Fjölmenningarsetur. (e.d.). Fjölmenningarsetur. Sótt af http://www.mcc.is/fjolmenningarsetur/

Freedman, E. B. (2002). *No turning back; the history of feminism and the future of Women*. New York: Ballantine Books

Fræðslumiðstöð-atvinnulífsins. (2006). *Landnemaskóli Námsskrá (*2. útgáfa). Sótt af http://www.frae.is/files/LandnemaskBlatt_1982387573.pdf

Guðrún Helga Sederholm. (2010). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum. Þjónusta 11 félagasamtaka*. Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Unnið fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið.

Guðrún Kristinsdóttir (ritstjóri). (2014). *Ofbeldi á heimili: Með augum barna*. Reyjavík: Háskólaútgáfan.

Hagstofa Íslands. (2015, 29. október). *Innflytjendum heldur áfram að fjölga*. Sótt af https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/innflytjendur-og-einstaklingar-med-erlendan-bakgrunn/

Halla Björk Marteinsdóttir (ritstjóri). (2014). *Ársskýrsla 2012-2013*. Barnaverndarstofa. Reykjavík: Barnavernd. Sótt af http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Barnaverndarstofa_2012-2013.pdf

Hildur Guðmundsdóttir. (2009). "*I don´t know how I ended up here with this man": Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið*". Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.

Hildur Guðmundsdóttir. (2012). *,,Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum". Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu? Hvað segja þær um þjónustuna?* Reykjavík: Samtök um kvennanathvarf.

Ingólfur V. Gíslason. (2008). *Ofbeldi í nánum samböndum: Orsakir, afleiðingar, úrræði.* Reykjavík: Félags og tryggingamálaráðuneytið.

Ingólfur V. Gíslason. (2010a). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Lögreglan.* Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna og fjölskylduvernd.

Ingólfur V. Gíslason. (2010b). *Rannsókn á ofbeldi gegn konum: Viðbrögð heilbigðisþjónustunnar.* Reykjavík: Rannsóknasetur í barna og fjölskylduvernd.

Innanríkisráðuneytið (2012). *Skýrsla nefndar um málefni útlendinga utan evrópska efnahagssvæðisins.* Reykjavík: Innanríkisráðuneytið.

Jafnréttishús (2015). Námskeið. Sótt af http://www.jafn.is/naacutemskeieth.html

Jafnréttisstofa (2014). *Réttur þinn Mikilvægar upplýsingar fyrir erlendar konur á Íslandi* (bæklingur). (2. Útgáfa). Reykjavík: Jafnréttisstofa. Sótt af http://jafnretti.is/D10/_Files/ISL-Enska.pdf

Johnson, M. P. (2005). Domestic Violence: It's Not About Gender—Or Is It?. *Journal of Marriage and Family*, *67* (5), 1126–1130. DOI: 10.1111/j.1741-3737.2005.00204.x

Jónína Einarsdóttir Sesselja Th. Ólafsdóttir Geir Gunnlaugsson. (2004). *Heimilisofbeldi gegn börnum á Íslandi höggva-hýða-hirta-hæða-hóta-hafna-hrista-hræða*. Reykjavík: Miðstöð heilsuverndar barna og Umboðsmaður barna. Sótt af https://www.barn.is/media/19098/bok-heimilisofbeldi_gegn_bornum_a_islandi.pdf

Kimmel, M. (2002). “Gender Symmetry” in Domestic Violence: A Substantive and Methodological Research Review. *Violence Against Women 8* (11), 1332-1363. DOI: 10.1177/107780102237407

Kristín Aðalsteinsdóttir, Guðmundur Engilbertsson og Ragnheiður Gunnbjörnsdóttir. (2007). Fjölmenningarleg kennsla í Manitoba í Kanada, í Noregi og á Íslandi. *Tímarit um menntarannsóknir*, *4*(1), 137–156. Sótt af http://fum.is/wp-content/uploads/2010/09/8_kristin_gudmundur_ragnheidur1.pdf

Kristín Loftsdóttir. (2003) Menning, trúarbrögð og hefðir: Kynjaðar orðræður um tvo-þriðju hluta heimsins. Í Einar Sigurbjörnsson (ritstjóri). Ritröð Guðfræðistofnunar-*Studia Theologica Islandica*, *18* (bls. 75-89). Reykjavík: Guðfræðistofnun-Skálholtsútgáfan.

Kvale, Steinar. (1996). *Interviews: An Introduction to Qualitative Research Interviewing*. Thousand Oaks: Sage Publication.

Lapierre, S. (2008). Mothering in the context of domestic violence: The pervasiveness of a deficit model of mothering. *Child and family Social Work, 13* (4), 454-463. DOI: 10.1111/j.1365-2206.2008.00563.x

Liang, B., Goodman L., Tummala-Narra, P. og Weintraub, S. (2005). A Theoretical Framework for Understanding Help-Seeking Processes Among Survivors of Intimate Partner Violence. *American Journal of Community Psychology*, *36* (1), 71-84. DOI: 10.1007/s10464-005-6233-6

Lög um málefni innflytjenda nr. 116/2012.

Lög um útlendinga nr.96/2002.

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2009). *Horft til Framtíðar: Stefnumótun og aðgerðaáætlun í málefnum innflytjenda*. Sótt af http://eldri.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/Skola_og_fristundasvid/Stefnumotun_lokautgafa_23mars.pdf

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2011). *Hvað segja innflytjendur í Reykjavík? Niðurstöður fjölmenningarþings*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/nidurstodur_fjolmenningarthings_2010.pdf

Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar. (2015). *Fjölmenningarþing 2014: Niðurstöður fjölmenningarþings Reykjavíkurborgar 15. nóvember 2014*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/skyrsla_fjolmenningarthings_2014_-_24.11.2015.pdf

Menjívar, C. og Salcido, O. (2002). Immigrant Women and Domestic Violence: Common Experiences in Different Countries. *Gender and Society, 16* (6), 898-920. doi: 10.1177/089124302237894

Menntamálaráðuneytið. (1997). *Um stöðu og þátttöku útlendinga í íslensku samfélagi. Álit nefndar um málefni útlendinga*. Sótt af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_Upplysingar-Utgefid/utlending-skyrsla.pdf

Menntamálaráðuneytið. (2008). *Íslenska með hreim er líka íslenska. Greinargerð verkefnisstjórnar um íslenskukennslu fyrir útlendinga Staða verkefnis í maí 2008*. Sótt af http://www.mcc.is/media/frettir/islenska_med_hreim.pdf

Okin, S. M. (1999). Is Multiculturalism bad for Women? Í Cohen, J., Howard, M., og Nussbaum, M. C., (ritstjórar). *Is Multiculturalism bad for Women?* (bls. 7- 24). New Jersey: Princeton University Press.

Ómar Valdimarsson. (ritstjóri). (2014). *Hvar þrengir að? Könnun á hvaða hópar í samfélaginu eigi helst undir högg að sækja.* Reykjavík: Rauði Krossinn á Íslandi. Sótt af https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvar_threngir_ad_2014--1-.pdf

Pollit, K. (1999). Whose Culture? Í Cohen, J., Howard, M., og Nussbaum, M. C., (ritstjórar), *Is Multiculturalism bad for Women?* (bls. 27-30). New Jersey: Princeton University Press.

Rannveig Sigurvinsdóttir, Erla Hlín Hjálmarsdóttir og Kristín I. Pálsdóttir. (2015). *Saman gegn ofbeldi. Átak Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum. Sótt af https://rikk.hi.is/wp-content/uploads/%C3%81fangask%C3%BDrsla-151019_%C3%81fangask%C3%BDrsla-Saman-gegn-ofbeldi_Fin1.pdf

Rauði Kross Íslands. (2006). *Hvar þrengir að? Könnun á stöðu þeirra sem minnst mega sín í íslensku samfélagi.* Reykjavík: Rauði krossinn á Íslandi. Sótt af https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvarthrengirat_06.pdf

Rauði Kross Íslands. (2010). *Hvar þrengir að?* Skýrsla Rauða kross Íslands 2010. Sótt af https://www.raudikrossinn.is/media/skyrslur/hvar_threngir_ad_2010.pdf

Reykjavíkurborg. (2016). *Skýrsla starfshóps um leiðir til að ná til innflytjenda varðandi heimilisofbeldi*. Sótt af http://reykjavik.is/sites/default/files/lokaskyrsla_starfshops_ofbeldi_innflytjendur.pdf

Ríkisendurskoðun. (2015). *Málefni útlendinga og innflytjenda á Íslandi.* Ríkisendurskoðun. Sótt af http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/utlendingar_innflytjendur.pdf

Samband íslenskra sveitarfélaga. (2009). *Stefnumótun sambands íslenskra sveitafélaga í málefnum innflytjenda*. Sótt af http://www.samband.is/media/stefnumotun-sambandsins/Stefnumotun_innflytjendur.pdf

Samtök kvenna af erlendum uppruna. (2009) W.O.M.E.N. in Iceland. (bæklingur). Reykjavík: Samtök kvenna af erlendum uppruna.

Samtök um kvennaathvarf. (2009). *Ársskýrsla 2009*. Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.

Samtök um kvennaathvarf. (2015). *Ársskýrsla 2015*. Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.

Sigríður Halldórsdóttir (2003). Vancouver skólinn í fyrirbærafræði. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar). *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 249-264). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.

Sokoloff, N. og Dupont, I. (2005). Domestic Violence at the Intersections of Race, Class, and Gender: Challenges and Contributions to Understanding Violence Against Marginalized Women in Diverse Communities. *Violence Against Women 11* (1), 38-64. DOI: 10.1177/1077801204271476

Song, S. (2005). Majority Norms, Multiculturalism, and Gender Equality. *The American Political Science Review*, *99* (4), 473-489. Sótt af http://www.jstor.org/stable/30038959

Stanley, N., Miller, P. og Foster, H.R. (2012). Engaging with children´s and parents´ perspectives on domestic violence. *Child and Family Social Work*, *17* (2), 192-201. DOI: 10.1111/j.1365-2206.2012.00832.x

Taylor, S. J., og Bogdan, R. (1998). *An introductions to Qualitative Research Methods; A Guidebook and Resource*. (3. útgáfa). New York: John Wiley og Sons.

Ting, L. og Panchanadeswaran, S. (2009). Barriers to Help-Seeking Among Immigrant African Women Survivors of Partner Abuse: Listening to Women's Own Voices. *Journal of Aggression, Maltreatment & Trauma*, *18* (8), 817-838. Sótt af http://dx.doi.org/10.1080/10926770903291795

Unnur Dís Skaptadóttir og Helga Ólafsdóttir. (2010). *Komið til móts við fjölbreytileika: Fullorðinsfræðsla fyrir innflytjendur og samþætting*. Í Ingvar Sigurgeirsson (ritstjóri). *Ráðstefnurit Netlu. Menntakvika 2010*, grein 024. Sótt af http://netla.hi.is/menntakvika2010/024.pdf

Unnur Dís Skaptadóttir. (2004). Fjölmenning á ferð og flugi. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri), *Rannsóknir í félagsvísindum V.* (Bls. 585-592). Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun, Háskólaútgáfan.
Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/8625/23463/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindadeild_2004.pdf

Útlendingastofnun. (e.d.). *Ársskýrsla 2014*. Sótt af http://utl.is/files/rsskrsla_2014.pdf

Útlendingastofnun. (2016). *Afturköllun dvalarleyfis og brottfall dvalarréttar*. Sótt af http://www.utl.is/index.php/afturkoellun-dvalarleyfis-og-brottfall-dvalarrettar

Vala Jónsdóttir, Kristín Erla Harðardóttir og Ragna Benedikta Garðarsdóttir. (2009). *Innflytjendur á Íslandi: Viðhorfskönnun.* Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af https://www.velferdarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Innflytjendur_skyrslaOkt2009.pdf

Volpp. L. (2001). Feminism versus Multiculturalism. *Columbia Law Review*, *101* (5), 1181-1218. Sótt af http://www.jstor.org/stable/1123774

Þingskjal 1151/2007-2008. Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. um útlendinga, nr. 96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Þingskjal 1180/2015-2016. Frumvarp til laga um útlendinga.

Þingskjal 1226/2007-2008. Þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda.

Þingskjal 1299/ 2008. Lög um breytingu á lögum um útlendinga, nr.96 15. maí 2002, með síðari breytingum.

Þingskjal 1382/1997-1998. Skýrsla dómsmálaráðherra um forvarnir gegn heimilisofbeldi, hjálparúrræði fyrir þolendur og meðferðarúrræði fyrir gerendur.

Þingskjal 1467/2016. Lög um útlendinga.

Þingskjal 643/ 2006-2007. Frumvarp til laga um breyting á lögum um íslenskan ríkisborgarárétt, nr. 100 23. desember 1952, með síðari breytingum.

Þingskjal 857/2011-2012. Frumvarp til laga um málefni innflytjenda.

Þorgerður Einarsdóttir. (2004). „Hið vísindalega er pólitískt. Femínismi sem fræðikenning andófs og baráttu“. Í Þoroddur Bjarnason og Helgi Gunnlaugsson(ritstjórar),*Íslensk félagsfræði. Landnám alþjóðlegrar fræðigreinar.* (bls. 200-225). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Þorgerður Einarsdóttir. (2006). Kynjakerfið. Úrelding í augsýn eða viðvarandi. Í Úlfar Hauksson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum VII.* (bls. 445-456). Háskóli Íslands: Félagsvísindastofnun, Háskólaútgáfan.
Sótt af
http://skemman.is/stream/get/1946/8638/23476/1/F%C3%A9lagsv%C3%ADsindab%C3%B3k_2006.pdf

Þóra Árnadóttir. (2013). *Barnaverndartilkynningar sem fela í sér líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum og ofbeldi sem börn verða vitni að.* (Ma ritgerð við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands). Sótt af
http://skemman.is/stream/get/1946/16929/39282/1/%C3%9Eora_Arnadottir-Alveg_loka.pdf

Fylgiskjal 1

Tölvupóstur til Samtaka kvenna af erlendum uppruna

Sæl Angelique,

Ég heiti Ísól Björk Karlsdóttir og er í mastersnámi í félagsfræði við Háskóla Íslands. Ingólfur V. Gíslason er leiðbeinandi minn. Lokaverkefni mitt snýr að konum frá löndum utan EES sem flytja til Íslands vegna maka, íslensks ríkisborgara, og lenda í því að vera beittar heimilisofbeldi. Aðaláhersla verkefnisins er að fjalla um mikilvægi samfélagsfræðslu fyrir útlendinga utan EES landanna, við komuna til Íslands, og uppbyggingu hennar. Mig langar svo að fá álit kvenna af erlendum uppruna á slíkri samfélagfræðslu

Ég er búin að útbúa kynningarbréf á bæði íslensku og ensku. Gætir þú hitt mig við tækifæri? Mig langar að segja þér frá rannsókninni og biðja þig um að aðstoða mig við að finna viðmælendur. Ég gæti þá tekið með mér kynningarbréf fyrir þær konur sem kynnu að hafa áhuga.

Gott væri að geta talað við konur sem hafa reynslu af heimilisofbeldi til að fá þeirra álit og hugmynd að samfélagsfræðslunni. Það er þó ekki alveg skilyrði, væri mjög hjálplegt að fá álit þeirra sem hingað hafa flutt utan ees þó þær hafi ekki verið beittar ofbeldi.

Með von um góðar viðtökur.

Bestu kveðjur

Ísól Björk Karlsdóttir

Fylgiskjal 2

Introduction letter

Dear recipient,

My name is Ísól Björk Karlsdóttir and I am currently writing my master´s thesis in sociology at the University of Iceland. My research is being conducted under the supervision of Dr. Ingólfur V. Gíslason. You may contact my supervisor at 525 4282 or at ivg@hi.is.

The purpose of my study is to shed light on the experiences and on the obstacles immigrant women face who have moved to Iceland to live with their partner, an Icelandic citizen who turns out to be an abuser. The main focus is to examine the importance of informing immigrants who move to Iceland about, for example, their rights under the immigrant laws in Iceland, how to get help in an emergency and about other community resources.

I invite you to take part in my study to help me learn about your opinion and your suggestions on this matter. I would like to ask you about your move to Iceland, your knowledge on the society before you moved here, for example on resources regarding immigrants. More specifically I would like to discuss your perspectives on the access and availability of information and resources and your opinion about obligatory education for immigrants that would take place shortly after their arrival to Iceland, and how this education program might be most effective.

The potential benefits of your participation in this research, include sharing your knowledge and your suggestions on how Icelandic society might improve in informing immigrant women, upon their arrival, about certain things such as their rights under the law, who to contact in an emergency, helpful resources and how to find and access them.

I hope that the results of the research will contribute to improvements that could make it easier for immigrant women in this country to access information and resources that could help them get out of an abusive relationship and start rebuilding their lives.

Participation includes one interview with the researcher and the interviews will take place in December - August 2015. Should you agree to an interview we would find a good place where we can sit down and discuss. The interview should not take more than one hour. I would like to ask for your permission to tape the interview. The interviews will then be copied without your name or other personally identifiable information. In terms of protecting your anonymity pseudonyms will be used and identifying information will be removed from the written results.

The study has been reported to Persónuvernd according to laws no. 77/2000 on privacy and treatment of personal data.

Your participation in this research must be completely voluntary. If you do decide to participate, you have the right to refuse to answer any questions you do not wish to answer. You may withdraw at any time without any consequences or any explanation. If you do withdraw from the study, I will only use the interview data if I receive permission from you to do so.

If you are interested in participating you can contact me directly through my telephone number 618 5542 or through my e-mail: isolbjork@gmail.com

Sincerely,

Ísól Björk Karlsdóttir

Your signature below indicates that you understand the above conditions of participation in this study and that you have had the opportunity to have your questions answered by the researcher.

_____	_____	_____
Name of Participant	*Signature*	*Date*

A copy of this consent will be left with you, and a copy will be taken by the researcher.

Fylgiskjal 3

Kynningarbréf

Ágæti viðtakandi,

Ég heiti Ísól Björk Karlsdóttir og er meistaranemi í Félagsfræði í Háskóla Íslands. (Leiðbeinandi minn er Ingólfur V. Gíslason. Hægt er að hafa sambandi við hann í síma 525 4282 eða í gegnum netfangið ivg@hi.is)

Tilgangur rannsóknar minnar er að varpa ljósi á stöðu erlendra kvenna í ofbeldissamböndum, þeim hindrunum sem þær mæta og aðgangi þeirra að þeim úrræðum sem eru í boði. Aðalmarkmiðið er að fjalla um mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur fljótlega við komuna til landsins um lög sem varða réttindi þeirra, hvaða úrræði eru í boði og hvert best sé að leita í neyðartilvikum.

Ég býð þér að taka þátt í rannsókninni til að fá þitt álit á slíkri fræðslu og hvernig best væri að standa að henni. Mig langar því að spyrja þig um flutning þinn til Íslands, hvaða þekkingu þú hafðir á íslensku samfélagi, til dæmis varðandi réttindi og ýmis úrræði sem í boði eru fyrir innflytjendur. Einnig langar mig að ræða og fá þína upplifun á því hve auðvelt eða erfitt var fyrir þig sem innflytjanda að nálgast upplýsingar og þau úrræði sem þú hafðir þörf fyrir.

Ávinningur þinn af að taka þátt í þessari rannsókn felst í því að láta í ljós þínar skoðanir, sem innflytjanda á Íslandi sem búið hefur við ofbeldi, um hvaða upplysingar eru mikilvægar fyrir innflytjenda og hvernig best væri að slík fræðsla færi fram.

Ég vonast til að niðurstöður rannsóknarinnar muni stuðla að umbótum og auðvelda innflytjendum að nálgast upplýsingar og úrræði sem gætu hjálpað þeim að komast úr ofbeldissamböndum og öðlast betra líf hér á landi.

Þáttaka felur í sér eitt viðtal við rannsakanda. Búast má við að hvert viðtal taki um eina klukkustund og munu þau fara fram í desember – ágúst 2015. Staðsetning er samkomulagsatriði.

Mig langar að fá leyfi þitt til að taka upp viðtalið. Viðtalið verður síðan afritað án þess að nafn eða aðrar persónugreinanlegar upplýsingar komi fram. Rannsóknin hefur verið tilkynnt til Persónuverndar samkvæmt lögum nr. 77/2000 um persónuvernd við meðferð persónulegra upplýsinga og verður nafnleyndar og trúnaðar gætt við vinnslu rannsóknar sem og við birtingu niðurstaðna.

Það er undir þér komið hvort þú samþykkir þáttöku í rannsókninni. Ef þú byrjar en vilt svo hætta þáttöku máttu það hvenær sem er. Þú þarft heldur ekki að svara þeim spurningum sem þú treystir þér ekki til að svara eða vilt ekki svara.
Hafir þú áhuga á þáttöku má hafa samband við mig í síma 618 5542 eða í gegnum netfangið mitt: isolbjork@gmail.com
Virðingarfyllst,
Ísól Björk Karlsdóttir

Ég samþykki hér með að taka þátt í rannsókninni eins og henni er lýst og ég hef fengið tækifæri til að fá svör rannsakanda við þeim spurningum sem ég kann að hafa.

Nafn þáttakanda	*Undirskrift*	*Dagsetning*

Upplýst samþykki er í tvíriti og heldur þáttakandi eftir öðru eintaki af því.

Fylgiskjal 4

Stutt kynning

Kæru konur,

Ég heiti Ísól og er meistaranemi í Félagsfræði í Háskóla Íslands.

Ég er að vinna að lokaverkefninu minu þar sem tilgangurinn er að varpa ljósi á stöðu erlendra kvenna sem hafa verið beittar ofbeldi hér á landi af maka. Aðalmarkmiðið er að fjalla um mikilvægi þess að upplýsa innflytjendur fljótlega við komuna til landsins um lög sem varða réttindi þeirra, hvaða úrræði eru í boði og hvert best sé að leita í neyðartilvikum.

Ég er að leita eftir viðmælendum fyrir rannsóknina mína. Mig langar að fá ykkar álit á slíkri fræðslu og ykkar skoðanir, sem innflytjenda á Íslandi sem búið hafið við ofbeldi, um hvaða upplýsingar eru mikilvægar fyrir innflytjendur og hvernig best væri að slík fræðsla færi fram. Einnig langar mig að ræða og fá þína upplifun á því hve auðvelt eða erfitt var fyrir þig sem innflytjanda að nálgast upplýsingar og þau úrræði sem þú hafðir þörf fyrir.

Hvorki nöfn né aðrar persónugreinanlegar upplýsingar munu koma fram við vinnslu og birtingu rannsóknarinnar.

Hafir þú áhuga á þátttöku má hafa samband við mig í síma 618 5542 eða í gegnum netfangið mitt: isolbjork@gmail.com. Ég mun þá senda þér kynningarbréf með ítarlegum upplýsingum.

Virðingarfyllst,

Ísól Björk Karlsdóttir

Dear ladies,

My name is Ísól and I am currently writing my master´s thesis in sociology at the University of Iceland. The purpose of my study is to shed light on the experiences and on the obstacles immigrant women face who have moved to Iceland to live with their partner, an Icelandic citizen who turns out to be an abuser. The main focus is to examine the importance of informing immigrants who move to Iceland about, for example, their rights under the immigration laws in Iceland, how to get help in an emergency and about other community resources.

I am looking for women to interview for my study. I would like to discuss your perspectives on the access and availability of information and resources and your opinion on how immigrants might best be informed after their arrival to Iceland.

In terms of protecting your anonymity pseudonyms will be used and any identifying information will be removed from the written results.

If you are interested in participating you can contact me directly through my telephone number 618 5542 or through my e-mail: isolbjork@gmail.com I will then send you an introduction letter with more detailed information.

Sincerely,

Ísól Björk Karlsdóttir